skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Vetrardekk

Nýherjablaðið fylgir blaðinu í dag.
Sneisafullt af opnunartilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
23. október 2012
249. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Heillast af köfun

Magdalena Dubik fiðluleikari smitaðist af kafarabakteríunni.

popp 34

Gott og vont

Tónlistin í Il trovatore er framúrskarandi en leikgerðin ekki upp á marga fiska, skrifar Jónas Sen.

menning 26

Hugurinn leitar heim

Veigar Páll er orðinn þreyttur í Noregi og íhugar að koma heim.

sport 30

veðrið í dag



DÁLÍTIL ÉL N-TIL Í dag verður fremur hæg norðlæg átt ríkjandi, víðast 5-10 m/s. Dálítil él N-til en annars úrkomulítið og bjart syðra. Hiti 0-8 stig yfir daginn.

VEÐUR 4

Lögreglan með mansalsmál á nuddstofu til rannsóknar

Lögreglan rannsakar mál kínverskrar konu sem sakar eiganda nuddstofu í borginni um mansal. Útlendingastofnun skoðar málið. Eigandinn var árið 2006 dæmdur til að greiða starfsmanni milljónir í vangoldin laun.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar mál er varðar grun um mansal á kínverskum nuddstofum í borginni. Útlendingastofnun hefur einnig fengið málið inn á sitt borð.

Kínversk kona að nafni Sun Fulan sendi bréf þess efnis í febrúar síðastliðnum að hún og fleiri Kínverjar hefðu verið ráðnir hingað til lands til að vinna á nuddstofum í eigu konu að nafni Lína Jia og eiginmanns hennar, án þess að hafa verið greidd réttmæt laun.

Konan sendi bréfið til Útlendingastofnunar, Sendiráðs Íslands í Kína, lögreglunnar og Félags Kínverja á Íslandi. Hún er nú komin aftur til Kína eftir fjögurra ára dvöl hér á landi.

Sun Fulan tilgreinir í bréfinu að ættingi konunnar, maður að nafni Li Nan, hafi verið læstur inni, vegabréfið hans tekið og honum bannað að hafa samband við umheiminn eftir að hann kom til landsins að vinna á nuddstofunni.

„Ég trúi á réttlætið og lögin, ég bið íslensk yfirvöld um hjálp, um að farið verði eftir íslenskri vinnulöggjöf. […] Einnig vona ég að Li Nan sé bjargað og hann fái greidd laun," segir konan í bréfinu. Þar lýsir hún að henni hafi verið gert að vinna sleitulaust í 14 til 15 klukkustundir á dag á nuddstofunni, bera út blöð og vinna við fasteignir víðs vegar um borgina sem hjónin höfðu keypt. Að sögn konunnar vann hún í fjögur ár á stofunni, frá 2008 til 2012, og fékk eina greiðslu, sem hljóðaði upp á 15.830 kínversk júan, eða um 315 þúsund krónur. Það gerir um 6.500 króna mánaðarlaun.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem mál tengd Línu Jia hafa komið á borð lögreglu. Sýslumaðurinn í Kópavogi ákærði hana árið 2005 fyrir skjalafals sem fólst í að falsa undirskrift kínversks starfsmanns á ráðningarsamning. Hún slapp þá við ákæru vegna mansals þar sem slíkt verður að fela í sér einhvers konar nauðung samkvæmt lögum. Maðurinn sem um ræddi og hún hafði í vinnu kom til Íslands af fúsum og frjálsum vilja.

Morgunblaðið birti viðtal við manninn ári síðar þar sem hann lýsti dvöl sinni á nuddstofunni hjá Línu eins og hann hefði verið í fangelsi. Hún var dæmd til að greiða honum fimm milljónir króna í vangoldin laun og vexti í janúar 2006, en hann hafði fengið rúmlega 8.000 krónur í mánaðarlaun. - sv

Lína neitar

Lína Jia neitar að hafa haft konuna í vinnu og segir hana ljúga. Í samtali við Fréttablaðið viðurkennir hún þó að þekkja hana og vill vita hvar hún sé niður komin í dag. Þegar hún var innt eftir afdrifum mannsins, Li Nan, sleit Lína símtalinu.

MARKINU NÁÐ Hópur fólks hljóp til móts við René Kujan seinni partinn í gær og fylgdi honum á leiðarenda. Meðal þeirra var sundkappinn og Ólympíufarinn Jón Margeir Sverrisson. Kujan sjálfur var himinlifandi þegar áfanganum var náð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sá fram á líf í hjólastól en hljóp í staðinn umhverfis Íslands til styrktar fötluðum:

Ætlar aftur út að hlaupa í dag

30 Kujan hljóp 30 maraþon á jafnmörgum dögum

FÓLK Tékkneska blaðamanninum René Kujan var ákaft fagnað í Elliðaárdalnum í gær þegar hann lauk tæplega 1.300 kílómetra hlaupi sínu umhverfis landið á þrjátíu dögum. Kujan hljóp rúmlega maraþon á hverjum degi og er fyrsti maðurinn til að hlaupa hringinn í kringum Ísland.

„Mér líður frekar vel, ég er hissa á hversu vel þetta gekk," sagði Kujan við komuna á sjötta tímanum í gær eftir að hann faðmaði konu sína.

Kujan lenti í bílslysi fyrir fimm árum og var sagt að hann yrði í hjólastól það sem eftir yrði. Annað hefur komið á daginn og ferðin nú var farin til að safna áheitum til styrktar fötluðu íþróttafólki á Íslandi og í Tékklandi.

Hann hefur komið fimm sinnum til Íslands og finnst gott að hlaupa í kuldanum. Stundum þótti honum samt nóg um. „Á Suðvesturhorninu lenti ég í hræðilegu slagviðri og var átta tíma með maraþonið vegna mótvinds."

Og er hann ekki þreyttur eftur þolraunina? „Jú, en ég held að ég fari nú samt aðeins út að hlaupa á morgun, kannski bara sex eða sjö kílómetra." - sh

Jón Atli Jónasson leikskáld:

Nýtt verk um stöðu Evrópu

LEIKLIST Nýtt leikverk um stöðu Evrópu í dag eftir Jón Atla Jónasson verður frumsýnt í hinu þekkta leikhúsi Schaubühne í Berlín í mars.

JÓN ATLI JÓNASSON

„Þetta er sýning sem ég vinn með leikhúsfólki frá Grikklandi og Spáni, þar sem ástandið er hvað verst í augnablikinu," segir Jón Atli.

Verkið hefur enn ekki fengið nafn en leikstjóri er Falk Richter, einn virtasti leikstjóri og leikskáld Þýskalands. Þetta verður annað frumsýnda verk Jóns Atla á skömmum tíma því Borgarleikhúsið sýnir í lok janúar leikritið Nóttin nærist á deginum.

- fb / sjá síðu 34



SPURNING DAGSINS

Rósa, hristir þetta ekki bara mannskapinn betur saman?

„Jú, fólk var hér einmitt í góðri stemningu í eftirskjálftapartíum um allan bæ eftir stóra skjálftann.“

Rósa Jónsdóttir er einn þeirra Siglfirðinga sem vel hafa fundið fyrir öflugri jarðskjálftahrinu sem hófst norðan af bænum á laugardag.

Forstöðumaður húsafriðunarnefndar gagnrýnir byggingu Þorláksbúðar við Skálholt harðlega í ársskýrslu:

Byggingin frekar sögufölsun en tilgátuhús

SKIPULAGSMÁL Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður húsafriðunarnefndar, gagnrýnir allan málatilbúnað við byggingu Þorláksbúðar við hlið Skálholtskirkju í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2011. Hann spyr hver tilgangurinn sé að taka þá áhættu að skaða umhverfi Skálholts með byggingu húss sem „alls ekki telst vera tilgátuhús“ og ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að jafnstórt hús af þessari gerð hafi staðið áður á þessum stað og „má því halda fram að sé sögufölsun“.

Nikulás Úlfar spyr hvað mönnum gangi til „þegar vaðið er áfram með svo viðkvæmt mál á stað sem er tvímælalaust meðal merkustu staða á Íslandi með hliðsjón af menningarsögu þjóðarinnar […].“

Í röksemdafærslu sinni segir Nikulás að allar viðvaranir og umsagnir fagaðila hafi verið hunsaðar og nefnir til sögunnar, auk húsafriðunarnefndar, Arkitektafélag Íslands og Skipulagsstofnun.

Vegna málsins sagði Hjörleifur Stefánsson, formaður húsafriðunarnefndar, af sér, en ástæða afsagnarinnar var ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra um að fara ekki að tillögu húsafriðunarnefndar um friðun Skálholtskirkju og Skálholtsskóla. Ráðherra hefur ekki áður gengið gegn tillögum húsafriðunarnefndar um friðun. **- shá**

Í SKÁLHOLTI Þorláksbúð stendur nær Skálholtskirkju en gott þykir, að mati margra. FRÉTTABLAÐIÐ/

ALCOA FJARÐAÁL Náttúrustofa Austurlands annaðist mælingar á flúor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Geta haldið búháttum sínum:

Flúor ekki yfir hámörkum

UMHVERFISMÁL Upplýsingar frá Alcoa Fjarðaáli til Matvælastofnunar sýna að magn flúors í heyi í Reyðarfirði var í öllum tilfellum undir hámarksgildum. Í tveimur mælingum af sautján reyndist magn flúors yfir mörkum fyrir mjólkandi kýr. Í báðum tilfellum var um að ræða tún sem hestamenn í Reyðarfirði heyja fyrir hross en mælingarnar eru vel undir hámarksgildum fyrir fóður sem ætlað er hrossum.

Að mati MATS gefa niðurstöðurnar ekki tilefni til að ætla að fólki stafi hætta af neyslu búfjárafurða eða matjurta af svæðinu og ekki ástæða fyrir bændur að breyta búháttum sínum, fóðrun eða beitarvenjum. **- shá**

Samstarf yfir Fossvoginn:

Ræða sundlaug og hjólabrú

SVEITARSTJÓRNIR Borgarráð Reykjavíkur og bæjarráð Kópavogs hafa skipað fulltrúa í tvo starfshópa sem fjalla eiga um sundlaug í Fossvogsdal og gerð hjóla- og göngubrúar yfir Fossvog.

Samkvæmt erindisbréfi brúarhópsins á brúin fyrst og fremst að þjóna vistvænum ferðamáta; gangandi og hjólandi umferð og mögulega strætisvögnum. Sundlaugahópurinn á meðal annars að stinga upp á stöðum fyrir laugina. Báðir hópar eiga að skila niðurstöðum fyrir 1. desember. **- gar**

Ráðhúsið óhentugt til að telja atkvæði

Þrengsli í Ráðhúsi Reykjavíkur urðu til þess að talning tafðist í Reykjavíkurkjördæmi norður. Óvíst hvort talning fer þar aftur fram. Formaður yfirkjörstjórnar segir talninguna hafa gengið vel. Formleg úrslit tilkynnt á mánudag.

KOSNINGAR „Ég mundi segja að þessar kosningar hafi gengið mjög vel fyrir sig,“ segir Katrín Theodórsdóttir, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi norður. Talning gekk hægt í kjördæminu og var ekki lokið fyrr en undir miðnætti á sunnudag. Í öðrum kjördæmum lauk talningu aðfaranótt sunnudagsins.

KATRÍN THEODÓRSDÓTTIR

Katrín segir ástæðuna fyrir töfunum liggja í húsnæðinu. Talið er í sal borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar eru öll húsgögn boltuð niður og ekki hægt að raða þeim upp á nýtt. Þá sé salurinn lítill og mikil þrengsli í honum.

„Þetta gerði það að verkum að við gátum aðeins látið eina spurningu fara í gegn í einu og klárað hana alveg í staðinn fyrir að geta verið með flæði þannig að um leið og fyrsta væri búin væri hægt að setja næstu í gang í hluta salarins eins og gert var í öðrum kjördæmum. Þetta gátum við ekki vegna þessara þrengsla, því annars hefði allt getað farið í rugl.

Þetta gerði það að verkum að þegar búið var að flokka og á meðan verið var að telja, þá sat fólkið aðgerðarlaust í smátíma.“

Fyrir kosningarnar var rætt um að nota tölvur í talningunni vegna þrengslanna. Katrín segir að prófanir hafi sýnt að sú leið var ekki nógu áreiðanleg.

„Við vissum það þegar þessi leið var valin að þetta mundi taka lengri tíma. Þess vegna ákváðum við að í staðinn fyrir að halda fólki kannski fram til hádegis næsta dag að taka hlé um þrjúleytið og fólk fór heim og við mættum aftur til leiks úthvíld um eitt leytið.“

Katrín segir borgarstjórnarsalinn óhentugan, sérstaklega í kosningum eins og þessum þar sem sex spurningar voru á kjörseðlinum.

„Næst munum við hugleiða allverulega hvort Ráðhúsið sé rétti vettvangurinn. Þetta er eitthvað sem við skoðum, en það er hefð fyrir því að nota Ráðhúsið.“

Freyr Ófeigsson, formaður landskjörstjórnar, segir talningu í höndum einstakra kjörstjórna og þær taki sér þann tíma sem þær þurfi. Talningin í Reykjavík norður komi ekki á sitt borð nema kært verði. **kolbeinn@frettabladid.is**

ATKVÆÐI GREIDD Formaður landskjörstjórnar segir þjóðaratkvæðagreiðsluna hafa gengið þokkalega fyrir utan tafir á talningu í Reykjavíkurkjördæmi norður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Úrskurða þarf um endanlega tölu

Freyr Ófeigsson, formaður landskjörstjórnar, segir að landskjörstjórn geti ekki birt úrslit kosninganna eftir því sem talningu vindur fram. „Það er heimasíða hjá landskjörstjórn, en tölur eru ekki birtar fyrr en landskjörstjórn hafa formlega borist niðurstöður og úrskurðað um kærur. Það verður á mánudag.“

Í BÚÐINNI Kaupmáttur dregst örlítið saman milli ágúst og september. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Launavísitalan hækkar:

Kaupmáttur dregst saman

EFNAHAGSMÁL Launavísitalan hækkaði um 0,6 prósent frá fyrri mánuði í september síðastliðnum, að því er fram kemur í nýbirtum tölum Hagstofu Íslands.

Í september stóð vísitalan í 436,3 stigum og hefur hækkað um 5,7 prósent síðastliðna tólf mánuði.

„Vísitala kaupmáttar launa í september er 112,0 stig og lækkaði um 0,2 prósent frá fyrri mánuði,“ segir á vef Hagstofunnar. Tólf mánaða hækkun kaupmáttarvísitölunnar er því 1,4 prósent. **- óká**

Forsetakosningar í BNA:

Æsispennandi á lokasprettinum

BANDARÍKIN Skoðanakannanir í Bandaríkjunum í gær sýndu að Barack Obama forseti væri enn í eilítið betri stöðu en mótframbjóðandinn Mitt Romney. Þeir mættust í nótt í síðustu kappræðunum sín á milli fyrir kosningarnar hinn sjötta nóvember næstkomandi.

Frambjóðendurnir eru hnífjafnir þegar litið er til kannana á landsvísu, en Obama stendur aðeins betur í lykilríkjunum svokölluðu sem munu ráða úrslitum.

Í dag hefst lokaspretturinn og þétt yfirferð Obama og Romney um mikilvægustu ríkin. **- þj**

Þarfnastu meiri orku til daglegra starfa?



Orkulausnir henta einstaklingum sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki, svefnvanda, andlega vanlíðan eða áþekk einkenni. Einnig einstaklingum sem glíma við vefjagigt eða þeim sem vilja komast af stað í þjálfun eftir veikindi af ýmsum toga.

- **Hefst 30. október – 8 vikur**
- **Þri og fim kl. 10:00 eða 15:00**
- **Þjálfun, fræðsla og einstaklingsviðtal.**
- **Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari.**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is

Sjö ítalskir jarðvísindamenn fá sex ára fangelsisdóm í L'Aquila á Ítalíu:

Vöruðu ekki við jarðskjálfta

ÍTALÍA, AP Sjö jarðvísindamenn hafa verið dæmdir í sex ára fangelsi af dómstól í L'Aquila á Ítalíu fyrir að hafa ekki varað fólk nægilega vel við jarðskjálftanum mikla þar í bæ árið 2009, sem kostaði meira en 300 manns lífið.

Vísindamenn um heim allan hafa sagt réttarhöldin vera skrípaleik, enda ráði vísindin ekki yfir neinum þeim aðferðum til að spá af nákvæmni fyrir um jarðskjálfta.

Vísindamennirnir sjö eiga allir sæti í áhættunefnd ríkisins, sem hefur það hlutverk að spá fyrir um og koma í veg fyrir að stórfelld hætta steðji að landsmönnum.

Dómarinn Marco Billi segir reyndar ekki ætlast til þess að vísindamennirnir geti spáð fyrir um jarðskjálfta. Glæpurinn felist hins vegar í því að hafa gert lítið úr þeirri hættu, sem almenningi getur stafað af jarðskjálfta.

Vikurnar áður en skjálftinn, sem mældist 6,3 stig, reið yfir hafði fólk orðið vart við marga smærri skjálfta. Sex dögum fyrir skjálftann kom því áhættunefndin saman og gaf frá sér yfirlýsingu um að hætta á jarðskjálftum væri ekki meiri en endranær. Fyrir var þó vitað að mikil hætta er jafnan af jarðskjálftum á þessum slóðum.

DÓMUR KVEÐINN UPP Marco Billi dómari, hægra megin á myndinni, les upp úrskurð sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endanleg niðurstaða er að vísu ekki komin í dómsmálið, því allar líkur eru á að úrskurðinum verði áfrýjað. **- gb**

Af hverju tryggingar fyrir börn?

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Allir foreldrar vilja að börn þeirra geti notið þess góða sem framtíðin felur í sér. Þess vegna býður TM sérstakar barnatryggingar.

Öruggari framtíð
Barnatrygging TM veitir betri vernd gegn afleiðingum slysa og sjúkdóma en hefðbundin fjölskyldutrygging. Henni er ætlað að bæta tjón sem gæti haft áhrif á framtíðarvelferð barnsins og auðveldar foreldrum og forráðamönnum að tryggja barni sínu lífsgæði verði það fyrir alvarlegum heilsubresti.

Barnatrygging TM er góð vernd sem styður við barnið til framtíðar.

Barnatrygging TM

- *Veitir barninu víðtæka vernd gegn varanlegum afleiðingum slysa og sjúkdóma.*
- *Greiðir dagpeninga og umönnunarbætur vegna langtímaveikinda.*
- *Verndar barnið frá 3 mánaða til 25 ára aldurs.*

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga
Það er stefna TM að samband okkar og viðskiptavina sé langtímasamband, byggt á trausti. Þegar á reynir skipta góð viðbrögð öllu máli. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf því betra.

Á síðustu 13 árum hefur TM 11 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Á **afhverju.tm.is** getur þú séð umsagnir viðskiptavina sem notið hafa þjónustu TM.

Ef eitthvað kemur fyrir, þá viltu vera hjá TM.

TM

Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **afhverju.tm.is**

GENGIÐ 22.10.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,96	124,56
Sterlingspund	198,75	199,71
Evra	161,91	162,81
Dönsk króna	21,705	21,833
Norsk króna	21,905	22,035
Sænsk króna	18,839	18,949
Japanskt jen	1,5525	1,5615
SDR	191,07	192,21

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 223,2333

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný rannsókn sýnir að utangarðsfólki í Reykjavík hafi fjölgað um 34 prósent:

Alls 179 utangarðs í Reykjavík

FÉLAGSMÁL Kortlagning velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á fjölda og högum utangarðsfólks sýnir að í Reykjavík teljast 112 karlar og 64 konur heimilislaus eða utangarðs. Alls fylla þennan hóp 179 manns, en í rannsókninni kemur ekki fram kyn þriggja einstaklinga.

Fólkið er á öllum aldri. Yngsti var 18 ára og sá elsti 75 ára. Flestir voru á aldrinum 21 til 30 ára en litlu færri á aldrinum 51 til 60 ára. Töluvert stór hópur telst hafa verið heimilislaus eða utangarðs í meira en tvö ár. Neysla áfengis og annarra vímuefna skýrir neyð langflestra af þessum 179 manna hópi, bæði karla og kvenna. Þar á eftir voru geðræn vandamál og fjölmargir aðrir þættir taldir en í mun minni mæli.

NÖTURLEGT Aðstæður þeirra sem eru utangarðs eru oft slæmar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í sambærilegri rannsókn 2009 var 121 einstaklingur sem taldist til þessa hóps. Heildarfjöldi hefur því aukist um 32,41% eða um 58 einstaklinga, en skýrsluhöfundar setja fyrirvara um ólíka aðferðafræði við framkvæmd rannsóknanna.

Flestir utangarðsmannanna eru Íslendingar eða tæplega níu af hverjum tíu. Af þeim sem voru af erlendum uppruna voru langflestir frá Póllandi eða tólf alls.

- shá

Fer í 6 mánaða fangelsi:

Gekk tvisvar í skrokk á konu

DÓMSTÓLAR 32 ára maður með sakaferil allt frá árinu 1997 hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir að ganga í tvígang í skrokk á þáverandi sambýliskonu sinni. Fyrri árásin átti sér stað í nóvember 2010 og sú seinni í ágúst í fyrra.

Konan gerði einnig kröfu um 1,5 milljónir króna í bætur, en henni voru dæmdar 300 þúsund krónur, með vöxtum. Dómurinn yfir manninum, sem áður hefur hlotið 10 dóma, var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur. - óká

ROSNEFT Rússneska olíufyrirtækið verður eitt hið stærsta í heimi.

NORDICPHOTOS/AFP

Rosneft kaupir af BP:

Olíurisi verður enn þá stærri

RÚSSLAND Rússneski olíurisinn Rosneft hefur samið um kaup á helmingshlut breska olíurisans BP í olíufyrirtækinu TNK-BP, sem er eitt af stærstu olíufyrirtækjum Rússlands. Rosneft kaupir jafnframt hinn helminginn í TNK-BP af rússneskum auðkýfingum.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur lýst ánægju sinni með þessi viðskipti, enda verður Rosneft þar með eitt af stærstu olíufyrirtækjum heims, en um leið eignast BP nærri tuttugu prósenta hlut í Rosneft. - gb

SKIPULAGSMÁL

Fái vatnshalla á sendiráðið

Bandaríska sendiráðið hefur óskað eftir leyfi til að breyta þaki byggingar sinnar á Laufásvegi þannig að á því verði vatnshalli. Hækka þarf þakið um 60 sentímetra vegna þessa.

DÓMSTÓLAR

Tveir mánuðir fyrir ræktun

24 ára Reykvíkingur fékk fyrir helgi tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir að rækta kannabis í Hafnarfirði. Meðal annars voru 94 plöntur gerðar upptækar.

LEIÐRÉTT

Með frétt um athugasemdir við breytingar á Hljómalindarreitnum í blaðinu í gær birtist teikning af Brynjureitnum svokallaða.

Átján ára í átján mánaða fangelsi

Þrír voru ákærðir fyrir líkamsárás, hótanir og frelsissviptingu þegar þeir í janúar í fyrra réðust á mann í Grafarvogi. Meðal annars bjuggust þeir til að henda honum fram af svölum. Sá yngsti var einnig dæmdur fyrir íkveikju.

DÓMSTÓLAR Átján ára unglingspiltur hefur verið dæmdur til 18 mánaða fangelsisvistar fyrir líkamsárás, frelsissviptingu og íkveikju. Tveir aðrir, 25 og 24 ára, sem einnig voru ákærðir, voru dæmdir til fjögurra og sex mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir frelsissviptingu og umferðarlagabrot. Þeir voru hins vegar sýknaðir af ákæru um líkamsárás.

Pilturinn sem þyngstan dóm hlaut var í október í fyrra dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir aðild sína í svokölluðu Black Pistons-máli. Í því hlutu forsprakki samtakanna og annar til þriggja og hálfs og þriggja ára dóm fyrir að svipta rúmlega tvítugan mann frelsi sínu í maí 2011, misþyrma honum hrottalega og reyna að kúga út úr honum fé.

Árásin sem pilturinn og félagar hans tveir hafa nú verið dæmdir fyrir átti sér stað 15. janúar í fyrra, en þá var sá yngsti á sautjánda aldursári. Þeir eru í ákæru sagðir hafa ráðist á mann í íbúð í Grafarvogi, veist að honum ítrekað með spörkum í líkama hans og höfuð og gert sig líklega til að henda honum fram af svölum íbúðarinnar.

Manninn höfðu þeir svo með sér út í bíl, en voru stöðvaðir af lögreglu á Gullinbrú. Vitni hafði séð til þeirra veitast að manninum á útistigagangi og hvar hann var „dreginn í tökum“ út í bíl og ekið á brott með hann. Vitnið hringdi á lögreglu og gaf upp númerið á bílnum.

Pilturinn var einnig ákærður fyrir að hafa hellt bensíni í og yfir bíl í Reykjanesbæ í fyrrasumar og borið eld að. Eldurinn breiddist út með þeim afleiðingum að bíllinn brann, sem og bílskúrshurð og gafl hússins sem hann stóð upp við.

Sá sem sex mánaða dóm hlaut var einnig kærður fyrir að hafa ekið bílnum frá vettvangi árásarinnar án ökuskírteins og undir áhrifum amfetamíns. Hann var sviptur ökurétti ævilangt.

Þá var þeim sem hlaut fjögurra mánaða dóm gert að sök að hafa í tvígang í byrjun síðasta árs ekið bíl án réttinda og undir áhrifum kannabisefna. Hann missti prófið í tvö ár.

Mennirnir neituðu sök í aðalákærunni sem sneri að árásinni og frelsissviptingunni, en játuðu önnur brot sem þeir voru ákærðir fyrir.

olikr@frettabladid.is

Úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur

„Ákærði […] var á sautjánda ári þegar hann framdi brot sín. Honum hefur verið refsað fimm sinnum til þessa. Hann var sakfelldur fyrir líkamsárás í apríl 2010 og hefur verið refsað tvisvar sinnum fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir fíkniefnabrot. Loks er þess að geta að hann var dæmdur í sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi í október í fyrra fyrir frelsissviptingu. Refsingu ákærða nú ber að tiltaka sem hegningarauka við þann dóm. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem birtur var á vef Dómstólaráðs í gær. Sex mánaða fangelsisdóminn sem vísað er til hlaut pilturinn fyrir aðild sína í svokölluðu Black Pistons-máli þar sem Ríkharð Júlíus Ríkharðsson var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi og Davíð Freyr Rúnarsson í þriggja ára fangelsi fyrir hættulega líkamsárás og frelsissviptingu sem talin var tengjast uppgjöri innan glæpasamtakanna Black Pistons.

STUNDVÍSI Icelandair er sem stendur stundvísasta millilandaflugfélag Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Icelandair efst á lista AEA:

Stundvísasta félag Evrópu

SAMGÖNGUR Icelandair var stundvísast allra evrópskra flugfélaga sem eru í AEA, Evrópusambandi flugfélaga, í alþjóðaflugi í september.

Fram kemur í tilkynningu að félagið hafi verið stundvísast allra í flugi á lengri flugleiðum, með 92,5 prósenta stundvísi, sem og í flugi á styttri og meðallöngum leiðum með 93,9 prósenta stundvísi. „Samanlagt er stundvísin því 93,5 prósent og er félagið númer eitt af 25 alþjóðlegum flugfélögum í þessari mælingu,“ segir í tilkynningu. Í langflugi er Icelandair jafnframt í efsta sæti það sem af er ári með 90,7 prósenta stundvísi. - óká

Framkvæmdastjórn ESB:

Borg tekur við af Dalli hjá ESB

EVRÓPUMÁL Dr. Tonio Borg, utanríkisráðherra Möltu, hefur verið valinn til að koma í stað landa síns, Johns Dalli, sem framkvæmdastjóri heilbrigðis- og neytendamála hjá ESB eftir að sá síðarnefndi neyddist til að segja af sér í síðustu viku vegna tengsla við spillingarmál.

Dalli hefur borið af sér sakir um að hafa tekið þátt í að biðja sænskt fyrirtæki um mútur.

Talsmaður ESB sagði þó að í ljósi málavaxta hafi Dalli ekki verið sætt í stóli. - þj

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

SVALT Á NÆSTUNNI Veðurútlitið er ágætt fyrir næstu daga, vindur yfirleitt hægur og úrkoma í lágmarki. Hins vegar fer heldur kólnandi og má búast við stöku éljum um norðanvert landið.



HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	20°
Berlín	14°
Billund	10°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	27°
London	16°
Mallorca	25°
New York	19°
Orlando	28°
Ósló	7°
París	16°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Náttúrulegt samband

ÍSLENSKA SÍA LISTOY 61529 10/12

Prius Plug-in er hinn fullkomni borgarbíll því að þú getur ekið honum allt að 25 km* á rafmagni eingöngu. Þú þarft bara að hlaða hann reglulega og þá getur þú hreinlega sagt bless við bensínstöðina.

Prius Plug-in státar af öflugri Lithium-ion rafhlöðu. Þú setur hann í samband og hleður á einum og hálfum tíma. Þegar rafmagnið klárast tekur bensínhreyfillinn við og þannig verður eyðslan aðeins frá 2,1 lítra á hverja hundrað kílómetra.

Komdu þér í umhverfisvænt samband við vegakerfið með Prius Plug-in.

Verð 5.790.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

* Við bestu aðstæður. // Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar skalf jörð um helgina?*
2. *Hvaða sveitarfélög samþykktu sameiningu í nýafstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslu?*
3. *Hvenær á fyrstu umræðu um nýja stjórnarskrá að vera lokið á Alþingi?*

SVÖR:
1. Í hafinu norður af Siglufirði. 2. Alftanes og Garðabær. 3. Fyrir jól.

Deilt um uppgjör Norðmanna eftir hernámsár Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni:

Umdeildar nafnabirtingar í nasistabók

NOREGUR Ný bók um Norðmenn og seinni heimsstyrjöldina hefur vakið mikið umtal. Í bókinni, sem ber heitið Miskunnarlausu Norðmennirnir, nafngreinir höfundurinn Eirik Veum hundruð manna sem tengdust ríkislögreglunni, sem vann með herliði nasista á hernámsárunum 1940 til 1945.

Veum réttlætir nafnbirtingarnar með því að segja þær hluta af nauðsynlegu uppgjöri þjóðarinnar.

„Við þurfum að átta okkur á því að Norðmenn frömdu einhver verstu ódæðin á stríðsárunum, og að við tókum meiri þátt í stríðsglæpum en áður hefur verið talið," segir Veum við Aftenposten.

Óljúfar minningar

Ríkislögreglan var stofnuð 1941 og vann náið með þýska hernámsliðinu við að uppræta andspyrnuhreyfinguna. Hátt í þúsund manns eru taldir hafa tengst ríkislögreglunni. Flestir þeirra voru meðlimir í norsku þjóðernishreyfingunni Nasjonal Samling. Sjö meðlimir voru teknir af lífi eftir réttarhöld í stríðslok. *Heimild: Aftenposten*

Hann hefur hins vegar verið gagnrýndur fyrir vafasama heimildavinnu, þar sem hann styðst að mestu leyti við yfirheyrslur, dómsmál og fjölmiðlaumfjöllun frá 1945, sem þykja litast mikið af tíðarandanum sem þá ríkti en þúsundir manna hlutu dóm fyrir að vinna með hernámsliðinu, þrjátíu voru dæmdir til dauða og 25 teknir af lífi.

Þá hefur Veum verið gagnrýndur fyrir að nafngreina fólk sem kom ekki nálægt pyndingum, drápum eða stríðsglæpum.

Meðal annars er tiltekin kona sem var sautján ára gömul þegar hún vann á skrifstofu ríkislögreglunnar í Stavanger. Veum tekur sjálfur fram að óvíst sé hvort stúlkan hafi fengið dóm eftir stríðið, en hún rataði engu að síður í bókina undir nafni.

Veum ráðgerir að skrifa tvær bækur til viðbótar um efnið. - þj

AÐALFUNDUR

Hollvinasamtaka líknardeilda verður haldinn í safnaðarheimili Neskirkju, mánudaginn 29. október n.k. kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf og umræður um framtíð samtakanna.

Stjórnin

Herinn í Gvatemala látinn sæta ábyrgð

Átta hermenn og einn ofursti eiga yfir höfði sér langa fangelsisdóma fyrir fjöldamorð sem framin voru 4. október. Herinn hefur áratugum saman komist upp með nánast hvað sem er í Gvatemala, en breyting virðist vera orðin þar á.

GVATEMALA, AP Síðustu vikur hafa vakið von um að Otto Perez Molina, forseti í Gvatemala, ætli sér að standa við loforð um að gerðar verði umbætur í mannréttindamálum í landinu.

Viðbrögð stjórnvalda við fjöldamorðum, sem hermenn frömdu í byrjun mánaðarins, hafa að minnsta kosti verið mjög frábrugðin því sem landsmenn eiga að venjast.

Ýtarleg rannsókn lögreglu á því sem gerðist hófst samstundis og innan viku höfðu átta óbreyttir hermenn og einn ofursti í hernum verið handteknir.

Morðin voru framin þann 4. október þegar þúsundir frumbyggja efndu til mótmæla með því að loka einum af þjóðvegum landsins.

Mótmælendurnir voru óvopnaðir, en lögregla greip strax inn í og reyndi að fá mannfjöldann til að hverfa frá og hleypa umferð um veginn. Innan skamms var tveimur herflutningabifreiðum ekið á staðinn og fljótlega hófst skothríð, sem lauk með því að átta mótmælendur lágu í valnum en 34 voru særðir.

Herinn hefur áratugum saman komist upp með nánast hvað sem er, ekki síst ofbeldi gegn frumbyggjum landsins.

Í þetta skiptið beið hins vegar dómsmálaráðherra landsins, hin 46 ára gamla Claudia Paz y Paz, ekki boðanna heldur sendi strax 175 manna rannsóknarlið á vettvang. Leitað var að skothylkjum, blóði og lífsýnum. Einnig var haldið á sjúkrahús í nágrenninu að ræða við mótmælendur og vitni, sem þangað voru komin til læknismeðferðar.

Ofurstinn og tveir hinna óbreyttu hermanna eiga nú yfir sér allt að 500 ára fangelsisdóm hver fyrir að hafa tekið fólk af lífi án dóms og laga. Hinir óbreyttu hermennirnir sex eiga yfir höfði sér allt að 320 ára fangelsi hver fyrir vísvitandi morðtilraunir.

Samkvæmt rannsóknarskýrslu hunsuðu hermennirnir fyrirmæli frá lögreglu um að halda sig fjarri mótmælendunum.

Perez Molina forseti, sem sjálfur er fyrrverandi herforingi og hefur verið ásakaður um að hafa framið mannréttindabrot á meðan borgarastyrjöld stóð yfir í landinu, studdi ákvörðun dómsmálaráðherrans og hefur heitið því að nota herinn ekki oftar til að halda mótmælendum í skefjum.

gudsteinn@frettabladid.is

FJÖLDAMORÐUM MÓTMÆLT Fjölmenn mótmæli hafa verið haldin í landinu gegn framferði hersins í byrjun mánaðarins. NORDICPHOTOS/AFP

Sterk staða dómsmálaráðherrans

Það er ekki síst hin sterka staða dómsmálaráðherrans, Claudiu Paz y Paz, sem talin er hafa haft þau áhrif að Otto Perez Molina forseti féllst á að hermennirnir yrðu handteknir.

Paz y Paz er mannréttindalögfræðingur og hafði lengi barist af hörku gegn mannréttindabrotum áður en hún varð ráðherra árið 2010.

Hún nýtur stuðnings frá Bandaríkjunum og öðrum löndum sem veita Gvatemala mikilvæga fjárhagsaðstoð.



Reykjavíkurborg auglýsir til sölu ellefu notuð timburhús til flutnings. Þau verða seld í núverandi ástandi sem áhugasamir kaupendur eru hvattir til að kynna sér.

Óskað er eftir tilboði í hvert hús fyrir sig og skulu þau send á netfangið fer@reykjavik.is eða skilað í þjónustuver Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12 -14 í síðasta lagi **þriðjudaginn 13. nóvember 2012.**

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Nánari upplýsingar, s.s. verðmat, ljósmyndir og hvaða skilyrði tilboð þurfa að uppfylla, eru á vefsíðunni www.reykjavik.is/fer

Reykjavíkurborg | 411 1111 | www.reykjavik.is/fer

Reykjavíkurborg 23. oktober 2012 / JHU

Grunaður um svik í tengslum við sölu á húseign til kínverska sendiráðsins:

Aðalmeðferðinni á að ljúka í dag

DÓMSTÓLAR Síðdegis í dag á að ljúka aðalmeðferð sem hófst í gærmorgun fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sérstaks saksóknara gegn Aroni Pétri Karlssyni kaupsýslumanni. Aron er grunaður um fjársvik í tengslum við sölu á stórhýsi við Skúlagötu 51 til kínverska sendiráðsins.

Þrjú ár eru síðan rannsókn málsins hófst. Fram kemur í umfjöllun Vísis.is að Aron hafi við aðalmeðferðina í gær borið við minnisleysi um veigamikil atriði málsins.

Embætti sérstaks saksóknara gaf um miðjan apríl á þessu ári út ákæru á Aron, sem er sonur Karls Steingrímssonar (oft kenndur við Pelsinn). Húsnæðið sem kínverska sendiráðið keypti var áður í eigu félags þeirra feðga.

ARON P. KARLSSON

KARL STEINGRÍMSSON

Ákæran á hendur Aroni byggir á því að hann hafi í desember 2009 komið sér og félagi sínu undan skuldum, með því að skjóta húseigninni að Skúlagötu 51 úr félaginu Vindasúlum ehf. inn í eignarhaldsfélagið 2007 ehf., skömmu áður en húsið var selt til kínverska sendiráðsins fyrir 875 milljónir króna. Á húsinu hvíldu tryggingabréf í eigu Arion banka, Glitnis og Íslandsbanka, upp á um einn milljarð króna, og töldu bankarnir að með eignatilfærslunni hefðu þeir verið snuðaðir um 300 milljónir króna.

- óká

ez sleep mattresses

30-50% AFSLÁTTUR af öllum rúmum

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Rúm Gott
Royal
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **302.391**
Tvíbreitt - verð frá: **566.991**

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **26.241** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **49.243** kr. á mán.

Allt að **431.994** kr. AFSLÁTTUR

Rúm Gott
Classic
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **190.049**
Tvíbreitt - verð frá: **346.995**

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **16.732** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **30.268** kr. á mán.

Allt að **178.956** kr. AFSLÁTTUR

Rúm Gott
Draumur
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **131.985**
Tvíbreitt - verð frá: **228.488**

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **11.724** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **20.047** kr. á mán.

Allt að **111.423** kr. AFSLÁTTUR

Rúm Gott
Draumey
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **70.224**
Tvíbreitt - verð frá: **129.360**

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **6.397** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **11.497** kr. á mán.

Allt að **61.129** kr. AFSLÁTTUR

Aukahlutir á 50% afslætti

– með seldum rúmum og dýnum

SÆNGURVER, LÖK, OG HEILSUKODDAR Á TILBOÐI Í OKTÓBER

Arineldstæði á hausttilboði!

20-65% afsláttur

– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Páll Hrannar Hermannsson
Sjúkraþjálfari hefur hafið störf hjá Stjá sjúkraþjálfun ehf. Hátúni 12

Tímapantanir í síma
551 1120
www.stja.is

STJÁ
SJÚKRAÞJÁLFUN

AÐALFUNDUR

Stjórn Parspro.com ehf. boðar til aðalfundar félagsins í dag 23. október kl. 17:00 í húsakynnum félagsins að Vegmúla 2, Reykjavík.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

parspro·com
ONLINE BETTING SOLUTIONS

FRÍDAGUR Á ÍS Fjöldinn allur af krökkum nýtti daginn til að renna sér á skautum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gaman í vetrarfríi

Frístundamiðstöðvar og sundlaugar í Reykjavík buðu upp á margvíslega skemmtun í tilefni þess að víðast hvar var vetrarfrí í grunnskólum í gær.

ÓGNVEKJANDI Í félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti var blásið til hrekkjavökuskemmtunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í LAUGINNI Frístundamiðstöðin Kringlumýri stóð fyrir skemmtidagskrá í Laugardalslaug. Þessir strákar skelltu sér í Wipeout-brautina og virtust skemmta sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.volkswagen.is

Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsolíu 2012, í flokki dísilbíla 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

ÖRUGGUSTU VETRARDEKKIN

CONTINENTAL eru öruggustu dekkin samkvæmt helstu dekkjaprófunum

GÆÐAPRÓFANIR VETRARDEKKJA

SVÍÞJÓÐ - TENKIKENS VÄRLD (27. SEPT. 2012)
Sú könnun sem FÍB byggir sína könnun á.

Ónelgd vetrardekk

Sæti	Framleiðandi	Tegund	Stig
1	**Continental**	**ContiVikingContact 5**	**108**
2	Michelin	X-Ice X13	103
3	Nokian	Hakkapeliitta R	99
4	Bridgestone	Blizzak WS70	88
5	Toyo	Observe GSi-5	80

Nelgd vetrardekk

Sæti	Framleiðandi	Tegund	Stig
1	**Continental**	**ContiIceContact**	**107**
2	Goodyear	UltraGrip Ice Artic	106
3	Dunlop	Ice Touch	102
4	Nokian	Hakkapeliitta 7	100
5	Gislaved	NordFrost 5	99
6	Hankook	Winter IPike Rs2	86
7	Nordman	4	84
8	Agi	Sarek 2	79
9	BFGoodrich	g-Force Stud	77

AUTOBILD (5. OKTÓBER 2012)

Sæti	Framleiðandi	Tegund
1	**Continental**	**WinterContact**
2	Bridgestone	Blizzak
3	Michelin	Alpin
4	Hankook	Winter i*cept
5	Semperit	Speed Grip
6	Dunlop	Sp Winter Sport
7	Goodyear	UltraGrip
8	Pirelli	W. Snowcontrol
9	Nokian	WR D3
10	Fulda	Kristall Control

★★★★★

CONTINENTAL
einu vetrardekkin með
5 stjörnur í könnun
FÍB 2011-2012

AUTO REVIEW
FRKV. AF SMITHERS RAPRA (USA) (SEPT 2012)

Ónelgd vetrardekk

Sæti	Framleiðandi	Tegund	Stig
1	**Continental**	**ContiVikingContact 5**	**8.6**
2	Nokian	Hakkapeliitta R	8.55
3	Michelin	X-Ice 2	8.35
4	Dunlop	Graspic DS-3	7.35
5	Toyo	Garit G4	7.25

Nelgd vetrardekk

Sæti	Framleiðandi	Tegund	Stig
1	Nokian	Hakkapeliitta 7	9.2
2	**Continental**	**ContiIceContact**	**8.9**
2	Michelin	X-Ice North 2	8.9
4	Goodyear	UltraGrip Extreme	8.3
5	Yokohama	Ice Guard 35	7.45
6	Hankook	Winter i*Pike	7.35

Kannanirnar byggja á bremsuveglengd og akstureiginleikum í snjó, hálku, bleytu og þurru

ContiVikingContact 5

Frábær vetrardekk sem eru framleidd úr gúmmíefnablöndu sem viðheldur mýkt og aksturseiginleikum, jafnvel í miklu frosti. Þetta gerir dekkinu kleift að viðhalda besta mögulega gripi í hálku, lengur en önnur ónelgd dekk. Dekkið hefur verið leiðandi í öllum norrænum prófunum undanfarin ár.

Conti IceContact

Háþróuð nagladekk með nýrri tegund nagla Brilliant Plus. Brilliant Plus þolir fimm sinnum meira álag en venjulegir naglar án þess að losna. Brilliant Plus tryggir hámarks grip og styttri hemlavegalengd í hálku.

www.solning.is

SÓLNING
Renndu við

Kópavogur ☎ 544 5000
Njarðvík ☎ 421 1399
Selfoss ☎ 482 2722

Ég er fædd og uppalin niðri í Landeyjum og þar sem mitt fólk var sjálfstæðismenn þá keyrðum við að sjálfsögðu í gegnum Hvolsvöll og út að Hellu til að versla, því að þar var sjálfstæðisbúðin.

UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR
Í UMRÆÐUM UM LÚPÍNU Í GÆR

Þingflokksformenn settir í skriftastól

Virðing almennings á Alþingi hefur sjaldan verið jafn lítil og nú. Aðeins tíu prósent landsmanna bera traust til þingsins og hefur það farið lækkandi síðustu árin. Fréttablaðið spurði formenn þingflokka einfaldrar spurningar: *Hvað ætlar þú að gera til að auka virðingu Alþingis?*

„Ég vil vanda mig í öllu því sem ég geri á Alþingi. Ég vil hlusta á sjónarmið andstæðinga minna.

Ég vil umgangast pólitíska andstæðinga mína ekki sem óvini, heldur sem einstaklinga sem stefna að sama markmiði og ég; að gera Ísland betra. Ég mun deila við þau, af því að ég hef ólíka lífsskoðun, en ég mun gera mér það að markmiði að á endanum getum við unnið saman að því að gera Ísland betra.

Ég er á móti því að stjórnmálamenn eigi alltaf að vera sammála og eigi ekki að deila. Það eru heilmikil verðmæti í deilunni. Það að menn beri virðingu hver fyrir öðrum og hlusti hver á annan þýðir ekki það sama og að menn takist ekki á og deili ekki. Ef menn bera til þess gæfu að hlusta hver á annan og taka tillit hver til annars þá mun okkur miða eitthvað áfram og þannig mun virðing Alþingis vaxa.

Fyrst þurfa alþingismenn að bera virðingu fyrir sér og öðrum og þá líka vex kannski virðing þingsins.

Illugi Gunnarsson
Sjálfstæðisflokki

Ég held að ein af leiðunum til að auka virðingu Alþingis sé að menn reyni að sýna meiri samstöðu og

meiri vilja til að vinna saman að málum. Það hefur skort allt þetta kjörtímabil. Menn þurfa líka að fara að taka þessar rökræður sem margir hafa kallað eftir, pólitískar umræður um efni máls, ekki bara út frá því sem er vinsælt í dægurþrasinu heldur ræða fyrst stefnumál. Það held ég að muni auka virðingu þingsins á ný.

Þá held ég líka að þingmenn almennt þurfi að gæta sín á því hvernig þeir tala um Alþingi og sjálfan sig og vinnustaðinn. Fyrir mér er Alþingi afar virðuleg stofnun. Þetta er löggjafarvaldið í landinu, þetta er ekki einhver kaffiklúbbur úti í bæ. Sem slík, það þarf að umgangast Alþingi þannig. Ég er ekki að segja að Alþingi sé yfir annað hafið, en þetta er samt löggjafarsamkundan.“

ALÞINGI MÓTMÆLT Traust á Alþingi hrundi í kjölfar efnahagshrunsins og mótmæli fyrir utan þinghúsið voru daglegt brauð um hríð. Frá mótmælum 2009.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En hvað ætlar þú sjálfur að gera?

Ég held að ég gæti hugsanlega reynt að taka meiri þátt í rökræðum um efnisinnihald, ég hugsa að ég gæti alveg lagað það. Ég hef reynt að gera það, en ég get ímyndað mér að það sé það sem ég geti helst gert.

Gunnar Bragi Sveinsson
Framsóknarflokki

„Ég ætla að reyna að vinna vinnuna mína eins vel og ég mögulega get og reyna að leggja mitt af

mörkum til þess að það verði árangur af störfum þingsins í vetur. Að mál séu leidd til lykta en dagi ekki uppi í málþófi eða deilum í þingsal.

Ég held að það sé vænlegast til þess að auka virðingu þingsins að þingið skili sínum verkum en láti mál ekki daga uppi. Það má auðvitað tína margt til en ég held að þetta sé aðalmálið.“

Álfheiður Ingadóttir
Vinstrihreyfingunni - grænu framboði

„Sem þingflokksformaður mun ég vinna að því að þingstörfin gangi greiðlega og mikilvæg mál fái eðli-

lega framgöngu í þinginu. Ég held að það skipti miklu máli fyrir virðingu þingsins að mál gangi greiðlega og fái eðlilega framgöngu.

Sem þingmaður mun ég leggja mig fram um að bera virðingu fyrir málflutningi annarra þingmanna og ætlast til hins sama af þeim þegar ég færi rök fyrir mínum málum.

Oddný G. Harðardóttir
Samfylkingunni

„Ég reyni nú bara fyrst og fremst að horfa í eigin barm og standa

mig vel og umgangast aðra af virðingu. Það er það besta sem ég get gert.

Þetta er það sem ég hef að leiðarljósi, sirkabát sömu samskiptareglur og ég hef tileinkað mér annars staðar í lífinu.“

Guðmundur Steingrímsson
Bjartri framtíð

„Ég reyni náttúrulega bara alltaf að vanda mig í mínum störfum, ég held að það sé kannski númer eitt,

tvö og þrjú og vera heiðarleg og allt það.

Svo held ég að það skipti mjög miklu máli núna eftir þessa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu að þingið taki hana alvarlega og hlusti á hvað þjóðin var að segja.“

Margrét Tryggvadóttir
Hreyfingunni

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook
www.kia.is

Traust á Alþingi



Heimild: Capacent - http://data.is/XLpgl4

ÞANKABROT

Orð og efndir

Mikið hefur verið rætt og ritað um skort á virðingu fyrir Alþingi. Traust er eitt birtingarform virðingar og það hrundi í kjölfar efnahagshrunsins. Allir eru sammála um að auka þurfi virðingu Alþingis. Oft og tíðum hafa þingmenn verið duglegir við að benda á það hvað á skortir í störfum og fari annarra til að virðingin aukist. Slíkt skilar ekki miklu.

Fréttablaðið ákvað að vera naívt, spyrja barnslega einfaldrar spurningar: Hvað ætlar þú að gera? Svörin má sjá hér að ofan. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvort þessar frómu óskir þingflokksformannanna skili sér í störf þingsins og auki jafnvel virðingu þess.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Georg tók við rekstri Flúðasveppa árið 2005 en ræktun sveppa á Flúðum hófst árið 1984. Sveppirnir eru ræktaðir í lífrænum rotmassa sem einnig er framleiddur hjá Flúðasveppum. Svepparæktin er nákvæmnisverk sem krefst alúðar og þekkingar. Sveppirnir eru flokkaðir í höndunum og þeim pakkað á staðnum. Um 30 manns vinna hjá Flúðasveppum árið um kring.

ÍSLENSKA SÍA.IS SFC 50278 08/10 – Ljósmyndir: Hari

FJÖGUR ÁR FRÁ EFNAHAGSHRUNI – ÁTTUNDA GREIN

Ekki öll kurl komin til grafar enn

Landsdómsmálið var afrakstur vinnu Alþingis við að bregðast við upplýsingum úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda bankahrunsins. Málið var uppspretta harðra pólitískra átaka sem um margt standa enn. Að lokum var Geir H. Haarde fundinn sekur um að hafa ekki haldið fundi um mikilvæg stjórnarmálefni.

LANDSDÓMUR Geir H. Haarde sést hér við upphaf Landsdómsmálsins, þegar hann lýsti yfir sakleysi sínu. Dómararnir í málinu fylgdust grannt með gangi mála. MYND/GVA

Aðalmeðferðin í Landsdómsmálinu fór fram dagana 5. til 16. mars á þessu ári og var andrúmsloftið í salnum í Þjóðmenningarhúsinu spennuþrungið á meðan á henni stóð, svo til allan tímann. Málið var þingfest 7. júní í fyrra. Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fór við upphaf málsins ýtarlega yfir atburðina sem tengdust bankahruninu og lýsti sig saklausan af öllum ákæruatriðunum. Tveimur ákæruliðum ákærunnar, sem var í sex liðum, var vísað frá 3. október 2011.

Vanræksla og greining

Annar þeirra sneri að því að Geir hefði sýnt af sér „alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði“ sem honum mátti vera kunnugt um, með því að bregðast ekki við með skýrum aðgerðum. Hinn liðurinn sneri að því að Geir hefði ekki beitt sér fyrir því að innan stjórnkerfisins hefði verið „unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli“. Einn dómari af fimmtán dómurum Landsdóms, Ástríður Grímsdóttir, vildi vísa málinu frá í heild sinni og skilaði sérákvæði þess efnis.

Fjögur atriði

Eftir stóðu fjórir ákæruliðir. Í fyrsta lagi var það liður sem sneri að því að starf samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika hefði ekki verið nægilega markvisst og skilað árangri, í öðru lagi þar sem Geir var sakaður um að hafa ekki beitt sér nægilega fyrir minnkun bankakerfisins, í þriðja lagi fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir flutningi á Icesave-innlánastarfsemi Landsbankans yfir í dótturfélag, og í fjórða lagi fyrir að láta farast fyrir að boða til ríkisstjórnarfunda um mikilvæg stjórnarmálefni í samræmi við 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Geir fagnaði því sérstaklega að fá tækifæri til þess að tjá sig um ákæruatriðin við upphaf málsins, og lagði áherslu á að það væri í fyrsta skipti frá því að málið hefði komið til meðferðar hjá Alþingi, ákærandanum, sem hann fengi tækifæri til þess að tjá sig um efnisatriðin.

Ýtarleg greining

Frásagnir frá fundum og öðrum atburðum sem tengdust bankahruninu voru áberandi í umfjöllun fjölmiðla um málið. Bein lýsing var á vefmiðlum af málinu, en bein sjónvarpslýsing var ekki heimiluð. Geir tjáði sig ýtarlega um bankahrunið þegar hann svaraði spurningum sækjanda í málinu, Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara. Hann hafði raunar gert það áður, í ræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 2009.

> Hann sagði ótrúlegar aðstæður hafa skapast á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum eftir árásirnar á Tvíburaturnana 11. september 2001.

Geir hefur allt frá því þrengja fór að efnahag Íslands, frá haustmánuðum 2007, í gegnum hrunið í október 2008 og ekki síður árin á eftir, talað fyrir því að staða Íslands sé skoðuð í alþjóðlegu samhengi. Á þetta lagði hann áherslu þegar hann flutti mál sitt fyrir dómi og svaraði spurningum. Hann sagði ótrúlegar aðstæður hafa skapast á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum eftir árásirnar á Tvíburaturnana 11. september 2001. Seðlabankar hefðu keyrt niður vaxtastig, til þess að reyna að koma hreyfingu á fjármagn og skapa hagvöxt. Þetta hefði leitt til aðstæðna, sem íslensku bankarnir hefðu nýtt sér til vaxtar. Bankarnir bæru síðan sjálfir ábyrgð á því að vaxa á grunni veikra eigna, og jafnvel ólögmætrar starfsemi, eins og margt benti til, þó öll kurl væru ekki komin til grafar í þeim efnum. Þá sagði hann alþjóðlegt regluverk um fjármálastarfsemi meingallað, þar sem bankastarfsemi þvert á landamæri samræmdist illa, eða hreinlega alls ekki, eftirlitstofnunum sem væru aðeins með starfsvettvang innan einstakra ríkja. Hann sagði þó að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu haft öll þau tæki sem þurfti að búa yfir, til þess að kanna innviði bankakerfisins og taka á málum innan þess. Það verkefni hefði ekki verið á borði ríkisstjórnar Íslands.

Sönnuðu gildi sitt

Geir ítrekaði enn fremur að þegar farið væri yfir atburðina haustið 2008 og viðbrögð stjórnvalda metin þá stæði það eftir að stjórnvöld hefðu gripið til ábyrgra aðgerða sem miðuðu að því að vernda almannahag. „Það tókst,“ sagði Geir í aðalmeðferðinni, með nokkrum áhersluþunga. Þetta ítrekaði Andri Árnason hrl., lögmaður Geirs, í málflutningi sínum fyrir dómi, og sagði neyðarlögin hafa sannað gildi sitt.

Fjörutíu vitni komu fyrir dóminn, þar af allir þeir sem voru í framlínunni þegar bankarnir hrundu, innan bankakerfisins og stjórnsýslunnar, og svöruðu spurningum er vörðuðu ákæruatriðin. Hver hafði sína sögu að segja um hvað hefði farið úrskeiðis en þau viðhorf sem fram komu hjá flestum höfðu áður komið fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. Umræða um það sem í henni kemur fram hefur verið gríðarlega umfangsmikil í fjölmiðlum allt frá útgáfudegi 12. apríl 2010.

Stjórnarskrárbrot

Dómur í málinu var kveðinn upp 23. apríl á þessu ári og var Geir sýknaður af öllum alvarlegustu sakarefnunum í ákærunni, eins og orðrétt segir í dómi Landsdóms, en var fundinn sekur um að hafa brotið gegn stjórnarskrá með því að hafa ekki boðað til ríkisstjórnarfunda um mikilvæg stjórnarmálefni. Geir var afar ósáttur við niðurstöðuna, er hann tjáði sig á tröppunum í anddyri Þjóðmenningarhússins eftir dómsuppkvaðningu, og sagði pólitík hafa ráðið för við niðurstöðu málsins – alveg eins og upplegg þess.

Djúpstæðar deilur

Landsdómsmálið var frá upphafi uppspretta deilna á hinu pólitíska sviði. Í öllum flokkum var óánægja með að Geir hefði einn verið ákærður í málinu, en það var lokaniðurstaða margra mánaða pólitískrar umræðu og atkvæðagreiðslu á Alþingi. Alls vildu 33 þingmenn ákæra Geir, en 30 sögðu nei við því. Meirihluti vildi ekki ákæra þrjá aðra fyrrverandi ráðherra sem voru í ríkisstjórn Geirs þegar bankarnir hrundu. Það voru Árni M. Mathiesen, fv. fjármálaráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fv. utanríkisráðherra, og Björgvin G. Sigurðsson, fv. viðskiptaráðherra, sem bar í reynd stjórnsýslulega ábyrgð á málefnum bankanna og Fjármálaeftirlitsins í aðdraganda bankahrunsins.

Ekki lokið

Málinu er ekki lokið enn, þar sem Geir tilkynnti í síðustu viku að hann hygðist fara með málið fyrir Mannréttindadómstólinn í Strassborg. Ýtarlegu kæruskjali hefur þegar verið komið þangað. „Að mínum dómi hefur íslenska ríkið í þessu máli brotið gegn ákvæðum í Mannréttindasáttmála Evrópu er lúta að réttlátri málsmeðferð fyrir dómi og reglunni um enga refsingu án laga. Undir slíku á ég erfitt með að sitja en mikilvægara er þó að hafið sé yfir allan vafa að íslenskt réttarfar og meðferð ákæruvalds í máli sem þessu standist þær kröfur sem gerðar eru til mannréttinda og réttlátrar málsmeðferðar í Mannréttindasáttmálanum,“ sagði Geir m.a. í yfirlýsingu vegna málsins. Dómurinn á síðan eftir að taka afstöðu til þess hvort kæra Geirs verður tekin til efnislegrar umfjöllunar fyrir dómi.

Magnús Halldórsson
magnush@365.is

Pólitísk útgáfa af „ég á þetta, ég má þetta“

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir að Landsdómsmálið hafi verið pólitískt „feilhögg“ sem hafi engum árangri skilað. „Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið var til þess fallin að skapa grundvöll til þess að gera upp þessa sögulegu atburði haustið 2008, þegar íslenska bankakerfið hrundi eins og spilaborg. Landsdómsmálið sundraði hins vegar pólitísku landslagi og bjó til illdeilur sem hafa haft víðtæk áhrif á önnur mál sem til meðferðar eru á Alþingi.“

Guðni segir að upplegg málsins hafi verið óheppilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og að niðurstaðan í málinu sýni að ákæran gagnvart Geir hafi að miklu leyti verið byggð á sandi. „Málið var feigðarflan í mínum huga, og vanhugsað frá upphafi. Það var byggt á fornum lagaákvæðum sem eru í engu samræmi við hefðbundið réttarfar. Það var hins vegar lagalegur möguleiki að höfða Landsdómsmálið. Ég lít svo á að þetta hafi verið pólitísk útgáfa af frasanum „ég á þetta, ég má þetta“ þar sem stjórnmálamenn nýttu sér möguleikann sem var í lögum til þess að höfða mál sem þetta. Það er hins vegar ekki útséð hvernig málinu lýkur enn, þar sem Mannréttindadómstóll Evrópu gæti tekið málið til meðferðar.“

Guðni segir Landsdómsmálið ekki hafa verið til þess fallið að skýra atburðina haustið 2008 frekar, nema þá að litlu leyti. „Mér finnst einfaldlega það hafa verið rangt hjá Alþingi að setja fyrrverandi forsætisráðherra á sakamannabekk vegna bankahrunsins, einan manna, og ætla sér að gera bankahrunið upp með þeim hætti pólitískt. Það tókst ekki, og var alltaf dæmt til þess að mistakast.“

Veturinn er skammt undan og með honum kemur snjórinn, tær og heiður himinn og flökt norðurljósanna. Búðu þig undir veturinn, njóttu fegurðar vetrarríkisins og kauptu betri notaðan bíl hjá Brimborg. Komdu við í Brimborg og gerðu góð kaup á notuðum bíl. Keyrðu inn í veturinn á notuðum bíl frá Brimborg.

gott urval

Á eftir haustinu kemur veturinn!

Gerðu góð bílakaup í dag fyrir veturinn

Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

betri kaup

Ford Explorer XLT 4x4 (FTU17)
4,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 2.690.000 kr.

400.000 kr. vetrarafsláttur

2.290.000 kr.

Ford Mondeo Trend (IGR80)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 7/2010. Ek. 49.000 km.
Verð: 3.490.000 kr.

spyrðu um kjörin

3.490.000 kr.

Volvo S40 (IIU29)
2,0TD 136 hö dísil beinskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 90.000 km.
Verð áður: 2.690.000 kr.

200.000 kr. vetrarafsláttur

2.490.000 kr.

Ford Kuga Trend AWD (JAT61)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 49.000 km.
Verð: 4.070.000 kr.

spyrðu um kjörin

4.070.000 kr.

Citroën C5 SX (LL625)
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð áður: 1.580.000 kr.

190.000 kr. vetrarafsláttur

1.390.000 kr.

Ford Focus Trend (NP655)
1,6i 100 hö bensín beinskiptur
Skrd. 4/2007. Ek. 93.000 km.
Verð áður: 1.490.000 kr.

100.000 kr. vetrarafsláttur

1.390.000 kr.

Subaru Legacy Sport (OAG86)
2,0 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2008. Ek. 44.000 km.
Verð: 2.950.000 kr.

spyrðu um kjörin

2.950.000 kr.

Ford Focus Titanium (PDX93)
1,6TDCi 115 hö dísil beinskiptur
Skrd. 4/2012. Ek. 28.000 km.
Verð: 3.620.000 kr.

spyrðu um kjörin

3.620.000 kr.

Citroën C3 SX (RKU85)
1,6HDi 92 hö dísil beinskiptur
Skrd. 9/2011. Ek. 18.000 km.
Verð: 2.380.000 kr.

spyrðu um kjörin

2.380.000 kr.

Citroën C5 Dynamique Station (RLJ68)
2,0 HDi 163 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 7/2010. Ek. 41.000 km.
Verð: 4.090.000 kr.

spyrðu um kjörin

4.090.000 kr.

Ford Expedition Limited 4x4 (UE826)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 109.000 km.
Verð: 3.170.000 kr.

spyrðu um kjörin

3.170.000 kr.

Subaru Tribeca 4WD 7 sæta (RZ511)
3,0i 248 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 67.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.r.

spyrðu um kjörin

2.790.000 kr.

Nissan Navara 4x4 (TM644)
2,5TD 174 hö dísil beinskiptur
Skrd. 4/2006. Ek. 97.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.

spyrðu um kjörin

2.790.000 kr.

Citroën C1 SX (RUY83)
1,0Vvti 68 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.

spyrðu um kjörin

1.590.000 kr.

VW Touareg AWD (VJF75)
3,6i 290 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 70.000 km.
Verð áður: 4.790.000 kr.

600.000 kr. vetrarafsláttur

4.190.000 kr.

Nissan Patrol Luxury 4x4 (ZL639)
3,0TD 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 10/2005. Ek. 125.000 km.
Verð áður: 3.790.000 kr.

700.000 kr. vetrarafsláttur

3.090.000 kr.

Opið í dag

Komdu og skoðaðu notaða bíla
á milli kl. 9 og 17 í Brimborg,
Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík
og Tryggvabraut 5 á Akureyri

Spyrðu um lánamöguleika og skipti. Komdu í kaffi.

Smelltu á
notadir.brimborg.is
og skoðaðu fleiri dæmi

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi:

Skilnaður fremur en girðingar

Ráðgjafahópur atvinnuvega- og fjármálaráðherra skilaði í síðustu viku tillögum um heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi. Þeirra á meðal eru margar tillögur um hvernig takmarka megi eða koma í veg fyrir áhættusækni í endurreistu bankakerfi, til þess auðvitað að mistökin sem leiddu til hrunsins fyrir fjórum árum endurtaki sig ekki.

Á meðal þessara tillagna er að „unnt verði að aðgreina mikilvægustu rekstrarþætti, svo sem fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi, við skilameðferð, og athugað verði gaumgæfilega hvort krefjast skuli lagalegs aðskilnaðar tiltekinna sérlega áhættusamra starfsþátta frá þeim rekstri bankanna sem tekur við innlánum ef þeir starfsþættir eru verulegur hluti af rekstri banka“.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hér er ekki tekið djúpt í árinni og virðist fylgt þeirri línu, sem hefur verið lögð bæði í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins, að „girða af“ rekstur fjárfestingarbankastarfsemi innan sömu bankasamstæðu fremur en að aðskilja með öllu rekstur fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

Rökin fyrir aðskilnaði eru þó frekar augljós. Áhættusækni er nánast byggð inn í viðskiptalíkan fjárfestingarbanka, sem þjónusta stærstu fyrirtækin á markaðnum og fagfjárfesta og ástunda verðbréfamiðlun. Íhaldssemi og varkárni er fremur ríkjandi við rekstur viðskiptabanka, sem taka við innlánum almennings og fyrirtækja og veita útlán gegn veðum.

Í leiðara viðskiptablaðsins Financial Times í síðustu viku voru hálfvolgar tillögur nefndar á vegum brezkra stjórnvalda um „girðingar“ innan fjármálafyrirtækja gagnrýndar. „Menning áhættusækni gengur þvert gegn íhaldssömum gildum sem eiga að ráða í viðskiptabankastarfsemi,“ skrifaði blaðið. „Í einu og sama fyrirtækinu er líklegt að fyrrnefnda menningin seytli í gegnum hvaða girðingu sem verður reist og verði þeirri síðarnefndu yfirsterkari.“

Þetta er kjarni þessa máls. Ef viðskiptabönkum er leyft að stunda fjárfestingarbankastarfsemi er líklegt að gróðavonin, sem er meiri í fjárfestingarbönkum, leiði til þess að menn taki of mikla áhættu. Við höfum séð einu sinni til hvers það getur leitt og þurfum ekki að læra þá lexíu aftur. Í tilviki íslenzku bankanna getur staðan orðið sú að þegar ekki er lengur hægt að hagnast á endurmati á eignasöfnum, freistist menn til að vilja efla fjárfestingarbankastarfsemi til að bæta arðsemina, fremur en til dæmis að skera niður rekstrarkostnað sem alþjóðlegur samanburður sýnir þó að ekki er vanþörf á.

Það er stundum notað sem rök gegn aðskilnaði viðskipta- og fjárfestingarbanka á Íslandi að síðarnefnda starfsemin sé hverfandi nú um stundir. Það eru einmitt rök fyrir því að stíga þetta skref sem fyrst, áður en hún verður svo ríkur hluti af rekstri bankanna að sömu flækjurnar við aðskilnað og nú þvælast fyrir stjórnvöldum bæði í ESB og Bandaríkjunum verða óleysanlegar.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sagði í fréttum RÚV á sunnudaginn að ólíkt öðrum þjóðum gætu Íslendingar nú „skilið á milli þessarar starfsemi með mjög afgerandi hætti án þess að það bitni á starfsemi viðskiptabankanna svo neinu nemi“. Það er rétt hjá honum og rétt að gera meira í málinu en að „athuga það gaumgæfilega“.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Starfi feðranna lokið?

Íslendingar gengu að kjörborðinu um helgina og kusu um drög að nýrri stjórnarskrá. Segja má að þetta mál hafi vafist fyrir þjóðinni og ekki síst þinginu síðan lýðveldisstjórnarskráin var samþykkt 1944. Árið 1947 skipaði Alþingi stjórnarskrárnefnd og í henni áttu sæti, meðal annarra, þeir Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason. Það er skemmtileg staðreynd að framáfólk í endurskoðunarstarfinu núna skuli vera börn þeirra. Valgerður Bjarnadóttir er formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og Þorvaldur Gylfason sat í stjórnlagaráði.

Athyglisvert samtal

Eftirfarandi samtal átti sér stað á milli Egils Helgasonar og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í Silfri Egils á sunnudag: EH: Þú ætlar að sitja út þetta þing? JS: Já. EH: Og sem forsætisráðherra fram á… JS: Já, já. EH: …síðasta dag, þangað til þú lætur af embætti formanns Samfylkingarinnar, í, í, í, í…? JS: Febrúar já.

Svo kemur þú

Nú má vel vera að í þessu samtali hafi Egill og Jóhanna ekki verið að ræða sama hlutinn, eða skilið það eins. Úr þessu verður þó ekki lesið annað en að Jóhanna ætli að hætta sem forsætisráðherra í febrúar og hún þarf að leiðrétta misskilninginn. En ef þetta er rétt, hvað gerist þá? Tekur nýr formaður við sem forsætisráðherra, jafnvel einhver sem ekki er í ríkisstjórn nú? Eða kemur Össur enn einu sinni til bjargar flokknum og gegnir embættinu fram að kosningum?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Stjórnarskráin – gröfum stríðsexina

Ný stjórnarskrá

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Þátttaka, og niðurstöður, atkvæðagreiðslunnar um stjórnarskrána um helgina komu mörgum þægilega á óvart. Þátttakan var miklu meiri en a.m.k. flestir áttu fyrir fram von á. Skilaboðin til Alþingis voru skýr.

Í fyrsta lagi tók fast að helmingur atkvæðisbærra manna þátt í atkvæðagreiðslunni. Það er mjög hátt hlutfall. Það er hærra en sést að jafnaði í Sviss, sem hefur mesta reynslu af beinu lýðræði af þessu tagi.

Í öðru lagi voru niðurstöðurnar mjög afgerandi. Mikill meirihluti, eða ríflega 66%, vill nýja stjórnarskrá á grundvelli þeirra draga, sem um var kosið. Öllum spurningum sem lagðar voru fyrir þjóðina var svarað játandi. Það var athyglisvert að í einu tilviki tók þjóðin aðra afstöðu en lá fyrir í drögum stjórnlagaráðs – og vill þjóðkirkju í stjórnarskrána. Það sýnir að fólk tók sjálfstæða afstöðu, vó og mat tillögur í drögunum, og komst að eigin niðurstöðu.

Yfirgnæfandi stuðningur, eða 84,1%, var við lykiltillögu um að stjórnarskrá mæli skýrt fyrir um sameign þjóðarinnar á auðlindum. Þjóðin lýsti einnig afdráttarlausum vilja til að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur, efla persónukjör, og hafa jafnt vægi atkvæða.

Milli stjórnmálaflokka hafa verið mismunandi skoðanir á þessum þáttum og aðferðinni við að semja nýja stjórnarskrá. Nú er það allt að baki. Þjóðin hefur talað – og hún hefur talað mjög skýrt.

Við þessar aðstæður á Alþingi að grafa stríðsexina, og mynda breiða samstöðu um frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Hún þarf að byggja á gagnkvæmu tilliti, en hún þarf líka að vera trú þeirri lýðræðislegu vinnu sem liggur að baki stjórnarskrárdrögunum, og þar með niðurstöðu kosningarinnar.

Þetta á að verða meginverkefni á þinginu í vetur: að útfæra frumvarp sem til er orðið með þjóðfundi og kjörnum fulltrúum til stjórnarskrárvinnu. Samstaða um það er besta leiðin sem Alþingi getur farið til að endurvinna traust landsmanna. Í kjölfar þeirrar vinnu færi vel á að leggja frumvarpið í dóm þjóðarinnar samfara þingkosningum í vor. Alþingi hefur þá í hverju skrefi unnið með þjóðinni að því að búa til nýja stjórnarskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Fullorðnir og ADHD

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Töluverð umræða hefur myndast um þessa greiningu hjá fullorðnum eftir að nýtt fjárlagafrumvarp leit dagsins ljós, en þar kom fram að greiðsluþátttöku í slíkum lyfjum yrði hætt hjá fullorðnum. Þetta hefur nú verið leiðrétt og dregið til baka, voru þetta víst mistök í fyrstu útgáfu frumvarpsins. Ekki liggur þó endanlega fyrir hvernig greiðslum verður háttað. Það hefur komið fram að þessi lyf eru dýr og einnig að Íslendingar virðist nota meira af þeim en aðrir, en alþjóðaráð Sameinuðu þjóðanna gagnrýndi Íslendinga árið 2011 vegna mikillar notkunar Rítalíns.

Ljóst er að það hefur orðið sprenging í greiningu og meðferð fullorðinna á undanförnum árum á sama tíma og við höfum orðið meðvitaðri um sjúkdóminn og einkenni hans. Samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis frá því í mars 2012 kemur fram að greining slíks sjúkdóms skuli fara fram í þverfaglegu teymi fagfólks og að skimað sé fyrir einkennum með matskvörðum. Þá segir orðrétt: „Ef skimun sýnir fram á hamlandi einkenni vegna athyglisvandamála, ofvirkni eða hvatvísi er best að vísa málinu áfram til fagaðila sem hefur kunnáttu í greiningu fullorðinna með ADHD.“

Mikilvægt er að afla gagna frá fleirum en einstaklingnum sjálfum til að fá sem gleggsta mynd af vanda viðkomandi og er það gert í greiningarferlinu. Hjá fullorðnum er verið að skoða hvort viðkomandi hafi haft hamlandi einkenni frá 16 ára aldri og að þau einkenni séu til staðar í fleiri en tveimur aðstæðum eins og til dæmis við vinnu, skóla, virkni í samfélaginu og fleiri. Þá er sérstaklega skoðað hvort aðrar geðraskanir geti skýrt einkennin, en þekkt er að ýmsir slíkir sjúkdómar geta haft áhrif á einbeitingu og hegðan og má þar nefna sem dæmi þunglyndis-, kvíða- og persónuleikaraskanir. Þó má aldrei gleyma því að virkir geðsjúkdómar og athyglisbrests- og/eða ofvirkniröskun geta farið saman.

> Þeim einstaklingum sem fá rétta greiningu og meðferð vegnar almennt vel og geta stundað sína vinnu eða nám án teljandi vandamála…

Umræða um fíkniheilkenni tengt ADHD hefur verið talsverð og misnotkun metýlfenídatlyfja er vel þekkt, en þó verður að forðast að setja í sama flokk þá sem misnota lyfin og eru jafnvel án greiningar og hina sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda, en slík hefur oft verið raunin og eru dæmi þess að sjúklingar hafi hætt notkun lyfja vegna umræðunnar. Það þýðir þó ekki að við eigum að slaka á kröfum og eftirliti meðferðar, þvert á móti þurfum við að auka þær en jafnframt koma til móts við þá sem þurfa slíka meðferð.

Fordómar gagnast afar lítið en verða oft ofan á því miður. Það er þó vel þekkt að í hópi sprautufíkla virðast þeir sem misnota Rítalín vera í örustum vexti en fram kom hjá SÁÁ að tæplega 60% þeirra sem sprauta sig með örvandi efnum eru að nota metýlfenídat eða Rítalín. Önnur lyf sem síður er hægt að misnota en sýna viðlíka virkni hjá þeim sem eru með ADHD hafa verið talsvert í umræðunni einnig en það eru Concerta og Strattera sem hafa gefið góða raun.

Þegar greiningu er lokið eru ýmsir möguleikar á meðferð þó einna algengast sé að nota lyf. Þótt klínísk virkni þeirra hafi verið staðfest í rannsóknum er mikilvægt að sálfræðimeðferð og fræðslu sé beitt markvisst og að einstaklingnum sé hjálpað með einkenni sín. Þar er fyrst og fremst atferlismótandi og hugrænum aðferðum beitt með ágætum árangri bæði í einstaklings- sem og hópameðferð. Þeim einstaklingum sem fá rétta greiningu og meðferð vegnar almennt vel og geta stundað sína vinnu eða nám án teljandi vandamála og því er mikilvægt að styðja vel við bakið á þeim hópi fólks og ekki láta fordóma og umræðu á villigötum hamla því að það fái aðstoð.

Hausverkur tveggja ráðherra

Heilbrigðismál
Vilhjálmur Hjálmarsson
einstaklingur með ADHD

Nú er ég hræddur um að ráðherrar fjár- og velferðarmála séu með dynjandi hausverk. Föstudaginn 12.10.12 sendi ég stutta ádrepu þar sem spurt var hvort ætlunin væri að berja höfðinu áfram við steininn og halda til streitu orðalagi í skýringartexta við fjárlagalið 08-206 í Fjárlögum 2013. Þegar þetta er skrifað hafa engin svör borist.

Fyrir þá sem ekki vita þá fylgir nýjum fjárlögum skýringartexti þar sem sagt er berum orðum að hætta eigi með öllu niðurgreiðslu til fullorðinna vegna ákveðinnar tegundar af ADHD-lyfjum. Velferðarráðuneytið þykist reyndar draga í land en stendur þó fast á að þennan lið fjárlaga skuli lækka um allt að 220 milljónir.

Gallinn við skýringartexta fjárlaga og annan rökstuðning frá ráðuneytunum er að flest gögn sem vísað er til segja allt aðra sögu. Í þeim kemur skýrt fram að þó mögulega megi spara um 200 milljónir með endurbótum á lyfjaávísunarkerfi lækna þá megi slíkar aðgerðir alls ekki bitna á meðferð til þeirra er á þurfa að halda. Enda hafi meðferðin sem slík fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir alla aldurshópa.

Í raun bendir allt til að líklega megi ná þessum niðurskurði fram með endurbótum á lyfseðlakerfinu einu og sér, enda væri þá horft til allra eftirritunarskyldra lyfja og misnotkunar fíkla á þeim.

En nú sem fyrr virðast Guðbjartur Hannesson og Katrín Júlíusdóttir ætli að þverskallast við ábendingum, rétt eins og bergrisar í þvermóðskukasti sem berja höfðinu við stein frekar en að játa sök. Í skjóli óheppilegs orðalags skal haldið ótrautt áfram, sama hverjir og hversu margir liggja í valnum.

> En nú sem fyrr virðast Guðbjartur Hannesson og Katrín Júlíusdóttir ætla að þverskallast við ábendingum…

Ef ekki tekst að telja ykkur hughvarf ítreka ég hér með þá ósk að þið svarið skrifum mínum og annarra hvað þetta málefni varðar og færið haldbær rök fyrir afstöðu ykkar. Sem fyrr er ónákvæmt orðalag afþakkað.

Eina lífsvon alþingismanna

Ný stjórnarskrá
Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari

Grundvöllur að öllu mannlegu samstarfi og samskiptum er traust, hvort heldur er í fjölskyldu og hjónabandi, fyrirtæki, stofnunum eða samfélaginu sjálfu. Í samfélaginu er mikilsverðast af öllu að almenningur geti borið traust til grundvallarstofnana ríkisins; Alþingis, framkvæmdarvaldsins og dómstólanna.

Þessu er því miður ekki að heilsa í íslenska þjóðfélaginu nú, þjóðfélagi sem státar sig af því að eiga elsta löggjafarþing í Evrópu og kom þegar á þjóðveldisöld á fót fullkomnara dómskerfi en nokkurt annað land í heiminum. Framkvæmdarvald var að vísu ekki til og eini embættismaður ríkisins var lögsögumaðurinn, sem „sagði upp lögin“ og var í raun lifandi stjórnarskrá þjóðveldisins.

Frá stofnun lýðveldis hefur átt að endurskoða stjórnarskrána frá 1944, sem að meginstofni er þýðing á DANMARKS RIGES GRUNDLOV af 5. Juni 1915 med Ændringer af 10. September 1920.

Við hrunið 2008, sem á sér enga hliðstæðu í 65 ára sögu lýðveldisins, töldu margir að nú væri tími kominn til að endurskoða stjórnarskrána, ekki vegna þess að „danska“ stjórnarskráin væri orsök hrunsins, heldur til að marka nýja stefnu – móta nýtt Ísland – eftir að í ljós kom glæpsamleg spilling í efnahagslífi og stjórnmálum landsins, spilling sem á sér enga hliðstæðu með nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum.

Sundurlyndi stjórnmálaflokka, sem eru sjálfum sér sundurþykkir, og augljós fyrirlitning stjórnmálamanna – svo ekki sé sagt hatur þeirra hver á öðrum – hefur kynt ófriðarbál sem enn brennur með þjóðinni og hefur tafið endurbætur á stjórnkerfi landsins.

Enn ríkir sundrung í þjóðfélaginu, tortryggni, reiði og vonbrigði. Frumstæð umræða á opinberum vettvangi – ekki síst frumstæð og ómálefnaleg umræða á Alþingi – gerir þinginu ókleift að ráða fram úr aðkallandi verkefnum.

> Þetta er eina von alþingismanna sem þeim gefst um langan tíma að efla traust almennings á Alþingi.

Með nýrri stjórnarskrá – nýjum þjóðarsáttmála – má vænta þess að unnt verði að auka ábyrgð stjórnvalda, tryggja raunverulega þrískiptingu valds og endurreisa traust almennings á Alþingi, ríkisstjórn og dómstólum.

Þetta er eina von alþingismanna sem þeim gefst um langan tíma að efla traust almennings á Alþingi. Óskandi er að alþingismenn þekki sinn vitjunartíma, hætti að rífast og vindi sér í að ganga frá frumvarpi að nýrri stjórnarskrá fyrir nýtt Ísland sem borin yrði undir atkvæði við alþingiskosningar næsta vor.

www.meiraprof.is

Course in English
for Icelandic Commercial driving licence
Duration 24 Oktober 2012

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

Hours: Monday, Tuesday, Wednesday, Friday, 17:30 – 21:50
Registration@ : rektorinn@gmail.com
Please send your full name, ID-no and mobile number

Óvissu eytt um endurútreikning

Fjármál

Skarphéðinn Pétursson
hrl. Veritas lögmenn slf.

Guðmundur Ingi Hauksson
verkfræðingur hjá Veritas Ráðgjöf slf.

Síðastliðinn fimmtudag 18. október féll hæstaréttardómur í máli Borgarbyggðar gegn Arion banka, mál nr. 464/2012. Sá dómur eyðir óvissu um hvernig endurreikna skal ólögleg gengistryggð lán. Ekkert á að vera lengur því til fyrirstöðu að innlendar fjármálastofnanir endurreikni öll lán, sem á annað borð hafa verið úrskurðuð ólögleg, með þeirri aðferðarfræði sem lýst er í dómi Hæstaréttar. Óvissuatriðum er lúta að endurútreikningi lána hefur með þessum dómi verið eytt, þótt óvissa sé áfram um lögmæti ákveðinna tegunda útlánsforma.

Afturvirkni laga nr. 151/2010 ólögleg

Samkvæmt dóminum er óheimilt að endurreikna ólögleg gengistryggð lán á íslenskum seðlabankavöxtum afturvirkt eins og lög 151/2010 kveða á um, óháð því hvort um er að ræða lán til fyrirtækja eða einstaklinga. Hæstiréttur er mjög skýr í forsendum sínum að afturvirkni þeirra laga sé íþyngjandi fyrir þegnana og gangi gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Í dómi Hæstaréttar er því slegið föstu að greiðslutilkynningar fjármálastofnunar og fyrirvaralaus móttaka á greiðslum í samræmi við þær tilkynningar jafngildi fullnaðarkvittun. Þá taldi Hæstiréttur að augljós aðstöðumunur hefði verið á milli Borgarbyggðar sem lántakanda og Sparisjóðs Mýrarsýslu sem lánveitanda þvert á það sem Arion banki hafði haldið fram, en upphaf málsins má rekja til láns Borgarbyggðar hjá Sparisjóði Mýrarsýslu sem síðar var tekinn yfir af Arion banka. Að öllu virtu var því talið að það stæði bankanum nær að bera þann vaxtamun sem af hinni ólögmætu gengistryggingu hlaust. Það yrði ekki leiðrétt afturvirkt heldur aðeins til framtíðar.

Endurreikna þarf öll lán að nýju

Þetta þýðir að allir endurútreikningar bankanna á ólöglegum gengisbundnum lánum fram til þessa eru rangir og fela í sér verulegt ofmat á skuldum þeirra fyrirtækja og heimila sem tóku ólögleg gengistryggð lán. Endurreikna þarf hvert eitt og einasta lán, sem á annað borð hefur verið talið ólöglegt, þar með talin öll bílalán, gengisbundin íbúðalán og fyrirtækjalán.

> Endurreikna þarf hvert eitt og einasta lán, sem á annað borð hefur verið talið ólöglegt, þar með talið öll bílalán, gengisbundin lán og fyrirtækjalán.

Tugmilljarða króna áhrif

Áhrifin af þessum dómi eiga því eftir að verða mikil og má gera ráð fyrir að þær fjárhæðir sem um er að ræða séu mældar í tugum milljarða króna. Jafnframt er ekki ólíklegt að einhver skaðabótamál rísi í kjölfar dómsins þar sem bankarnir hafa í mörgum tilfellum gengið hart fram gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum ef fjárhagstaða var ekki talin viðunandi miðað við lánastöðu samkvæmt endurútreikningi bankanna. Nú liggur hins vegar fyrir að lögleg staða lánanna er mun lægri, svo munar tugum prósenta, og því vakna upp spurningar um réttarstöðu aðila sem misst hafa eignir vegna ólöglegra endurreiknaðra lána.

Bankaleiðin – Veritas-leiðin

Reikniaðferð Veritas lögmanna, sem Hæstiréttur hefur nú dæmt réttmæta, felur í sér að allar afborganir skuldar sem inntar hafa verið af hendi koma að fullu til frádráttar höfuðstól, sem bera skal hvorki gengistryggingu né verðbætur af öðrum toga. Fjárhæð vaxta hafi ekki áhrif svo fremi sem þeir hafi verið að fullu greiddir fyrir viðkomandi tímabil. Þar sem þessari aðferð hefur ekki verið ekki beitt við endurútreikninga bankanna á ólöglegum gengisbundnum lánum fram til þessa, heldur miðað við seðlabankavexti í stað samningsvaxta, eru allir útreikningar bankanna rangir og leiða nánast undantekningarlaust til ofmats á höfuðstól láns. Lántakar hafa síðan verið að greiða vexti af hinum ofmetna höfuðstól og því ofgreitt vexti. Endurreikna þarf hvert eitt og einasta lán og í mörgum tilfellum getur verið að lán séu í raun þegar að fullu greidd. Því kann sú staða að vera uppi að einstaklingar og fyrirtæki greiði um hver mánaðamót af skuldum, sem ekki er stoð fyrir.

Gera þarf kröfu á bankana

Mikilvægt er fyrir viðskiptavini, sem þegar hafa gert upp gengisbundin ólögleg lán að fullu eða því sem næst, að gera sem fyrst kröfu á viðkomandi fjármálastofnun til að tryggja rétt sinn auk þess sem kröfurnar bera ekki dráttarvexti fyrr en þær eru settar fram. Þetta er sérlega mikilvægt í ljósi fyrstu viðbragða bankanna við dómnum, sem einkennast af útúrsnúningum, sennilega með það að markmiði að tefja mál enn frekar.

Stefnum áfram en verum hvorki tapsár né sigurglöð

Ný stjórnarskrá

Þorkell Helgason
fyrrverandi prófessor

Þjóðaratkvæðagreiðslan um stjórnarskrármálið er afstaðin. Þá hefst illu heilli hið íslenska karp um hver sigraði og hver tapaði. Sumir berja sér á brjóst og segja sinn málstað hafa sigrað, jafnvel sinn flokk, eða eru tapsárir og vilja ekki una þeim skilaboðum sem felast í úrslitum kosninganna. Mál er að slíku linni.

Þjóðaratkvæðagreiðslan sýnir ótrúlega mikla samstöðu þjóðarinnar ekki síst ef úrslitin eru borin saman við þá einu skoðanakönnun sem gerð var á undan atkvæðagreiðslunni. Það gerði MMR sl. vor og niðurstöðurnar voru nánast þær sömu og fengust á laugardaginn. T.d. voru 66,9% þeirra sem afstöðu tóku í þjóðaratkvæðagreiðslunni sammála því að leggja tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar frumvarpi að breyttri stjórnarskrá en hjá MMR var hlutfallið 66,1%. Munurinn er langt innan skekkjumarka. Í öðrum spurningum voru jáyrðin í skoðanakönnuninni nokkru eindregnari en þau voru í þjóðaratkvæðagreiðslunni (þó var ekki marktækur munur í kirkjuspurningunni). Ekkert verður hér fullyrt en þó bendir þetta vart til annars en að þeir sem heima sátu hafi verið hinum sem greiddu atkvæði næsta sammála.

Að mati undirritaðs voru skilaboð þjóðarinnar nógu skýr til að Alþingi getur nú lokið málinu „á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs“ eins og 2/3 kjósenda vilja. En það þarf að halda vel á spöðunum. Breyta þarf kirkjuskipunarákvæðinu í tillögum stjórnlagaráðs, herða á lögfræðingahópnum sem er að yfirfara tillögurnar í heild, yfirfara hvað er réttmætt í umsögn lögmannafélagsins og kanna aðrar ábendingar um lagfæringar sem fram hafa komið og byggja á rökum en ekki skætingi. Það ætti líka að gaumgæfa hvað veldur því að í tveimur kjördæmum fékk spurningin um jafnt vægi atkvæða ekki meirihlutafylgi. Var það vegna þess að viðkomandi ákvæði í tillögum stjórnlagaráðs eru óljós eða þeim ábótavant? Eða var það vegna þess að nokkrir þeir sem taldir eru sérfræðingar í lýðræðismálum misskildu ákvæðin á opinberum vettvangi? Þá þarf að upplýsa betur. Það er því mikið verkefni fram undan. Þar reynir á Alþingi og sérnefnd þess sem fjallar um stjórnarskrármál.

> Að mati undirritaðs voru skilaboð þjóðarinnar nógu skýr til að Alþingi getur nú lokið málinu „á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs“ eins og 2/3 kjósenda vilja.

Bera verður fullbúna endurskoðaða stjórnarskrá undir þjóðina undir lokin, helst samtímis þingkosningum að vori. Þá verður þátttaka meiri en var nú og keppikefli allra hlýtur að verða að þá náist ekki minni stuðningur við breytta stjórnarskrá en sl. laugardag. Við erum fámenn þjóð og verðum að ná sem mestri samstöðu um öll meginmál.

mazda

zoom-zoom

MAZDA3 ADVANCE

Mazda3 er rúmgóður fjölskyldubíll. Farðu vel með peningana þína. Fáðu áreiðanlegan Mazda3 sem er góður í endursölu. Mazda3 Advance sameinar sparneytni, lágan rekstrarkostnað og sérlega hagstætt verð. Komdu núna. Prófaðu Mazda3 Advance núna. Festu þér Mazda3 Advance á góða verðinu strax í dag.

MAZDA3 ADVANCE FRÁ KR. 3.090.000,-

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2009

Á meðal staðalbúnaðar eru álfelgur 16“, loftkæling, vindskeið á afturhlera, hraðastillir (cruise control) og margt fleira.

MAZDA3

*1,6 bensín 105 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 5,3l/100km, innanbæjar 8,4L/100km og 6,3L/100 km í blönduðum akstri. Co2 losun er 147 g/100 km. **Verð kr 3.090.000**

*1,6 dísil 115 hö. Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 3,8l/100km, innanbæjar 5,2L/100km og 4,3L/100 km í blönduðum akstri. Co2 losun er 115 g/100 km. **Verð kr 3.390.000** Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

*Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Öruggur staður til að vera á

Afbökun sannleikans

Búsáhaldabyltingin

Helga Katrín Tryggvadóttir

Jón Selmuson Guðmundsson
áhugafólk um borgaraleg réttindi

Er hægt að fjalla um sína „upplifun“ af atburði án þess að vera viðstaddur? Geir Jón Þórisson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, virðist vera fær um slíkt ef marka má erindi hans í Valhöll þann 16. október. Ýmis ummæli hans í því erindi vekja furðu, en ekki síst þau sem hann lét falla um „árásina“ á Alþingi 8. desember 2008, þar sem um þrjátíu manns gerðu tilraun til að fara á þingpalla Alþingis. Níu úr þeim hópi voru í kjölfarið ákærð fyrir brot á 100. grein hegningarlaga (valdarán) og áttu yfir höfði sér lífstíðarfangelsi. Öll ákærðu voru sýknuð og telur Geir að almenningsálitið hafi haft áhrif á dómarana í málinu.

Ummæli lögregluþjónsins bera þess merki að hann hafi litla trú á sjálfstæði dómstóla, nokkuð sem vekur athygli í ljósi þess að viðkomandi hefur um árabil unnið við það að færa fólk fram fyrir þá. Ef dómstólar sveigjast sem lauf í vindi sökum ábendinga almennings um að réttarhöldin væru pólitísk, hversu hæfir eru þeir þá í öðrum málum? Í öllu falli er um að ræða býsna alvarlega gagnrýni á íslenska dómstóla frá fyrrum háttsettum manni innan lögreglunnar.

Varðandi dóminn sjálfan, þá getum við raunar fullyrt að í þessu máli hafi lögregluþjónninn rangt fyrir sér. Það var ekki almenningsálitinu að þakka að flestir sakborningar voru sýknaðir. Við undirrituð vorum viðstödd nær öll réttarhöldin og það sem við sáum ekki með eigin augum lásum við frá orði til orðs þar sem bloggað var úr réttarsalnum (www.rvk9.org). Augljóst er í málsgögnum að engin sönnunargögn eða áreiðanlegir vitnisburðir gáfu til kynna að hundraðasta grein hegningarlaga hefði verið brotin, né að það hefði staðið til. Hins vegar hlaut lögreglan áfellisdóm í málinu. Hún átti að miklu leyti sök á glundroðanum sem skapaðist í þinghúsinu

> Ummæli lögregluþjónsins bera þess merki að hann hafi litla trú á sjálfstæði dómstóla, nokkuð sem vekur athygli í ljósi þess að viðkomandi hefur um árabil unnið við það að færa fólk fram fyrir þá.

þennan dag, þar sem hluti lögreglumannanna reyndi að koma í veg fyrir að hópurinn kæmist upp stigann og á þingpallana, á meðan aðrir reyndu að koma í veg fyrir niðurgöngu hópsins úr stiganum. Einu sakfellingarnar voru fyrir að fara ekki eftir fyrirmælum lögreglu og hindra hana í starfi en eins og fram kom í vitnaleiðslum voru þau fyrirmæli bæði óljós og misvísandi. Ákærðu voru sýknuð af öllum öðrum ákæruliðum. Framburður lögreglumannanna og þingvarða fyrir dómi var einnig misvísandi og óljós, rétt eins og skipanir þeirra umræddan dag. Samkvæmt vitnaleiðslum þá virtust þeir ekki einu sinni vita hver stjórnaði lögregluaðgerðinni.

En hvaða máli skiptir það nú að Geir Jón tjái sig um sína „upplifun“? Hefur hann ekki rétt til að segja sína skoðun eins og aðrir? Alvarleikinn er sá að sem fyrrum yfirmaður í lögreglunni hefur hann töluvert meiri vigt í umræðunni en leikmaðurinn. Fyrir einhvern sem hefur kynnt sér málið til hlítar, lesið gögnin og hlustað á vitnaleiðslur í málinu (sem hann virðist ekki hafa gert) þá hljóma ásakanir Geirs sem argasta lygi. Og það sem verra er; lygi sem sett er fram í pólitískum tilgangi til þess að stjórnmálaflokkur hans nái til sín völdum. Eini tilgangur þeirra þrjátíu sem fóru inn í þinghúsið þennan dag var að koma skilaboðum áleiðis til þingsins. Ekkert þeirra var vopnað. Eitt þeirra bar á sér blaðsnepil með hættulegum orðum: „Þetta hús þjónar ekki tilgangi sínum lengur“. Hefðu nímenningarnir verið dæmdir fyrir aðför að Alþingi þá hefði verið um að ræða alvarlega aðför að réttindum okkar.

Ef við lítum svo á að sannleikur sé vald þá má líkja afbökun á sannleikanum við valdarán. Hið raunverulega valdarán er að eiga sér stað núna, fyrir framan augun á okkur, þar sem lögregluforinginn og fylgismenn hans í Valhöll endurskrifa sannleikann til þess að koma sjálfum sér til valda.

Flökkuhugsun

Trúmál

Sigurður Pálsson
fv. sóknarprestur

Ég þakka grein Valgarðs Guðjónssonar í helgarblaði Fréttablaðsins. Þar viðurkennir hann að það sem hann í Silfri Egils kallaði „flökkusögu“ um að Mannréttindadómstóll Evrópu álíti það ekki brot á mannréttindum að eitt trúfélag hafi sérstöðu gagnvart ríkisvaldinu umfram önnur, er ekki flökkusaga heldur staðreynd. Hann virðist hafa vitað betur eða kynnt sér málið síðan, þar sem hann vísar í aðra dóma en ég þessu til staðfestingar. Hann segir strangar reglur gilda um fyrirkomulagið og líkur vera á að staða þjóðkirkjunnar sé brot á Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er einfalt fyrir hann að láta á það reyna svo hann losni við allt sem heitir „það eru líkur á“ eða „ég held“.

En svo hrekkur hann í áróðursgírinn og segir: „Dómurinn sem Sigurður vísar til (Kokkinakis gegn grískum stjórnvöldum) er svo hreint afbragð. Þetta er mál Grikkja sem var ítrekað dæmdur í fangelsi og til hárra sekta á fyrri hluta síðustu aldar fyrir að skipta um trú! Það eru umburðarlyndir „ferðafélagar“ sem kirkjan velur sér. Enn betra, niðurstaða réttarins í máli Kokkinakis – fyrir utan skaðabætur sem gríska ríkið þurfti að greiða honum: „Holds by six votes to three that there has been a breach of Article 9 (art.9).““

Bíðum við. Var ég að mæla því bót að brotið hefði verið á manninum? Nei, ég var aðeins að vísa til að í röksemdafærslu dómsins hefði komið fram að það bryti ekki gegn mannréttindum að eitt trúfélag hefði sérstöðu gagnvart ríkisvaldinu umfram önnur. Hvað ertu að fara Valgarður, með því að spyrða þetta saman með þessum hætti? Ertu að gefa í skyn að ég og aðrir kirkjunnar menn séum hlynntir mannréttindabrotum? Eru þetta rök í umræðum um samband ríkis og kirkju? Væru það gild rök gegn viðhorfum þínum ef ég spyrti þig við guðleysingja eins og Jósef Stalín og ofsóknir hans gegn kirkju og kristni, þar sem þið eigið guðleysið sameiginlegt? Þetta er ómerkilegur málflutningur og kemur umræðu um samband ríkis og kirkju ekkert við. Oj bara.

Valgarður gefur lítið fyrir sameiginlegan skilning ríkisvalds og kirkju á samningi þessara aðila frá 1997 og telur mig engar upplýsingar gefa um hvað ég hafi fyrir mér í því að það sé skilningur ríkisvaldsins að greiðslur til kirkjunnar séu afgjald af jörðum sem ríkisvaldið tók yfir. Lestu samninginn maður! Þótt hann sé þér þyrnir í augum breytir það ekki eðli samningsins og skilningi málsaðila á honum.

Síðan verður Valgarði hált á svellinu þegar hann vísar í frétt í Fréttablaðinu um tekjur presta af hlunnindum kirkjujarða sem þeir sitja. Hann segir: „Og til að kóróna vitleysuna þá halda prestar áfram að hirða hlunnindi af jörðunum.“ Þarna hefur Þórðargleði Valgarðs villt um fyrir honum, – eða er þetta kannski áróðursbrella? Ef hann hefði lesið fréttina fordómalaust hefði hann séð að hér er um að ræða jarðir sem enn eru í eigu kirkjunnar og féllu ekki undir samninginn 1997. Og svona til að forðast að málinu verði drepið á dreif og mér gerð upp sú skoðun að ég sé hlynntur þessu fyrirkomulagi þá er ég það ekki.

Og enn ber Valgarður höfðinu við steininn varðandi sóknargjöldin sem félagsgjöld og vísar til innheimtufyrirkomulags þessara gjalda og þess að fólk utan trúfélaga greiði sama gjald. Varðandi þá staðhæfingu að sóknargjöld séu félagsgjöld vil ég vísa til skýrslu nefndar innanríkisráðherra dags. 16. nóv. 2011. Í þessari skýrslu er rakinn aðdragandinn að núverandi innheimtufyrirkomulagi sem komið var á með lögum nr. 91/1987 og leysti af hólmi eldri lög, þar sem sóknarnefndir ákváðu sóknargjöldin og ríkið tók að sér innheimtu þeirra gegn 1% þóknun sem rann í ríkissjóð.

Breytingin til núverandi fyrirkomulags var gerð til að einfalda ríkinu innheimtuna, en breytti í engu eðli sóknargjaldanna sem félagsgjalda. Að ríkið skuli innheimta sömu upphæðir af þeim sem standa utan trúfélaga er trúfélögunum óviðkomandi og við ríkið eitt að sakast um það. Það er að sjálfsögðu hægt að hafa margar skoðanir á þessu fyrirkomulagi, en það breytir ekki því sem er kjarni málsins: Sóknargjöldin eru skilgreind sem félagsgjöld. Ástæða er til að árétta að ríkið innheimtir umrædd gjöld fyrir öll skráð trúfélög í landinu. Og kannski vænkast hagur Strympu. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem gerir ráð fyrir að lífsskoðanafélög eins og t.d. Siðmennt geti fengið skráningu á sama hátt og trúfélög og fái þá sín „sóknargjöld“. Það er hið besta mál. Kannski kemur þá annað hljóð í strokkinn.

Valgarður telur í lok greinar sinnar að ég færi engin rök fyrir því að kirkjan sé ekki ríkisrekin. Lestu lögin um þjóðkirkjuna og lestu ríkisreikninginn. Reikninga yfir rekstur kirkjunnar er hvergi þar að finna. Rekstur kirkjunnar er á ábyrgð kirkjuþings. Rekstur safnaðanna er á ábyrgð sóknarnefnda.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

EPLAVÖFFLUR

Vöfflur eru góðar og vinsælar. Prófið að rífa tvö epli í vöffludeigið en við það fær vafflan mjög gott bragð. Þegar vafflan kemur úr járninu er gott að strá örlitlum kanil yfir hana. Berið fram með ís eða þeyttum rjóma og ferskum berjum.

Frábær „Push up“

teg MEGAN í stærðum C,D,DD,E,F,FF,G,GG
á **kr. 8.680**

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg
Rafknúnir lyftihægindastólar

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

praxis
... þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.

Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólublá

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.

LÍFFÆRAGJAFIR ÞARF AÐ RÆÐA OPINSKÁTT

RÆÐUM SAMAN *Runólfur Pálsson, nýrnalæknir á Landspítalanum, segir mikilvægt að fólk ræði um líffæragjöf við sína nánustu. Sjálfsagt sé að tala um þessa hluti, jafnvel við unglinga. Þetta sé hluti af lífinu.*

Það geta allir lent í því að þurfa á líffæri að halda, hvort sem það er út af alvarlegum sjúkdómi eða öðru. Flestir líta á það sem sjálfsagðan hlut og vilja þiggja líffæri. Staðan er hins vegar ekki alveg sú sama þegar kemur að því að gefa þau,“ segir Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítalanum.

Tvenns konar löggjöf viðgengst í heiminum gagnvart líffæragjöf í dag. „Á Vesturlöndum er svokallað ætlað samþykki algengast. Þá er gengið út frá því að allir verði sjálfkrafa líffæragjafar við andlát. Hin löggjöfin, sú sem er í gildi á Íslandi, gengur út frá upplýstu samþykki. Þá þarf skrifleg yfirlýsing, sem sjaldnast er til staðar, að liggja fyrir frá hinum látna um að hann vilji gerast líffæragjafi. Í báðum löggjöfunum eru aðstandendur samt sem áður spurðir leyfis. Neiti þeir eru líffærin ekki nýtt.“

Í sumum þeirra landa þar sem ætlað samþykki er til staðar er gjafatíðni hærri sé hún borin saman við lönd eins og Ísland. „Hlutfall neitunar er lægra hjá aðstandendum í mörgum þeirra landa þar sem ætlað samþykki er til staðar. Sem dæmi mætti nefna Spán þar sem gjafatíðni er mjög há. Þannig virðist löggjöfin geta haft áhrif á það hvernig samfélagið í heild lítur á líffæragjöf í þá átt að fólk styrkist í þeirri hugsun að allir séu líffæragjafar.“

Til greina sem líffæragjafar koma einungis þeir sem dáið hafa heiladauða. „Slík dauðsföll eru ekki algeng og oftast tilkomin vegna alvarlegrar heilablæðingar eða höfuðáverka, og ber vanalega brátt að. Líkamanum er þá hægt að halda gangandi með vélum í takmarkaðan tíma. Við slíkar aðstæður getur verið erfitt fyrir aðstandendur að taka ákvörðun um líffæragjöf og því mikilvægt að vita hug hins látna áður. Á endanum eru það ávallt aðstandendur sem þurfa að taka ákvörðun. Það getur því auðveldað þeim að taka hana sé búið að ræða líffæragjöf innan fjölskyldunnar áður. Það ætti að vera alveg sjálfsagt að ræða þessa hluti, jafnvel við unglinga. Þetta er bara hluti af lífinu.“

Runólfur bendir á að upplýsingum um tölfræði sé ábótavant og rannsóknir nauðsynlegar. „Síðasta rannsókn hérlendis er frá árunum 1992-2002 þar sem um 40% aðstandenda neituðu að gefa líffæri hins látna. Mín tilfinning er sú að hlutfall neitunar hafi minnkað en nauðsynlegt er að uppfæra þessar tölur og gera nýjar rannsóknir.“

Í vetur mun þingsályktunartillaga Sivjar Friðleifsdóttur verða tekin til afgreiðslu á Alþingi. Þar er mælt fyrir breytingum á núverandi löggjöf frá upplýstu samþykki yfir í ætlað samþykki. „Það má búast við að í kjölfarið verði töluverð umræða í samfélaginu um líffæragjöf sem er mjög gott.“

■ vidir@365.is

ERFIÐ ÁKVÖRÐUN
Á endanum eru það ávallt aðstandendur sem þurfa að taka endanlega ákvörðun um hvort hinn látni verði líffæragjafi eða ekki.
MYND/ANTON

LAGABREYTING Í BÍGERÐ

Í vetur mun þingsályktunartillaga Sivjar Friðleifsdóttur, sem mælir fyrir breytingum á núverandi löggjöf um líffæragjöf, verða tekin til afgreiðslu á Alþingi. „Það má búast við að í kjölfarið skapist töluverð umræða.“

Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM

OLANG
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

SAFT
MUNDU AÐ EFNI SEM ÞÚ SETUR Á NETIÐ ER ÖLLUM OPIÐ, ALLTAF!
Heimili og skóli
www.saft.is

VETRARDAGAR
15% afsláttur af öllum Basler vörum
Úrval af peysum, buxum, drögtum, kjólum og yfirhöfnum.
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Við flytjum þér góðar fréttir
Brandenburg
Póst dreifing

365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu
Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*
Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

VINNUVERND MARGBORGAR SIG

VINNUVERND *Vinnuslys og vinnutengd vanheilsa er kostnaðarsöm fyrir fyrirtæki, einstaklinga og samfélög. Það græða allir á vinnuvernd, en yfirskrift Evrópskrar vinnuverndarviku sem hófst í gær er: Vinnuvernd – allir vinna.*

Evrópsk vinnuverndarvika er haldin á ári hverju undir forystu Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar í Bilbao á Spáni. Hún hófst í gær og í dag klukkan eitt verður haldin ráðstefna á Grand Hóteli. Markmiðið er að vekja athygli fólks á ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari.

Vinnuslys og vinnutengd vanheilsa er kostnaðarsöm fyrir fyrirtæki, einstaklinga og samfélög. Samkvæmt Alþjóðavinnumálastofnuninni er heildarkostnaður vegna þessa allt að fjögur prósent af vergri landsframleiðslu þjóða. Á hverju ári verða um þrjú prósent af íslensku vinnuafli fyrir vinnuslysi. Nýjar alþjóðlegar rannsóknir sýna að fjárhagslegur ávinningur af kerfisbundnu vinnuverndarstarfi er verulegur.

„Yfirskrift Evrópsku vinnuverndarvikunnar árin 2012 og 2013 er Vinnuvernd – allir vinna en það er einmitt mergur málsins," segir Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu. Hún mun stýra ráðstefnunni í dag. „Það græða allir á að innleiða vinnuvernd og hafa hana í huga við öll dagleg störf og skipulag fyrirtækja; fyrirtæki, einstaklingar og samfélag. Árið 2003 kom inn lagaákvæði um skyldu atvinnurekenda til að gera svokallað áhættumat. Það felur í sér að fara um vinnustaðinn og meta hvað gæti mögulega valdið heilsutjóni eða slysum og lagfæra. Eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins fara út í fyrirtækin og kanna hvar menn eru staddir í þessum efnum. Þá erum við með heilmikla fræðslu- og upplýsingastarfsemi og höfum meðal annars útbúið vinnuumhverfisvísa fyrir 38 starfsgreinar sem má nálgast á heimasíðunni okkar. Þeir eru eins konar leiðarvísar fyrir stjórnendur alls kyns fyrirtækja og hjálpa þeim að beina sjónum að hlutum sem þurfa að vera í lagi."

Þórunn segir miklu skipta að aðilar innan fyrirtækja séu ábyrgir fyrir því að hlutirnir séu gerðir og þeim sé fylgt eftir. „Fyrirtæki með fimmtíu starfsmenn eða fleiri ættu að hafa á að skipa öryggisnefnd en hlutfall fyrirtækja með slíka nefnd er nú 67-69 prósent. Markmið Vinnueftirlitsins er að fyrir árslok 2012 verði þetta hlutfall um áttatíu prósent. Fyrirtæki með 10-49 starfsmenn ættu að hafa öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Í dag hafa 46-49 prósent fyrirtækja í þeim stærðarflokki slíka aðila í sínum röðum en stefnt er að því að það hlutfall verði að minnsta kosti fimmtíu prósent í lok þessa árs.

Ráðstefnan í dag er öllum opin og ætti að sögn Þórunnar að höfða til breiðs hóps. Það verður farið um víðan völl. Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur, fjallar um sýn sveitarfélags á vinnuvernd, fulltrúi Strætó fjallar um árangurinn og fjárhagslegan ávinning af vinnuvernd hjá Strætó. Þá mun Guðmundur Oddgeirsson, framkvæmdastjóri vöruhótelsins Hýsingar, segja frá flutningi fyrirtækisins í nýtt húsnæði og hvernig vinnuvernd var höfð að leiðarljósi allt frá fyrstu stigum. Eftir hlé verður svo fjallað um líðan starfsfólks sveitarfélaga og fjármálafyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins og að lokum veitir Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra viðurkenningar.

Ráðstefnan er haldin á Grand Hóteli og hefst klukkan 13.

vera@365.is

VINNUEFTIRLITIÐ FYLGIST MEÐ
Atvinnurekendum ber skylda til að gera svokallað áhættumat. Það felur í sér að fara um vinnustaðinn og meta hvað gæti mögulega valdið heilsutjóni eða slysum og lagfæra.
MYND/GVA

FORVÖRN
„Það græða allir á að innleiða vinnuvernd og hafa hana í huga við öll dagleg störf og skipulag fyrirtækja," segir Þórunn.

HEILSA | REGÍNA MARÍA ÁRNADÓTTIR, LISTRÆNN STJÓRNANDI

MEISTARAMÁNUÐUR TEKINN MEÐ TROMPI Í NEW YORK

Regína María Árnadóttir býr í New York þar sem hún starfar sem listrænn stjórnandi hjá fatamerkinu Kalda og Style.com/print. Hún flutti til borgarinnar fyrir fjórum árum frá París þar sem hún stundaði nám. Regína er ein af fjölmörgum Íslendingum sem taka þátt í Meistaramánuðinum.

Hvers vegna tekur þú þátt í Meistaramánuðinum í ár? **„Fyrir utan átakið „Í kjólinn fyrir jólin" langaði mig að takast á við hluti sem ég var búin að fresta of lengi. Fyrir mér snýst Meistaramánuðurinn meira um að koma hlutunum í verk og vera jákvæð og hugsa markvisst um það hvernig ég get bætt sjálfa mig."**

Hvaða áskorunum tekur þú þennan mánuðinn? **„Ég hef meðal annars verið að gera eina mynd á dag sem tengist undirbúningi fyrir sýningu sem ég held úti hérna úti í vor. Síðan reyni ég að spila tennis tvisvar í viku, borða hollan mat og sleppi öllu áfengi. Svo reyni ég að svara öllum tölvupósti um leið og hann berst en það hef ég ekki gert hingað til."**

Taka vinir þínir og fjölskylda þátt í Meistaramánuðinum? **Kærastinn minn og flestir vinir taka þátt í ár. Nokkrir þeirra eru búsettir hér í New York. Mér tókst samt ekki að draga neinn úr vinnunni minni með í ár. Þar er gert létt grín að mér fyrir að taka þátt í „Sober October" eins og þeir kalla átakið í gríni."**

Hvernig hefur þér gengið? **Það hefur gengið mjög vel. Mér finnst frábært að vakna kl. sjö á morgnana og fá mér gulrótarsafa á leið í vinnuna. Eitt af markmiðum mínum í október er einmitt að vingast við starfsfólkið á djúsbarnum.**

LISTRÆN Í NEW YORK
Regína María Árnadóttir býr í New York. Hún tekur þátt í Meistaramánuðinum.

VETRARDEKK

ÞRIÐJUDAGUR **23. OKTÓBER 2012**

Kynningarblað Loftbóludekk, heilsársdekk, Evrópumerkingar og endurvinnsla.

Andaðu léttar

með harðskeljadekkjum frá Toyo

Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin. **Nagladekk valda svifryki og slíta akbrautum hundraðfalt meira en önnur dekk.** Árlega þarf Reykjavíkurborg að endurnýja um 10.000 tonn af malbiki vegna slits af völdum nagladekkja.

Í Reykjavík er svifryk 50% uppspænt malbik, 10% sót, 15% eyddir bremsuborðar og 25% jarðvegur og salt. Þess eru dæmi að leikskólar á höfuðborgarsvæðinu þurfi að **halda börnunum inni vegna svifryksmengunar.**

Toyo harðskeljadekkin innihalda brot úr valhnetuskel, sem er með hörðustu efnum sem finnast í náttúrunni. Skeljabrotin grípa eins og klær í hálkuna, draga verulega úr svifryksmengun og Silica gúmmíblöndunarefnið heldur þeim stöðugt mjúkum í miklu frosti. Toyo harðskeljadekkin eru því **raunhæf og örugg lausn í stað nagladekkja.**



Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

NESDEKK
Reykjavík
Reykjanesbæ

Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • S: 590 2045 • 590 2000

Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333

Umboðsmenn um land allt
www.benni.is



Taska frá Enjoy Karma. Handfangið er úr gömlum hjólbarða.

Belti úr reiðhjóladekkjum.

Trukkadekk í tísku

Hjólbarða má endurnýta á ýmsan hátt og hafa dekk meðal annars verið nýtt við gerð leiktækja fyrir börn um langan tíma. Þá hafa ónýtir hjólbarðar orðið að efniviði í þakklæðningar og gólfefni þar sem gúmmíið er kurlað niður og því blandað saman við bindiefni. Hjólbarðar nýtast þó ekki einungis í grófar vörur, hönnuðir nýta einnig ónýta hjólbarða í tískuvarning.

Taska frá Seal úr endurunnum hjólbarðaslöngum.

Seðlaveski úr hjólbarðagúmmíi.

Katcha Bilek hannaði töskulínu úr hjólbörðum.

Ug-sandalar úr endurunnu gúmmíi.

Skór frá Seal. Sólinn er úr reiðhjóladekkjum.

Skór frá Sole Rebels. Sólinn er unninn úr reiðhjólaslöngum.



Bleiki bílinn sem í dag er nokkurs konar tákn fyrir Elvis Presley.

Frægasti bíllinn í Graceland

Elvis Presley átti mikið safn fallegra bíla. Bleikur Cadillac var þó honum kærastur og var aldrei seldur.

Elvis Presley var sérstakur aðdáandi Cadillac-bíla þótt hann ætti aðrar tegundir líka. Þeir sem hafa heimsótt heimili hans, Graceland, hafa væntanlega séð bleika Cadillac Fleetwood-bílinn með hvíta þakinu sem hann gaf móður sinni að gjöf þann 7. júlí 1955, þótt hún æki ekki sjálf. Þetta er líklega frægasti Cadillac í heimi og hefur verið nokkurs konar tákn fyrir Elvis, enda var þetta uppáhaldsbíllinn hans. Bíllinn var í fyrstu blár með svörtu þaki, árgerð 1955 og er til sýnis á bílasafninu í Graceland ásamt nokkrum öðrum bílum Presley. Nágranni Elvis málaði bílinn fyrir hann og er sá eini sem veit hvernig sú málningarblanda er. Liturinn var kallaður „Elvis Rose“. Bíllinn skemmdist í árekstri í september 1955 og var svarta þakið þá málað hvítt. Elvis eignaðist fleiri Cadiallac-bíla en þann bleika seldi hann aldrei. Til eru myndir þar sem Elvis bónar bílinn en hann var alltaf gljáfægður og fínn.

Í Graceland má einnig sjá einkaflugvél rokkkóngsins sem nefnd var í höfuðið á dóttur hans, Lisu Marie. Elvis flutti til Graceland árið 1957 en nú er þar Elvis-safn sem dregur að sér aðdáendur Elvis um allan heim.

Graceland var opnað fyrir almenningi í júní 1982 og er mest heimsótta einkaheimili í Ameríku með yfir 600 þúsund heimsóknir árlega á eftir Hvíta húsinu og Biltmore Estate, heimili George Washington Vanderbilt, sem er stærsta einkaheimili í Bandaríkjunum. Elvis lést á heimili sínu 16. ágúst 1977. Við gröf hans í Graceland er ávallt mikill fjöldi fallegra blóma sem aðdáendur koma með. Foreldrar hans, Gladys og Vernon Presley, hvíla þar og sömuleiðis tvíburabróðir Elvis, Jesse Garon sem fæddist andvana.

DEKKIN VERÐA LEIKTÆKI

Gömul dekk nýtast ágætilega sem leiktæki fyrir börn. Hægt er að mála dekkin í glaðlegum litum, setja í þau sterka kaðla og skrúfur, og hengja þau upp sem rólur. Rólurnar geta bæði verið lóðréttar og þá skemmtilegt að standa í þeim, eða láréttar eins og sæti. Á síðunni www.frontierswings.com má sjá nokkrar útfærslur af dekkjarólum. Hægt er að hafa tvö dekk hangandi en þá stendur barnið ofan á öðru en hitt liggur undir handarkrikum. Sú gerð er kölluð twister. Fyrirtækið Frontier Swings selur margvíslegar útfærslur af dekkjarólum, meðal annars eina tegund sem er eins og hestur.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-25432 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

TVEIR SIGURVEGARAR! Aftonbladet okt. 2012

GOODYEAR UltraGrip Ice Arctic
GOODYEAR UltraGrip Ice+

AFTONBLADET
Testwinner
2010/10/14
Goodyear
UltraGrip Ice+
Category: non studded tires
205/55R16 91T
8 tires in test

EXPRESSEN
Testwinner
2010/11
Goodyear
UltraGrip Ice+
205/55R16 91T
15 tires in test

Teknikens Värld
ALLT OM BILEN
Testwinner
22/2010
Goodyear
UltraGrip Ice+
205/55R16 91T
15 tires in test

GOODYEAR UltraGrip Ice+ GOODYEAR UltraGrip Ice Arctic

3,1 % betra veggrip á ís

7 % betra grip á ís

3,5 % betra veggrip í snjó

Samanburður við meðaltal frammistöðu þriggja helstu keppinautana*

TEST WORLD
INTERNATIONAL TESTING SERVICES

MultiControl Ice
TECHNOLOGY

*Miðað við meðaltal árangur þriggja helstu keppinauta á ís, snjó, blautum og þurrum vegi,mælt af Test World Ltd í janúar 2012, dekk stærð: 205/55R16 94T, prófað á: Audi A3. Colmar-Berg og Wittlich, Report No: TW-TT11-MT224

GOODYEAR
Safety together

Nýir byltingakenndir naglar = Hámarks grip við krefjandi skilyrði
Engar málamiðlanir = Meira öryggi

KLETTUR

BJÓÐUM EINNIG:

DUNLOP Sava MINERVA PREMIUM QUALITY TYRES

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | www.klettur.is

„Loftbóludekkin eru í raun fyrsti raunverulegi valkosturinn í stað þessara hefðbundnu nagladekkja," segir Arngrímur Þorgrímsson, framkvæmdastjóri Betra grips. MYND/GVA

Grænn valkostur með loftbóludekkjum frá Bridgestone

Minni mengun, öryggi og góð ending einkenna nýju loftbóludekkin frá Bridgestone. Betra grip ehf. hefur umboð fyrir úrvalsdekkjum frá Bridgestone og Firestone auk þess að reka hjólbarðaverkstæði í Lágmúla.

Fyrirtækið Betra grip ehf. starfrækir hjólbarðaverkstæði og heildverslun í Lágmúla 9 í Reykjavík. Fyrirtækið er umboðs- og söluaðili fyrir Bridgestone- og Firestone-hjólbarða sem Arngrímur Þorgrímsson, framkvæmdastjóri Betra grips, segir vera með þeim bestu sem völ er á. „Að öðrum dekkjum ólöstuðum er Bridgestone stærsti og um leið einn virtasti dekkjaframleiðandi á markaðnum í dag. Bridgestone er með höfuðstöðvar í Japan og dekkjaframleiðslu um allan heim. Við flytjum inn Bridgestone-hjólbarða fyrir allar gerðir bifreiða, allt frá dekkjum undir minnstu fólksbíla og upp í stór og sterk lyftaradekk sem vega um hálft tonn. Við höfum einnig selt um tveggja ára skeið nýjustu línu loftbóludekkja frá þeim, svokallaða þriðju kynslóð af loftbóludekkjum, WS70- og DMV1-dekk."

Arngrímur segir nýju loftbóludekkin hafa vakið mikla eftirtekt og ánægju meðal viðskiptavina um allan heim. „Loftbóludekkin eru í raun fyrsti raunverulegi valkosturinn í stað þessara hefðbundnu nagladekkja sem allir þekkja. Dekkin hafa náð mikilli útbreiðslu um allan heim á skömmum tíma enda úrvalsdekk hér á ferð."

Öryggi og þægindi

Dekkin eru að sögn Arngríms hönnuð með öryggi, þægindi og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Þau eru frábrugðin öðrum vetrardekkjum á markaðnum þar sem þau eru framleidd úr gæða gúmmíefnum. „Multicell er að 2/3 hlutum þakið litlum loftbólum sem mynda undirþrýsting við yfirborð vegarins. Fyrir vikið myndast sogkraftur á milli undirlagsins og loftbóludekksins sem ekið er á. Því hafa þessi dekk einstaka gripeiginleika hvort sem undirlagið er snjór eða ís. Segja má að dekkin virki eins og öflugar sogskálar þannig að loftbólurnar sjúgi sig niður í malbikið og dragi í sig vökva og hrinda jafnóðum frá sér þegar hjólin snúast. Þessi dekk henta því vel íslenskum vetraraðstæðum, eru hljóðlát, umhverfisvæn og endast vel."

Bridgestone er stærsti og einn virtasti dekkjaframleiðandi heims. MYND/GVA

Arngrímur segir loftbóludekkin vera einstaklega mjúk og til þess fallin að auka mjög þægindi í akstri. „Efnið hefur afar mikið frostþol og loftbóludekkin tapa ekki mýkt sinni þó úti sé mikið frost eins og verður oft hér á landi. Dekkin fjaðra hljótt og örugglega á undirlaginu og að aka bílnum verður allt önnur og mun skemmtilegri upplifun en áður."

Minna svifryk

Einn fylgifiskur mikillar notkunar nagladekkja er svifryksmengun. Þegar logn er yfir vetrartímann má oft sjá mikla mengun yfir Stór-Reykjavíkursvæðinu sem er að mestu tilkomin vegna nagladekkjanna að sögn Arngríms enda keyra mjög margir á slíkum dekkjum. „Með því að aka á loftbóludekkjum má koma í veg fyrir þetta vandamál og minnka mengun án þess að stofna öryggi í umferðinni í hættu."

Betra grip starfrækir einnig hjólbarðaverkstæði í húsnæðinu að Lágmúla 9. Fyrirtækið hefur á að skipa úrvals starfsmönnum sem búa yfir mikilli reynslu varðandi vetrardekk og taka vel á móti viðskiptavinum. Auk þess selur Betra grip verkstæðistæki frá Ravaglioli og viðgerðavörur fyrir hjólbarða frá Tip Top.

Verkstæðið og heildverslunin eru opin alla virka daga frá klukkan 8 til 18. Verkstæðið er opið á laugardögum frá klukkan 10 til 14. Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 533-3999 eða á heimasíðu fyrirtækisins, www.betragrip.is.

KUMHO SUNNY Gremax

VETRARDEKK Á FRÁBÆRU VERÐI

Á DEKKJAHÓTELI N1 BÝÐST ÞÉR AÐ GEYMA DEKKIN GEGN VÆGU GJALDI

FJÖGUR DEKK, VINNA OG VENTLAR ERU INNIFALIN Í ÖLLUM TILBOÐUNUM*

175/70 R 13
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **45.900 KR.**
FULLT VERÐ: 62.435 KR.

175/65 R 14
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **45.900 KR.**
FULLT VERÐ: 62.435 KR.

185/65 R 14
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **49.900 KR.**
FULLT VERÐ: 62.435 KR.

185/65 R 15
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **51.900 KR.**
FULLT VERÐ: 70.395 KR.

195/65 R 15
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **55.900 KR.**
FULLT VERÐ: 76.395 KR.

215/65 R 15
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **71.900 KR.**
FULLT VERÐ: 98.080 KR.

225/60 R 16
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **73.900 KR.**
FULLT VERÐ: 100.900 KR.

205/55 R 16
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **59.900 KR.**
FULLT VERÐ: 78.940 KR.

225/45 R 17
VETRARDEKK NEGLANLEG
TILBOÐ: **72.900 KR.**
FULLT VERÐ: 98.820 KR.

*Tilboðin gilda á völdum dekkjum og fást aðeins á hjólbarðaverkstæðum N1 á meðan birgðir endast. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum. Negling ekki innifalin í verði.

Hjólbarðaverkstæði N1 eru einu hjólbarðaverkstæði landsins sem eru gæðavottuð af Michelin.

MICHELIN Quality Dealer 2012

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA N1: Fellsmúli 440 1322 | **Ægisíða** 440 1320
Bíldshöfði 440 1318 | **Réttarháls** 440 1326 | **Langitangi** Mosfellsbæ 440 1378
Reykjavíkurvegur Hafnarfirði 440 1374 | **Dalbraut** Akranesi 440 1394
Grænásbraut Reykjanesbæ 440 1372 | **Tryggvabraut** Akureyri 440 1438

WWW.DEKK.IS

N1

Meira í leiðinni

Upplýstari neytendur með Evrópumerkingum á dekkjum

Nú í nóvember mun reglugerð Evrópusambandsins taka gildi, en hún kveður á um að öll dekk seld innan þess gangist undir sams konar prófanir og verði merkt samkvæmt niðurstöðum þeirra. Merkingarnar munu auðvelda neytendum að bera saman dekk.

Flókið getur verið fyrir almenning að átta sig á því hvaða dekk eru betri en önnur. Margir framleiðendur eru þó taldir framleiða betri dekk en aðrir og ýmsar rannsóknir gerðar og prófanir. Engin þeirra nær þó til allra dekkja og því er um verulega hagsbót fyrir neytendur þegar öll dekk sem seld eru innan Evrópusambandsins þurfa að gangast undir sams konar prófanir og vera merktar samkvæmt niðurstöðum þeirra. Merkingarnar þurfa að vera á álímdum miða á dekkjunum eða vera sýnileg neytendum á annan hátt áður en kaupin fara fram.

Þrír eiginleikar dekkjanna eru mældir og í tveimur flokkum er gefin einkunn fyrir hvern þeirra með bókstöfunum A til G. A gefur til kynna mestu gæði og G minnstu. Í prófunum er mælt vegviðnám dekkjanna og þar með mengun og eldsneytiseyðsla, veggrip í bleytu og hljóðstyrkur veghljóðs. Þannig getur neytandinn borið saman dekk frá öllum framleiðendum út frá þessum eiginleikum sem ættu að endurspeglast í verði.

Þrír eiginleikar dekkjanna eru mældir og í tveimur flokkum er gefin einkunn fyrir hvern þeirra með bókstöfunum A til G.

Sparneytni og viðnám

Einu snertifletir ökutækja við veginn eru fjórir lófastórir fletir dekkjanna. Því meira viðnám sem dekk hafa, því meiri orku þarf til að aka bílnum áfram og þar með meira eldsneyti. Um það bil tuttugu prósent af eyðslunni má rekja til vegviðnáms svo munurinn á kostnaði getur verið umtalsverður. Með því að velja flokk A sparast að meðaltali 7,5 prósent í eldsneytisnotkun á ári í samanburði við dekk sem fá merkinguna G. Minni eldsneytiseyðsla þýðir líka minni útblástur á koltvísýringi og þar með umhverfisvænni akstur.

DÆMI: Samkvæmt reiknivél orkuseturs kostar bensín á Toyotu Corollu sem ekið er 25 þúsund kílómetra á ári 446 þúsund krónur. Ef við gefum okkur að þar sé miðað



A gefur til kynna mestu gæði en G minnstu.

við dekk sem merkt eru G í veggripi ættu að sparast um 33 þúsund krónur á ári með því að kaupa dekk í A-flokki.

Hemlunarvegalengd í bleytu

Næsti flokkur sýnir hemlunarvegalengd dekkja á blautu yfirborði. Í þessum flokki er bókstöfunum D og G sleppt. Því eru bara fimm flokkar í stað sjö eins og í mælingu á viðnámi. Munurinn milli flokks A og F í hemlunarvegalengd getur numið allt að 18 metrum eða fjórum bíllengdum. Prófanirnar miða við að ekið sé á 80 kílómetra hraða á klukkustund í bleytu. Munurinn milli hvers flokks fyrir sig er á bilinu 3-6 metrar. Átján metrar eru töluverð vegalengd þegar um nauðhemlun er að ræða og gæti vel komið í veg fyrir stórslys.

Veghljóð

Hávaðinn sem myndast utan bílsins af snertingu dekkjanna við veginn er mældur í desibelum. Framtíðarmörk Evrópusambandsins sem taka gildi nú í nóvember eru 72 desibel og eiga að gilda til 2016. Merkingin sem notuð er í þessu tilfelli er ekki táknngerð með bókstöfum, heldur með mynd af dekki, hátalara og þremur strikum. Eitt strik táknar að dekkið er að minnsta kosti þremur desibelum undir framtíðarmörkum. Tvö strik tákna að dekkin standast framtíðarmörk um hávaðamengun og þrjú strik að þau séu á milli núverandi marka og framtíðarmarka.

Heimild: www.etrma.org og www.tyre-shopper.co.uk/

JEPPADEKK

ARCTIC TRUCKS

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga

Vönduð amerísk heilsársdekk
frá Dick Cepek
- stærðir 31- 44 tommur
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip

Gott verð!

38x15,5R15
38 tommu dekk
sem er sérstaklega
hannað fyrir
íslenskar aðstæður.
- slitsterkt
- endingargott
- hljóðlátt
- míkróskorið
- neglanlegt

Dekkjaverkstæði á staðnum. Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu.

Við eigum dekkin undir bílinn þinn og bjóðum upp á alla dekkjaþjónustu.
Þú kemur þér notalega fyrir með kaffibolla meðan þú bíður.
Bjóðum einnig ástandsskoðanir, smurþjónustu og almenna viðgerðarþjónstu.

Skjót og góð þjónusta!

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

FÍB hvetur bíleigendur til að gera þarfagreiningu út frá búsetu og akstursþörf þegar vetrardekk eru valin.

Nagladekkin öruggust

Til stóð að banna nagladekk í Stokkhólmi til að draga úr svifryksmengun en nú hefur verið fallið frá því. Hins vegar verður lagt sérstakt gjald á þá bíleigendur sem velja neglda hjólbarða eða 36.600 íslenskar krónur.

Mikil umræða hefur verið um negld dekk bæði hérlendis og í grannlöndum okkar undanfarin ár. Negldu dekkin eru sögð rífa upp vegyfirborð og valda svifryksmengun og eru þar af leiðandi sögð heilsuspillandi. Ýmsar prófanir hafa verið gerðar á þessu og niðurstöður hafa verið misvísandi. Enn hefur ekki verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að nagladekk séu aðalsvifryksvaldurinn. Hins vegar hafa allar vandaðar prófanir á vetrahjólbörðum undanfarin ár staðfest að góðir negldir vetrarhjólbarðar eru öruggastir í vetrarfæri. Framleiðendur gæðahjólbarða hafa þó komið fram með svo góða óneglda hjólbarða að þeir nálgast umtalsvert þá negldu og taka meira að segja þeim slökustu fram hvað öruggt grip varðar.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hvetur bíleigendur til að gera þarfagreiningu út frá búsetu og akstursþörf þegar vetrardekk eru valin. Veðurfar á Íslandi er óstöðugt og talsvert mismunandi eftir landshlutum. Það sem er sammerkt með flestum landsvæðum er votviðri en bleyta og krap á slitnum vegum kallar á hjólbarða sem ryðja vel frá sér vatni og eru ekki gjarnir á að fljóta upp en við þær aðstæður verður bíllinn stjórnlaus. Dekk sem duga vel í bleytu og krapi eru því nauðsynleg fyrir alla og þeir sem búa í tilteknum landshlutum þurfa hreinlega á nagladekkjum að halda. FÍB telur því varhugavert að fara þá leið að skattleggja öryggisbúnað, sem naglarnir eru við tilteknar aðstæður, eins og Stokkhólmsyfirvöld hyggjast nú gera.

Heimild: www.fib.is

Elín Dögg Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Dekkjahallarinnar. MYND/DEKKJAHÖLLIN

Dekkjahöllin, nú líka í Skútuvogi 12

Dekkjahöllin hefur bætt þjónustu við viðskiptavini sína og opnað nýja og fullkomna hjólbarðaþjónustustöð í Skútuvogi 12 (næsta hús við Blómaval). Stutt er síðan Dekkjahöllin opnaði fyrst í Reykjavík en viðtökurnar hafa verið frábærar og því var ráðist í að opna aðra stöð í Reykjavík og bæta þar með enn frekar þjónustuna.

Dekkjahöllin er fjölskyldufyrirtæki sem hefur vaxið jafnt og þétt frá því það var stofnað á Akureyri fyrir um þrjátíu árum. Allt frá upphafi hefur verið lögð áhersla á snögga og persónulega þjónustu og í dag er boðið upp á mikið úrval dekkja frá yfirburðaframleiðendum á borð við Yokohama, Marangoni, Cooper og fleiri. Með beinum innflutningi og hagstæðum samningum næst sérstaða er varðar verðlagningu.

„Við leggjum áherslu á að bjóða betri dekk á lægra verði," segir Elín Dögg Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Dekkjahallarinnar og jafnframt dóttir stofnanda fyrirtækisins. „Í kjölfar kreppunnar hafa kröfur viðskiptavina aukist, þ.e. þeir vilja meiri gæði á betra verði og við höfum notið góðs af því. Við verðum líka vör við að fólk vill í enn meiri mæli skipta við fjölskyldurekin fyrirtæki. Það skiptir jafnframt máli að við höfum verið fjárhagslega ábyrg, ekki skipt um kennitölu eða fengið aðra hjálp."

Keppast við að stytta biðtíma viðskiptavina

Hjá Dekkjahöllinni starfa um 35-40 manns að jafnaði en á álagstímum er fleirum bætt við til að auka afköst og þjónusta viðskiptavini eins fljótt og auðið er. „Það tekur að jafnaði ekki nema 5-15 mínútur að skipta um dekk á bíl. Við leggjum upp úr að vera með vel þjálfaða og reynslumikla starfsmenn, sem eru sérfræðingar í sínu fagi og snöggir til verka," segir Elín og bætir síðan brosandi við: „Við erum líka lánsöm með starfsandann hjá okkur því að starfsfólkið veigrar sér ekkert við að flytja á milli landshluta þegar álagið breytist. Oftast kemur snjórinn fyrst á Norður- eða Austurlandi og síðast í Reykjavík. Á skrifstofunni eru svo fimm konur og við látum okkar ekki eftir liggja, heldur aðstoðum í salnum og afgreiðslu þegar þörf krefur. "

Viðskiptavinir geta nálgast ráðleggingar og verðtilboð með því að koma á staðinn, hringja eða senda inn fyrirspurn í gegnum vefinn: www.dekkjahollin.is. Mikilvægt er að allir hugi að vetrardekkjunum sem fyrst, því dekkin eru mikilvægt öryggistæki.

Hjá Dekkjahöllinni er keppst við að stytta biðtíma viðskiptavina. MYND/DEKKJAHÖLLIN

GERÐU VERÐSAMANBURÐ! - FÁÐU UPPLÝSINGAR OG TILBOÐ Á WWW.DEKKJAHOLLIN.IS

Höfum opnað í Skútuvogi 12 J

GÆÐA DEKK Á BETRA VERÐI

Opið:
Virka daga 8–18
Laugardaga 10–14

Sími:
581 3022

Verið velkomin!

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

AKUREYRI
Draupnisgötu 5
462 3002

EGILSSTAÐIR
Þverklettum 1
471 2002

REYKJAVÍK
Skeifunni 5
581 3002

REYKJAVÍK
Skútuvogi 12
581 3022

Frábært úrval af gæðadekkjum
www.dekkjahollin.is

Ódýrustu heilsársdekkin eru í Dekkjahöllinni skv. óformlegri könnun DV, 19. september 2012

Dekk fyrir íslenskar aðstæður

Starfsmenn Vöku veita aðstoð við val á réttu dekkjunum fyrir veturinn en fyrirtækið er meðal annars með hágæða dekk frá Falken. Vaka hefur þá sérstöðu í hjólbarðabransanum að þar er hægt er að panta tíma sem hentar hverjum og einum á netinu.

Vaka rekur dekkjaverkstæði og hjólbarðasölu á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Skútuvogi 8 í Reykjavík og á Smiðjuvegi 28 í Kópavogi. Á báðum stöðum er ríkulegt úrval dekkja í öllum gæðaflokkum.

Steinar Már Gunnsteinsson hjá Vöku segir harðskeljadekkin frá Falken vera virkilega góðan kost. MYND/GVA

Rúnar Grétarsson og Bjarni Ingólfsson, dekkjaráðgjafar Vöku, tilbúnir í slaginn.

Dekk fyrir íslenskar aðstæður

„Við erum meðal annars með Falken-dekk til sölu en þau eru sérhönnuð fyrir veðráttu í Norður-Evrópu og henta því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. Þau eru framleidd í Japan og þetta er mjög þekkt merki í Evrópu," segir Rúnar Grétarsson, dekkjaráðgjafi hjá Vöku.

Fyrstur kemur fyrstur fær

„Núna erum við að fylla húsið af nýjum og notuðum dekkjum og það er gamla, góða reglan sem gildir; fyrstur kemur fyrstur fær, því bestu dekkin fara alltaf fyrst. Starfsmenn okkar veita ráðgjöf við kaup á réttum dekkjum við hinar ýmsu aðstæður. Það eru ekki valin sömu dekk fyrir þann sem keyrir meira og minna hérna í bænum og þann sem keyrir yfir heiðina á hverjum degi, sama hvaða heiði það er," segir Rúnar.

Harðskeljadekk í bænum

Vaka er með dekk í öllum stærðum til sölu og vetrardekk af öllum gerðum. Fyrirtækið er með nagladekk, venjuleg vetrardekk og harðskeljadekk til sölu. „Harðskeljadekkin frá Falken eru sérstaklega ætluð fyrir þá sem velja að sleppa nöglunum. Þau eru örugg og ætluð fyrir snjó og hálku þannig að þau eru alveg kjörin fyrir íslenskar aðstæður. Fyrir fólk sem er lítið sem ekkert að keyra fyrir utan höfuðborgarsvæðið eru harðskeljadekk virkilega raunhæfur og góður möguleiki."

Gott verð á hágæðavöru

Verð á Falken-dekkjum er mjög hagstætt að sögn Rúnars miðað við að þau eru hágæðavara. „Við erum líka með tilboð á dekkjum frá Infinity sem framleidd eru í Kína en þau hafa reynst vel á Íslandi. Í því merki erum við með pakkatilboð á heilum gangi. Hér hjá Vöku tökum við öll seljanleg dekk upp í viðskipti hjá okkur."

Engin bið í röð

Vaka hefur sérstöðu í hjólbarðabransanum því þar þarf ekki að bíða í röð eftir þjónustu. „Hjá okkur er hægt að bóka tíma í umfelgun á þeim tíma sem hentar hverjum og einum. Sá tími sem hentar er einfaldlega valinn á Vakahf.is. Okkur hjá Vöku þykir gamaldags að bíða í lengri tíma í röð fyrir framan dekkjaverkstæði til að fá þjónustu þannig að við höfum tekið upp þetta kerfi. Fólk kemur svo með bílinn og við gerum þetta á skömmum tíma á meðan fólk bíður."

Vaka býður einnig upp á dekkjahótel þar sem dekkin eru geymd á öruggum stað svo þau taki ekki dýrmætt pláss í geymslu fólks.

FALKEN dekk

Í mörg ár hefur Siberian Husky verið tryggur félagi í hörðum vetrum í norðaustur Síberíu. Husky er virkur, ötull og seigur en forfeður hans komu frá mjög köldu og hörðu umhverfi á norðurslóðum. Siberian Husky er því tilvalið tákn fyrir **FALKEN dekk** sem eru frábær fyrir íslenskar aðstæður, örugg í gegnum ís og snjó!

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

OPIÐ: Virka daga 8-18 og laugardaga 10-14
Skútuvogi 8 og Smiðjuvegi 28 / Sími 567 6700
vakahf@vakahf.is / vakahf.is

D-VÍTAMÍN Í VETRARBYRJUN

HOLLT

Þegar vetur gengur í garð finna margir fyrir orkuleysi. Suma þeirra sem þjást af þreytu skortir D-vítamín eða sólskinsvítamínið. Lítil birta getur verið orsakavaldur en við fáum 90% D-vítamíns með sólarljósi. Það er því afar mikilvægt að nota birtuna á meðan hún varir og fara í göngutúr. Um þetta hefur verið mikið fjallað að undanförnu og fólk því orðið meðvitað um að gott sé að taka inn D-vítamín. Hins vegar eru færri sem gera sér grein fyrir að mataræðið skiptir einnig máli. Fiskur ætti til dæmis að vera oftar á borðum. Fæðutegundir sem eru ríkar af D-vítamíni eru egg, mjólk, lifur, smjör og fiskur. Lax er til dæmis sérstaklega ríkur af D-vítamíni auk þess að vera góður matur. Hér er einföld uppskrift að grilluðum laxi með mintusósu fyrir fjóra.

600 g laxaflak
1 tsk. salt
2 msk. tandoori-krydd
1 msk. olía

Saltið flakið klukkustund áður en það er eldað. Þerrið það síðan og nuddið með tandoori-kryddinu. Penslið fiskinn síðan með olíu. Leggið flakið á heita grillpönnu, roðmegin, og steikið þar til liturinn breytist á fiskinum. Snúið þá við og steikið örstutta stund á kjöthliðinni.

Mintusósa
1 dós hrein jógúrt
2 msk. fínt söxuð minta
Salt og pipar

Blandið mintunni saman við jógúrtina og bragðbætið með salti og pipar. Gott er að gera þetta fyrir fram þannig að sósan nái að brjóta sig.
Berið laxinn fram með mintusósu og góðu salati.

VINSÆL AFSÖKUN

LYGARAR

Samkvæmt netkönnun sem framkvæmd var í Bretlandi, sem eitt þúsund konur svöruðu, viðurkenndu nærri 40% að hafa logið til um að vera á blæðingum til að losna undan kynlífi. Höfuðverkur er algengasta lygin í svefnherberginu en konurnar notuðu blæðingar einnig oft sem afsökun til að segja nei við bónda sinn. Blæðingar eru einnig notaðar sem afsökun til að losna undan leikfimi eða öðrum íþróttum. Um 20% nota blæðingar sem afsökun fyrir því að vera í vondu skapi eða til að liggja í leti. Konurnar fundu ekki fyrir samviskubiti vegna þessara lyga.

ENGIFER VIÐ KVILLUM

Í meira en tvö þúsund ár hefur verið mælt með notkun engifers í austurlenskum lækningafræðum.

Engiferjurtin hefur bæði verið notuð sem fyrirbyggjandi vörn og lækning við hinum ýmsu kvillum svo sem höfuðverk, hálsbólgu, hósta, magakveisu og svona mætti lengi telja.
Margir hafa nú þegar nælt sér í einhverjar haustpestir og því ekki vanþörf á að birta hér uppskrift að góðu engifertei sem vonandi getur linað einhverjar kvalir.
4 til 6 þunnt skornar sneiðar af hráum engifer
1 1/2 til 2 bollar vatn
Safi úr 1/2 lime
1 til 2 tsk. hunang
Sjóðið engifer í vatni í tíu mínútur. Því lengur sem soðið er þeim mun sterkara verður teið. Takið af hitanum og bætið lime-safa og hunangi við. Njótið.

BJÓÐIÐ BAKTERÍUNUM BYRGINN
Engiferdrykkir eru góðir við kvefi og hvers kyns kvillum.

NORDIC PHOTO/GETTY

NUTRILENK

NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN

Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
- því getur fylgt heppni!

Endurheimt liðheilsa og laus við lyfin!

Fyrir 3 árum gekkst ég undir liðskiptaaðgerð á mjöðm, hafði ég þurft að taka inn gigtarlyf í 5 ár þar á undan vegna slitgigtar í báðum mjöðmum og hálsliðum. Eftir aðgerðina var ég í tiltölulega stuttan tíma á sterkum verkjalyfjum því ég byrjaði meðfram þeim að taka inn Nutrilenk og fann ég fljótt fyrir mun betri líðan.

Verkjalaus og svaf eins og engill

Á einhverjum tímapunkti ákvað ég að hætta að taka inn NutriLenk, mér leið svo vel - verkjalaus og svaf allar nætur eins og engill en eftir nokkra daga fann ég fyrir gamalkunnum verkjum og var ég fljót að byrja aftur að taka inn NutriLenk.

Nú tek ég NutriLenk Gold að staðaldri, 3 töflur á dag eða fleiri – því þar sem mér finnst gaman af allri útiveru og fer til dæmis í golf, göngur og sund þá þarf ég að "hlusta" á líkamann og taka fleiri töflur þá daga sem ég er í meiri hreyfingu – allt upp í 5 töflur á dag.

Nutrilenk Gold hefur reynst mér hin besta heilsubót og undravert hversu vel það virkaði eftir aðgerðina. Frábært að hægt sé að endurbæta liðheilsuna með náttúrulegu efni og get ég svo sannarlega mælt með Nutrilenk Gold.

Anna K Ágústsdóttir



PRENTUN.IS

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum

Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.

Heilbrigður liður

Liður með slitnum brjóskvef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

Prófið sjálf-upplifið breytinguna!

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

BÍLAR & FARATÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS

Til sölu Honda PAN EUROPEAN 1300cc 9/2007 ek 23 þús km, Einn eigandi, umboðshjól. Topptaska fylgir. Ásett 1.980 þús, skoða skipti. Raðn.108863 sími 510-4900 gsm 857-1330.

Til sölu Toyota Yaris 2003 ek. 193 þús. km, 5dyra, bsk, Heilsársdekk. Verð 390 þús. kr.100% Visa-Euro í alltað 48 mán. raðn.109156 sími 510-4900.

Til sölu Toyta Rav4 1998 ek. 207 þús. km, 5dyra Sjálfsk. Heilsársdekk. Verð 290 þús. kr. 100% Visa-Euro í allt að 48 mán.raðn. 109138 sími 510-4900.

Til sölu Nissan Terrano 1997 ek. 209 þús. km, bsk, dísel, 7manna. Verð 390 þús. kr. 100% Visa-euro í allt að 48 mán.raðn.109165 sími 510- 4900.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is

VAKA

Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélaretsalan
577 4777

LAND ROVER Range rover HSE. Árg 2003, ekinn 120 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.þús FALLEGT EINTAK Rnr.105476.

bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is

bilauppbod.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2004, ekinn 137 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Flottur bíll!

AUDI A6 4.2 quattro 335ps, s-line. Árgerð 2005, ekinn 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. skoðar skipti á ódýrari/dýrari.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is

100bilar.is bílasala

Land Rover Range Rover Supercharged Vouge, Árg 6/2007, ek 68Þ.KM, Með öllum aukabúnaði, lítur út sem nýr, Ásett verð 8.900þ.kr, Rnr.117183. Er í salnum hjá okkur,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

!!! TILBOÐ 2.300.000,- !!!
FORD EXPLORER SPORT TRAC LIMITED 04/ 2007 69 þús.km sjálfskiptur, 4.606cc, fjórhjóladifin, upphækkaður á „32 dekkjum, dráttakúla, hraðastillir og margt fleira. Ásett verð 2.990.000 TILBOÐ 2.300.000 í s: 691 2280

0-250 þús.

Nissan micra ,98. Ekinn 176 þkm, nýsk. 2013, bíll í fínu standi, beinsk, 3 dyra. Verð 270 þúsund staðgreitt. Upplýsingar í síma 820-4640.

Tilboðsverð 250þús !!!
Opel Vectra árg.'98 ekinn 150þús., skoðaður 2013, beinskiptur, dráttarkrókur, bíllinn er á vetrardekkjum, tilboðsverð aðeins 250þús., uppl. í s: 659-9696.

Ódýr sjálfskiptur 145 þús!
Nissan Almera árg'97 ek aðeins 162 þús, sjálfskiptur, skoðaður 13, heilsársdekk, alveg í topp standi og gott að keyra en er orðin lúinn að utan (ryðguð bretti) er snyrtilegur að innann verð aðeins 145 þús s.841 8955

250-499 þús.

GLÆSILEGUR Á 299þ
Vw Passat 1.8 árg 10/99" sjálfskiptur ekinn 205þ ný skoðaður 13" heilsársd Glæsilegt eintak! verð 299þ stgr uppls 777-3077

AVENSIS 2001
TILBOÐ 299 ÞÚS!
TOYOTA AVENSIS WAGON SOL 2.0 D-4 150 hö árgerð 2001 sjálfskiptur ek.380 þús, hefur fengið gott viðhald bíllinn er ennþá allur þéttur og góður hann er verðlagður hjá toyotu á 600 þús hann fæst á 299 þús s.841 8955



SPARIBAUKUR
TILBOÐ 280 ÞÚS!
RENAULT CLIO 1,2 árg.'99 ek. 138 þús., 3ja dyra, ný skoðaður 2013, eyðir 5ltr/100 km ásett verð 390 þús. TILBOÐ 280 ÞÚS. s.841 8955

Bílar óskast

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Sendibílar

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Varahlutir

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Partalistinn.is
NÝR VEFUR - Skráðu varahluti til sölu Ókeypis skráning - fyrir alla / alltaf

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Smápartar.is
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutavaktin
Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Japanskar vélar
Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja

UPI HreinirGarðar
Trjáfellingar og stubbatæting
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
554 1989 • www.gardlist.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarameistari
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Málningarþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Góðlist
99% RYKFRÍTT

Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

Viltu að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir.
Mjög sanngjarnt verð.
Sæki og sendi heim.
Upplýsingar í síma 822 7668.

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 866 5039. Irena Kontulová.

Spádómar

Spásíminn 903 3090
Ertu á tímamótum? Hvað viltu vita? Tarot og spilalestur. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Trésmíði

Tveir smiðir með meistararéttindi geta bætt við sig verkefnum s.s viðhald, húsaviðgerðir, parket, inréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

Capri Collection/ Green-house
Þverholt 18,105
Fallegur og vandaður kvennfatnaður. Opið í dag þriðjudag og miðvikudag frá 13-17 og laugardaga 11-14 Verið velkomin. Capri Collection S.777 2281.

iBus.is
Fyrir góða ferð.
S. 846 5985

KEYPT & SELT

Til sölu

Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000

Landins mesta úrval af viftum og blásurum. Tilboðsverð. Íshúsið ehf, www.ishusid.is S:566 6000

Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000.

Er móða á gluggunum?
Það gæti verið vísbending um að rakastig sé of hátt. Úrval þurrktækja. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000

Hrekkjavakan nálgast ertu klár?
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Ca. 80 fm 2 herb. íb. á jarðh. m/ garði í 103 Rvk til leigu. V. 150 þ. á mán. magnus1220@hotmail.com

Atvinnuhúsnæði

Skammtímaleiga/Miðbær
70 fm verslunarhúsnæði á götuhæð til skammtímaleigu á Skólavörðustíg 22a. Í 2-6 má, frá 1. nóv. Uppl. í s. 691 1963.

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Geymsluhúsnæði

Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 15 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: Geymsla Ásgeirs Eiríkssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Fellihýsa og tjaldvagnageymsla á Smiðjuvegi í Kópavogi getur bætt við sig nokkrum vögnum. Mjög gott húsnæði upphitað Uppl. Jóhannes 897-2000.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Kjötsmiðjan ehf.

Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf í kjötvinnslu.

Umsóknir sendist á: birgir@kjotsmidjan.is eða í s. 557 8866

ÍTALÍA

Veitingahúsið Ítalía
óskar að ráða þjóna í fullt starf. Unnið er á 11-11 vöktum. Einnig viljum við ráða þjóna á kvöld- og helgarvaktir.

Upplýsingar aðeins veittar á staðnum frá 15.00 - 17.00 í dag og næstu daga. Ath. góð íslenskukunnátta skilyrði.

Beitingafólk vantar strax á sunnanverðum Vestfjörðum. Fæða og húsnæði á staðnum. Nánari uppl. í s. 845 3480.

Traust ræstingaþjónusta óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Um kvöld - og helgarvinnu er að ræða. Verður að hafa bíl til umráða. Góð íslenskukunnátta skilyrði og hreint sakavottorð. Upplýsingar í síma:697-3694, Krissi.

Lebowski bar
Vegna mikilli anna óskar Lebowski bar eftir kokki í fulla vinnu og aðstoðarmanni. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s: 822 6160, Stefán.

Vélavörður óskast á 50 tonna rækjubát. Uppl. s. 866 9874.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Stakkholt 2-4

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi reits 1.241.1, Hampiðjureitur vegna lóðarinnar Stakkholt 2-4. Í breytingunni felst að breytt er texta skilmála varðandi kröfur um bílastæðafjölda á lóðinni í kaflanum „Umferð, bílastæði, göngustígar“. Breyttur texti: „Gera skal ráð fyrir a.m.k. 1 bílastæði fyrir hverja 50 m^2 aukins byggingarmagns fyrir atvinnuhúsnæði, en 0,75 bílastæði fyrir hverja íbúð óháð stærð“.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 23. október 2012 til og með 4. desember 2012**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. desember 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík, 23. október 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Auglýsing um sveinspróf í skrúðgarðyrkju

Sveinspróf í skrúðgarðyrkju verður haldið
í vikunni 19-23. nóvember 2012
í Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjum.

Umsóknafrestur er til 14. nóvember n.k.
Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.
ATH.
greiða skal prófagjald kr. 15.000 áður en próf hefst með áður heimsendum giróseðli.

Upplýsingar og umsóknir
Umsóknir skulu sendar til Ágústu Erlingsdóttur, agusta@lbhi.is sem jafnframt gefur allar nánari upplýsingar um prófið.
Landbúnaðarháskóli Íslands hefur heimild til að fresta prófi ef ekki næst næg þátttaka.

Landbúnaðarháskóli Íslands
Reykjum, Ölfusi
810 Hveragerði



Atvinna

Benedikt Sveinsson ehf vantar stálsmiði sem fyrst.
Viðkomandi þarf að hafa reynslu af stálsmíði og suðuvinnu og stundvís og samviskusamur.
Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.svalir.is og umsóknir sendist á svalir@svalir.is

Til sölu

Tannlæknar / Fótafræðingar / Húðflúrarar ATH.

4 notuð tannlæknatæki/stólar seljast ódýrt.

Fyrstur kemur fyrstur fær.

Hafið samband í síma 6601089 / 5176334

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Innflutningshöftin og barnafjölskyldurnar

Landbúnaður

Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Í grein í Fréttablaðinu þann 5/10/2012 benti ég á að óbeinn fjárhagslegur stuðningur neytenda við hvert ársverk í kjúklinga- og svínarækt næmi frá 8 til 24 milljónum króna. Velta má fyrir sér hvort skynsamlegt sé að nota svo mikla fjármuni til að halda uppi starfsemi sem hvorki er sérstök í menningarlegu tilliti né nauðsynleg fyrir öryggi íbúanna eða lífsafkomu þeirra.

Í þessari grein vil ég gera að umtalsefni þá hlið þessa styrkjamáls sem snýr að buddu barnafjölskyldna. Barnafjölskyldur eru um 31.100 talsins á landinu og standa líklega fyrir um þriðjungi neysluútgjalda vegna svína- og fuglakjöts og eggja. Þessi fjölskylda eyddi um 213 þúsund krónum í kjöt og kjötvörur á árinu 2010. Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig þessi reikningur hefði litið út hefðu framleiðendur kjúklinga- og svínakjöts ekki notið tollverndar.

Taflan ber með sér að útgjöld vegna svínakjötsneyslu meðalbarnafjölskyldunnar myndu lækka um 5.300 krónur eða 32% ef innflutningshöftum væri aflétt. Sömuleiðis að útgjöld vegna kaupa á fuglakjöti og eggjum myndu lækka um tæp 29 þúsund krónur eða um 54%. Verð á svínakótelettum gæti lækkað úr 1.400 krónum á kílóið í um 950 krónur á kíló. Verð á heilum frosnum kjúkling gæti lækkað úr 760 krónum á kíló í um 350 krónur á kíló! Og verð á eggjum myndi líklega lækka úr 645 krónum á kíló í um 300 krónur á kíló. Líklegt er að svo mikil lækkun á svína- og fuglakjöti myndi þrýsta niður verði á unnum kjötvörum og á öðru kjöti en hvíta kjötinu. Ekki er gott að giska á hversu mikil sú lækkun kynni að verða, hér er farið varlega í sakirnar og gengið út frá að verðlækkunin myndi nema 20%.

> Drjúgur hluti barnabóta með fyrsta barni hverrar þessara fjölskyldna fer, með óbeinum hætti, í að halda uppi starfsemi kjúklingabúa og svínabúa.

Í heildina myndi afnám innflutningshafta þýða lækkun útgjalda meðalbarnafjölskyldu um tæpar 63 þúsund krónur á ári. Til samanburðar notaði þessi fjölskylda 44.500 krónur til að kaupa fiskmeti árið 2010 og 75.500 krónur til að kaupa ávexti.

Það kostar því talsvert meira fyrir barnafjölskyldur þessa lands að halda uppi starfsemi kjúklinga- og svínakjötsframleiðenda en sem svarar öllum kaupum þessara fjölskyldna á fiskmeti.

Drjúgur hluti barnabóta með fyrsta barni hverrar þessara fjölskyldna fer, með óbeinum hætti, í að halda uppi starfsemi kjúklingabúa og svínabúa. Og hvað fá þessar fjölskyldur í staðinn? Ekki aukna löggæslu, ekki fleiri leikskóla, ekki betri grunnskóla. Nei, þær fá ánægjuna af að innan við 200 manns séu að snúast í kringum verksmiðjuframleiðslu eggja, kjúklingakjöts og skinku!

Kostnaður með og án innflutningshafta

Tegund	Útgjöld meðalbarnafjölskyldu, krónur á ári	Kostnaður vegna innflutningshafta, krónur á ári	Útgjöld ef innflutningur væri frjáls, krónur á ári	Lækkun í prósentum
Svínakjöt	16.491	5.330	11.161	32%
Fuglakjöt	41.585	22.294	19.291	54%
Egg	12.189	6.618	5.571	54%
Annað kjöt og unnar vörur	142.679	28.536	114.143	20%
Samtals	**212.944**	**62.778**	**150.166**	**36%**

AF NETINU

Skýr niðurstaða

Að aflokinni þjóðaratkvæðagreiðslunni um helgina, sýnist mér hægrimenn helst vera hugsi hvernig túlka beri hug þeirra sem heima sátu. Taka beri tillit til þess hóps! Þetta er athyglisvert aðalatriði í huga hægrimanna, en er auðvitað aukaatriði.

Auðvelt er að yfirfæra þessa hugsun á alla lýðræðisþáttöku, svona yfirleitt og almennt, til dæmis Alþingiskosningar.

Ber að taka tillit til þeirra sem ekki taka þátt í þeim? Eiga skilaboð þeirra sem heima sitja að hafa áhrif á stjórnarstefnu? Er yfirleitt hægt að túlka þau? Ég held ekki.

Kosningar eru boð um þátttöku í lýðræðissamfélagi. Þar hafa menn rétt. Mjög mikilvægan rétt. Og einmitt rétt til að nýta hann, eða nýta hann ekki.

Þeir sem nýta ekki lýðræðisrétt sinn – og gefa þar með ekki upp skoðun sína – geta ekki ætlast til þess að hafa áhrif á niðustöðuna. Þeim er einfaldlega sama.

Og niðurstaðan frá því um helgina er skýr. Afskaplega skýr. Allra skýrust er hún þegar kemur að auðlindum í þjóðareign.

Hér talaði þjóðin.

Ekki flokkurinn.

Og það fer auðvitað í taugarnar á áhugafólki um þöggun þjóðar …

sigmundurernir.is

Sigmundur Ernir Rúnarsson

tímamót

timamot@frettabladid.is



33 **ÞÓRA KARÍTAS ÁRNADÓTTIR** Leikkona og þáttastjórnandi er 33 ára í dag.
„Margir hafa spurt mig hvort ég verði íslenska útgáfan af Heidi Klum og eftir að ég sá mynd af henni skal ég gjarna taka við því viðurnefni.“

Merkisatburðir

1728 Brunanum mikla í Kaupmannahöfn slotar en þá er brunninn um þriðjungur borgarinnar.

1938 Samband íslenskra berklasjúklinga, SÍBS, er stofnað.

1955 Stytta af Héðni Valdimarssyni reist við verkamannabústaðina við Hringbraut í Reykjavík.

1956 Uppreisnin í Ungverjalandi hefst með mótmælum námsmanna í Tækniháskólanum í Búdapest.

1958 Bandalag háskólamanna, BHM, er stofnað.

1976 Alexandersflugvöllur er tekinn í notkun á Sauðárkróki. Hann er nefndur eftir prófessor Alexander Jóhannessyni, sem var frumkvöðull í flugmálum. Þar er þá lengsta flugbraut á Íslandi utan Keflavíkurflugvallar.

2002 Numið er úr gildi sérákvæði í stjórnarskrá Ítalíu um að afkomendum Úmbertós 2., síðasta konungs Ítalíu, í beinan karllegg sé bannað að stíga fæti á ítalska grund.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SOFFÍA JÓNSDÓTTIR
áður til heimilis að Sævangi 15, Hafnarfirði,

andaðist á Sólvangi 18. október.
Útför hennar verður auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

GUÐLAUG OTTÓSDÓTTIR
Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

andaðist að morgni mánudagsins 22. október. Útförin verður auglýst síðar.

Guðjón Eyjólfsson
Eyjólfur Guðjónsson
Ottó Guðjónsson **Guðbjörg Sigurðardóttir**
Karólína Guðjónsdóttir
Áslaug Guðjónsdóttir **Steinþór Pálsson**
Gunnar Guðjónsson **Marta Svavarsdóttir**
og barnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SVEINBJÖRN JÓHANNESSON
Heiðarbæ í Þingvallasveit,

lést föstudaginn 19. október.

Steinunn E. Guðmundsdóttir
Margrét Sveinbjörnsdóttir **Auðunn Arnórsson**
Jóhannes Sveinbjörnsson **Ólöf Björg Einarsdóttir**
Helga Sveinbjörnsdóttir **Guðmundur Helgi Vigfússon**
Kolbeinn Sveinbjörnsson **Borghildur Guðmundsdóttir**
og barnabörn.

Okkar ástkæra,

SIGRÍÐUR JÚLÍUSDÓTTIR

lést þriðjudaginn 2. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Aðstandendur.

Móðir okkar,

KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR KAABER
menntaskólakennari,

sem lést 16. október, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 25. október kl. 11.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Svanhildur Kaaber
Lúðvík Kaaber

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

SIGURÐUR SÆVAR: ÁHUGINN KVIKNAÐI Á SÝNINGU ÓLAFS ELÍASSONAR

Byrjaði að mála 10 ára gamall

„Ég fékk striga, pensla og málningu í 10 ára afmælisgjöf frá systur minni. Það var svo daginn eftir afmælið, 16. september 2007, að ég byrjaði að mála fyrir alvöru og hef ekki stoppað síðan,“ segir Sigurður Sævar Magnúsarson myndlistarmaður.

Sigurður Sævar tekur þátt í sýningu Félags frístundamálara sem opnar í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Hann er yngstur í hópi þeirra fjörutíu fjölbreyttu frístundamálara sem sýna verk sín þar, en elsti þátttakandinn er 90 ára. „Ég verð alls ekkert var við það að ég sé yngri en flestir í þessum heimi,“ segir hann, en verandi aðeins 15 ára gamall er hann vel undir meðalaldri myndlistarmanna. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem Sigurður Sævar setur upp sýningu á verkum sínum þó þetta sé í fyrsta skipti sem hann tekur þátt í sýningu á vegum Félags frístundamálara. Fyrsta sýningin hans var á Menningarnótt 2011 þegar hann sýndi í garðskála Höfðatorgs í samstarfi við Simma og Jóa, eigendur Íslensku hamborgarafabrikkunnar. Þar eftir fylgdi sýning á veitingastaðnum Á næstu grösum á Laugavegi og svo var hann í anddyri Vesturbæjarsundlaugar í upphafi þessa árs. Allar þessar sýningar voru einkasýningar. Hann átti svo 22 verk á sýningu í Saltfélaginu á Menningarnótt nú í ágúst en þá deildi hann sal með myndlistarmönnunum Sigurði Þóri og Sigurði Örlygssyni. Hann segist ekki hafa tölu á hversu mörg listaverk hann hafi gert hingað til. „Síðast þegar ég taldi þá voru þau komin yfir 200 en það er komið töluvert síðan það var,“ segir hann. Í upphafi málaði hann mest abstrakt verk en er í dag búinn að færa sig yfir í fígúratív verk.

Áhugann á myndlist segir hann hafa kviknað á sýningu Ólafs Elíassonar, Frostvirkni, í Hafnarhúsinu 2004. Hann stefnir á að leggja myndlist fyrir sig í framtíðinni og myndlistarnám erlendis er á dagskrá að menntaskóla loknum. Hingað til hefur hann þó ekki lagt stund á neitt nám tengt listinni. „Ég er alveg sjálflærður,“ segir hann. Aðspurður hvort hann sé farinn að íhuga hvert hann vilji fara til að læra segir hann vera ótímabært að ákveða það að svo stöddu. „Ég ætla bara að einbeita mér að því að komast í menntaskóla fyrst, svo fer ég að hugsa um þetta,“ segir Sigurður Sævar en hann byrjaði í 10. bekk í Hagaskóla nú í haust. Hann segir krakkana í skólanum mjög áhugasama um það sem hann er að gera. „Þau styðja mig í þessu eins og öllu öðru,“ segir hann. Hingað til hefur Sigurður Sævar verið að selja málverkin sín og er hægt að skoða verkin hans á Facebook-síðunni http://www.facebook.com/siggitheartist.

tinnaros@frettabladid.is

FÍGÚRATÍV VERK Sigurður Sævar segist hafa byrjað á að mála abstrakt verk en vera nú búinn að færa sig yfir í fígúratív verk. Hér er hann með verkið sem verður til sýnis á sýningu Félags frístundamálara í Ráðhúsi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FÉLAG FRÍSTUNDAMÁLARA Í RÁÐHÚSINU

„Það eru á milli 150 og 160 manns skráðir í félagið,“ segir Hafdís Harðardóttir, stjórnarmeðlimur Félags frístundamálara. Félagið var stofnað árið 2009 og stendur fyrir alls kyns fundum og fyrirlestrum auk þess sem félagar þess setja upp sýningar saman. „Félagið er opið fyrir alla og engar skyldur eða kvaðir sem fylgja því að vera meðlimur, nema þá bara að borga árgjaldið. Allir sem hafa áhuga á að vera með mega það,“ segir Hafdís. „Það er skemmtilegt að geta boðið upp á vettvang þar sem frístundamálarar geta sett upp sýningar því við komumst ekki inn í þessi klassísku sýningarrými,“ bætir hún við.

Sýning Félags frístundamálara í Ráðhúsinu hefst í dag klukkan 17 og stendur yfir í viku eða þar til 30. október. Fjörutíu listamenn sýna þar eitt málverk hver, sem öll þurfa að vera metri á lengd og metri á hæð. Öllum málverkunum verður svo raðað upp á trönur og þau höfð þannig til sýnis. Á sunnudaginn næsta, 28. október, heldur svo listamaðurinn Goddur, Guðmundur Oddur Magnússon, fyrirlestur í tengslum við sýninguna um það hvernig eigi að búa til myndlist.

ÞETTA GERÐIST 23. OKTÓBER 1947

Julie Andrews debúterar ein á sviði

Julie Andrews kom í fyrsta sinn fram í einsöngshlutverki í leikhúsinu London Hippodrome þann 23. október 1947. Andrews réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur heldur söng hina erfiðu aríu „Je Suis Titania“ úr gamanóperunni Mignon í dagskrá sem nefndist „Starlight Roof“, þá nýorðin tólf ára. Áður hafði hún komið fram í léttum revíum ásamt móður sinni og stjúpföður í um það bil tvö ár. Andrews lék í Hippodrome-leikhúsinu í eitt ár en í nóvember 1948 flutti hún sig yfir í London Palladium þar sem hún varð yngsti einsöngvarinn sem þar hafði stigið á svið.

Frægðin lét ekki á sér standa og fljótlega var hún farin að koma reglulega fram í útvarpi og sjónvarpi í Bretlandi. Mestra vinsælda naut hún fyrir hlutverk sitt í útvarpsleikritinu Educating Archie þar sem hún lék frá 1950 til 1952, frá fjórtán til sextán ára aldurs. Á sama tíma lék hún í ýmsum sýningum á West End, meðal annars Öskubusku í samnefndum söngleik, og var í leikhóp sem ferðaðist víða um Bretland og sýndi til skiptis Jóa og baunagrasið og Rauðhettu.

Árið 1954 flutti Andrews sig yfir til New York þar sem hún lék í hinum geysivinsæla söngleik Kærastanum og í kjölfarið fékk hún aðalhlutverkið í My Fair Lady á Broadway. Þar með var framtíðin tryggð: Andrews varð ein skærasta stjarnan í bandarísku leikhúsi og kvikmyndum.

JULIE ANDREWS

HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM

HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Þaulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum.

Yfirleitt er mest að gera hjá okkur í lok mánaðar og meira að gera síðdegis en að morgni. **Það getur því verið sniðugt að vera snemma í því.**

Hlökkum til að sjá þig! Opið kl. 8-17 virka daga.

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 18 ár

Aðalskoðun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. heilu, **6.** klaki, **8.** blóðhlaup, **9.** fugl, **11.** númer, **12.** geðvonska, **14.** digurmæli, **16.** í röð, **17.** hyggja, **18.** bókstafur, **20.** mergð, **21.** sníkjur.

LÓÐRÉTT
1. geymsluturn, **3. 950, 4.** jarðbrú, **5.** dýrahljóð, **7.** fíkinn, **10.** drulla, **13.** gagn, **15.** uppurið, **16.** húðpoki, **19.** átt.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** ullu, **6.** ís, **8.** mar, **9.** lóa, **11.** nr, **12.** ólund, **14.** gropp, **16.** hí, **17.** trú, **18.** enn, **20.** úi, **21.** snap.

LÓÐRÉTT: **1.** silo, **3.** lm, **4.** landbrú, **5.** urr, **7.** sólginn, **10.** aur, **13.** not, **15.** búið, **16.** hes, **19.** na.

Ást er allt í kringum okkur

BAKÞANKAR
Erlu Hlynsdóttur

Mín fyrsta minning um Kiirtan var þegar ég sá þetta orð skrifað stórum stöfum á krítartöflu í Menntaskólanum við Hamrahlíð, og nemendur boðnir velkomnir. Mér skildist að sá sem stýrði þessu væri karlmaður með gítar og sítt hár, og fannst þetta allt heldur furðulegt. Á sama tíma vissi ég fátt meira heillandi en harða rokkara með sítt hár sem sungu um dauða og djöful. Þetta Kiirtan virtist samt eitthvað einum of.

EFTIR að ég eignaðist dóttur hið fræga leikskólabarnaár 2010 komst ég að því að dóttir mín fengi seint og illa pláss á leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Ég hugsaði því út fyrir rammann og fékk pláss fyrir hana á einkareknum leikskóla sem jógafélagið Ananda Marga hefur rekið í þrjá áratugi í Litla-Skerjafirði.

Á leikskólanum Sælukoti fá börnin grænmetisfæði, þau stunda jóga og kynnast hugleiðslu. Leikskólastjórinn er indversk nunna sem er kölluð Didi, sem þýðir systir. Á hverjum morgni bíður dóttir mín spennt eftir því að hitta „Didi“ sem gefur henni hafragraut úr lífrænt ræktuðum höfrum.

Á Sælukoti eru aðeins um fjörutíu börn. Biðlistinn er langur og Didi hefur síðustu misseri átt í árangurslitlum viðræðum við Reykjavíkurborg um að stækka leikskólalóðina.

Á leikskólanum er sungið um Kalla könguló og Upp upp upp á fjall. Þar er líka sungið Baba Nam Kevalam sem á íslensku útleggst hjá dóttur minni: „Átt er att í king um okkr“ eða eins og það er skrifað: „Ást er allt í kringum okkur.“

ÞAÐ er einmitt mantran Baba Nam Kevalam sem er kyrjuð í Kiirtan sem haldið er í húsnæði leikskólans alla sunnudaga á vegum Ananda Marga. Ég hafði lengi verið á leiðinni og mætti loks fyrir rúmri viku. Það er satt að segja ekki hægt að lýsa upplifuninni af því að kyrja við undirspil með hópi af ókunnugu fólki, sem samt virðist svo kunnugt einmitt þarna á þessari stundu. Þar sem ég stóð á miðju gólfinu með lokuð augu náðu bæði augnablikið og eilífðin tökum á mér, og ég gat ekki annað en brosað. Það var þess vegna sem ég mætti aftur viku seinna.

NÚ syngjum við dóttir mín Baba Nam Kevalam saman alla daga. Ástin er nefnilega allt í kring um okkur. Við þurfum bara að vera opin fyrir henni.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUBARU

Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

Subaru XV sjálfskiptur 4WD
Verð frá: 5.890.000 kr.

6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

FRUMSÝNUM 2013 ÁRGERÐ

Subaru Outback LUX sjálfskiptur 4WD
Verð frá: 6.490.000 kr.

7,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

TILBOÐ

Subaru Forester sjálfskiptur 4WD
Verð frá: 5.890.000 kr.

7,5 l / 100 km
í blönduðum akstri

Aukahlutapakki að verðmæti **450.000 kr.** fylgir nokkrum Subaru Forester:

- Húddhlíf
- Stuðarahlíf
- Gluggahlífar
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk

SÉRSTAÐA SUBARU

Ólíkt mörgum nýjum jepplingum, sem margir hverjir eru einungis með hjálpardrif til að bregðast við í krefjandi aðstæðum, er Subaru með sítengt aldrif sem deilir sífellt afli jafnt milli fram- og afturáss. Þú getur því treyst á akstursöryggi og stöðugleika Subaru.

40 SYMMETRICAL AWD

Í 40 ár hefur Subaru smíðað fjórhjóladrif í sína bíla sem njóta algerrar sérstöðu. Fjórhjóladrifið í Subaru er svokallað „Symmetrical" fjórhjóladrif með lágréttri BOXER vél og því er það jafn þungt frá vinstri til hægri. Þannig fæst aukinn stöðugleiki og öryggi í akstri.

BL

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM54816

HALLGRÍMUR HELGASON rithöfundur verður gestur í fyrirlestraröðinni Skáldatal í Norræna húsinu á fimmtudag. Skáldatal er fyrirlestraröð þar sem skáld og rithöfundar „ræða það sem brennur á þeim og á þann hátt sem efnið krefst". Dagskráin er á vegum námsbrautar í ritlist við Háskóla Íslands í samvinnu við Bókmennta- og listfræðastofnun og Norræna húsið.

Bækur ★★★☆☆

Að endingu

Julian Barnes. Jón Karl Helgason þýddi.

Bjartur

Skáldskapurinn um eigið líf



Nóvellan The Sense of an Ending eftir Julian Barnes hlaut hin virtu Booker-verðlaun 2011, enda eins og skrifuð inn í þá strategíu sem dómefndin virðist fara eftir: afskaplega ensk, karllæg og hefðbundin í stíl og byggingu. Nú hefur Jón Karl Helgason snúið sögunni á íslensku og kallar hana Að endingu. Viðfangsefni sögunnar er vel þekkt; hvernig við semjum lífssögu okkar eftir á með það fyrir augum að fegra eigin hlut. Barnes vinnur vel úr því, sagan er áhugaverð og þótt söguhetjan, Tom Webster, sé ekki sú sympatískasta fær hún lesandann smám saman á sitt band. Sögulokin eru óvænt og í það heila vekur sagan mann til umhugsunar um dínamíkina í mannlegum samskiptum og lífslygina frægu.

Fyrri hluti sögunnar segir frá skólaárum Websters og þriggja félaga hans á sjöunda áratug síðustu aldar. Rót átakanna er ástarsamband Websters og Veronicu, sem síðar hefur ástarsamband við Adrian vin hans, og heimsókn hans til foreldra hennar. Seinni hlutinn hverfist um þá atburðarás sem fer af stað þegar móðir Veronicu arfleiðir Webster að lítilli peningaupphæð og dagbók Adrians, sem framdi sjálfsmorð upp úr tvítugu. Í framhaldinu neyðist Webster til að horfast í augu við sjálfan sig, taka ábyrgð á því hver hann er og hætta að breyta eigin lífshlaupi í skáldskap.

Barnes er flinkur höfundur og hugsuður, vefur þræði sögunnar vel saman og opinberar hæfilega mikið í einu. Hann lætur Webster kryfja frásagnarefnið jafnóðum og lesandinn fylgir honum skref fyrir skref í þeim uppgötvunum sem hann gerir. Allt er þetta óskaplega vitsmunalegt og á köflum óþarflega blóðlaust en um leið eykst samúð lesandans með söguhetjunni, sem er svo innilega föst í eigin takmörkunum.

Það hefur ekki verið neitt áhlaupaverk að koma þessum „über"-enska texta yfir á læsilega íslensku en Jón Karl leysir það að mestu leyti farsællega þótt ýmislegt orki tvímælis og þá ekki síst hinn íslenski titill bókarinnar.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Vel skrifuð og vel byggð nóvella sem veltir upp ýmsum grundvallarspurningum um eðli mannsins og minninganna.

ELSA WAAGE OG JÓHANN FRIÐGEIR Söngur Jóhanns Friðgeirs var magnaður að mati gagnrýnanda, sem fannst þó Elsa Waage bera af og vinna leiksigur í hlutverki sígaunans Azucena. MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Dýr tónlist, ódýrt leikhús

Tónlist ★★★☆☆

Il Trovatore eftir Verdi

Íslenska óperan sýnir í Hörpu

Helstu hlutverk: Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Alina Dubik og Elsa Waage, Viðar Gunnarsson, Anooshah Golesorkhi. Hljómsveitarstjóri: Carol I. Crawford. Leikstjóri: Halldór E. Laxness.

Klassísku óperurnar fjalla venjulega um atburði fyrr á tímum. Stefin í sögunum eru samt tímalaus. Þar er að finna ást og afbrýði, hefnd og valdabaráttu, sorg og gleði. Það er ástæðan fyrir því að óperur eru stundum færðar til nútímans. Því miður heppnast það ekki alltaf.

Il trovatore eftir Verdi í uppsetningu Íslensku óperunnar er dæmi um það. Sagan á að gerast á fimmtándu öld á Spáni. Hún er býsna ruglingsleg og ótrúverðug í sjálfri sér, fyrir utan það að vera götótt. Helmingur sögunnar hefur t.d. gerst áður en sjálf óperan byrjar. Staðsetningin er líka stöðugt að breytast. En nútímabúningurinn gerir söguna enn ótrúverðugari. Þarna eru glæpakvendi brennd á báli – í nútímanum. Farandsöngvari er sigurvegari í burtreiðum – í nútímanum. Og aðalkvenpersónan rýkur í það að ganga í klaustur þegar hún lendir í ástarsorg – í nútímanum. Kannski er hámark fáránleikans að þegar hún kemur í klaustrið, gengur aðstoðarkona með henni dragandi á eftir sér flugfreyjutösku.

Maður spyr sig af hverju þessi leið var farin. Sennilega var það bara miklu ódýrara. Leikmynd Grétars Reynissonar var mínímalísk, sniðug og smart í sjálfri sér, en í hrópandi mótsögn við sögusvið óperunnar. Hún samanstóð af ferköntuðum, breytanlegum, lóðréttum fleti ásamt rimlagirðingu. Það var ósköp kuldalegt miðað við allar tilfinningarnar í tónlistinni. Rómantíkin var hvergi. En flekinn hefur væntanlega kostað mun minna en að fara með áhorfendur aftur í tímann, inn í annan heim.

Sömu sögu er að segja um búninga Þórunnar Maríu Jónsdóttur. Jóhann Friðgeir Valdimarsson (Manrico) var í leðurfrakka, þeim sama, sýndist mér, og hann íklæddist þegar hann söng í Machbeth fyrir nokkrum árum. Þarna var endurvinnslan heldur augljós. Mikið af búningunum voru bara föt sem eru til í flestum íslenskum fataskápum. Það var sem fátt rímaði við líflega stemninguna í tónlistinni.

> Og leikfimisæfingar hermannanna snemma í seinni hlutanum voru misheppnuð tilraun til að létta stemninguna. Þeir voru í hlýrabol, flestir of feitir til að það kæmi sómasamlega út.

Leikstjórn Halldórs E. Laxness var samt á margan hátt ágætlega heppnuð. Jóhann Friðgeir var t.d. mun afslappaðri í hlutverki sínu en oft áður. Almennt talað var leikur allra söngvaranna blátt áfram og tilgerðarlaus. Sumt stakk þó í stúf. Konur að glenna sig í upphafsatriðinu voru óttaleg klisja. Svoleiðis nokkuð virkaði tilgerðarlega í Rigoletto í hittifyrra – enn þá meira núna. Og leikfimisæfingar hermannanna snemma í seinni hlutanum voru misheppnuð tilraun til að létta stemninguna. Þeir voru í hlýrabol, flestir of feitir til að það kæmi sómasamlega út.

Styrkur uppfærslunnar var hins vegar tónlistarflutningurinn. Jóhann Friðgeir var alveg magnaður! Röddin var ótrúlega glæsileg, söngurinn kraftmikill og ástríðuþrunginn. Hulda Björk Garðarsdóttir (Leónóra) var líka stórkostleg, og einnig Viðar Gunnarsson (Ferrando). Sömu sögu er að segja um Anooshah Golesorkhi sem var Luna greifi. Hann söng einstaklega fallega, með þrumuraust þegar við átti, en líka fínlega á viðkvæmum augnablikum. Og Elsa Waage sem sígauninn Azucena vann leiksigur. Söngur hennar var hástemmdur og litríkur; leikurinn hrífandi dramatískur.

Söngvarar í minni hlutverkum stóðu sig einnig með ágætum. Snorri Wium var glæsilegur í sínu hlutverki og Gréta Hergils var prýðileg. Ásgeir Eiríksson og Sigurjón Jóhannesson voru fínir og kórinn söng mjög vel. Hljómsveitin var frábær og öllu saman stjórnaði Carol I. Crawford. Hún gerði það af stakri fagmennsku, tónlistin rann þægilega áfram. Heildarsvipurinn var sterkur, stemningin ávallt eins og hún átti að vera.

Það er synd að annað en tónlistarflutningurinn hafi ekki staðið almennilega undir væntingum.

Jónas Sen

Niðurstaða: Ótrúleg sagan í Il trovatore varð enn ótrúlegri í nútímavæðingu Íslensku óperunnar, en tónlistarflutningurinn var frábær.

Herzog leikstýrir Vernon G. Little

Skáldsagan Vernon G. Little eftir ástralska höfundinn DBC Pierre er væntanleg á hvíta tjaldið í leikstjórn Werner Herzog.

WERNER HERZOG

Vernon G. Little hlaut Booker-verðlaunin þegar hún kom út 2003 og kom út í íslenskri þýðingu Árna Óskarssonar hjá Neon-klúbbi Bjarts skömmu síðar. Bókin er harmræn saga sem fjallar um titilpersónuna, fimmtán ára dreng í bandarískum smábæ í Texas, sem fyrir röð tilviljana og misskilnings er grunaður um fjöldamorð í skólanum sínum og ákveður að flýja til Mexíkó.

Werner Herzog er einn rómaðasti kvikmyndaleikstjóri heims. Hann hefur verið afkastamikill á undanförnum árum, einkum við gerð heimildarmynda. Handritið að myndinni skrifar Andrew Birkin, sem skrifaði meðal annars kvikmyndahandritið að Nafni rósarinnar eftir Umberto Eco.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 23. október 2012

Fundir

20.30 Bindindissamtökin IOGT á Íslandi, eining nr. 14, heldur opinn fund í félagsheimili IOGT í Brautarholti 4a. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

17.00 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Blái flugdrekinn eftir Tian Zhuangzhuang í stofu 101 í Odda Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis.

Tónlist

20.30 Alþjóðlegt tríó píanóleikarans Agnars Más Magnússonar kemur fram á tónleikum jazztónleikaraðarinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Söngvaskáldin Skúli mennski og Hjalti Þorkelsson verða á hugguleg nótunum á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Fyrirlestrar

12.05 Margrét Gunnarsdóttir, doktorsnemi í sagnfræði við Háskóla Íslands, mun flytja erindið velsæld í örbirgðarlandi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirlesturinn er hluti af hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands undir yfirskriftinni Hvað er fátækt?

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

YFIRLITSSÝNING Á VERKUM SVAVARS GUÐNASONAR Verk Svavars Guðnasonar má um þessar mundir sjá á Cobra-safninu í Hollandi. Á myndinni standa við verk eftir Svavar þau Lars Olesen sýningarstjóri, Þórir Ibsen sendiherra, Dominique Ambroise Ibsen og Ásgerður Kjartansdóttir menningarfulltrúi.

Birting lýsingar Eimskipafélags Íslands hf.

Almennt útboð 30. október til 2. nóvember 2012

Í tengslum við almennt útboð skv. 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands hf. (hér eftir „Eimskip“ eða „félagið“) og umsókn félagsins um töku allra hlutabréfa í Eimskip til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir nefndur „Aðalmarkaður Kauphallarinnar“), hefur Eimskip birt lýsingu, sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, allt dagsett 22. október 2012 (hér eftir nefnt „Lýsingin“). Lýsingin er gefin út á ensku og birt á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is, ásamt íslenskri þýðingu á samantektinni. Útprentuð eintök af Lýsingunni má jafnframt nálgast í höfuðstöðvum Eimskips í Korngörðum 2, 104 Reykjavík. Lýsingin verður aðgengileg næstu 12 mánuði.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Eimskip nemur 200.000.000, en þar af á félagið um 6,0% eigin hluta. Allir hlutirnir eru í sama flokki og jafn réttháir. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Stjórn félagsins hefur óskað eftir því að EIM verði auðkenni hlutabréfanna í kerfum NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir nefnd „Kauphöllin“).

Almennt útboð 30. október til 2. nóvember 2012

Almennt útboð fer fram frá kl. 10:00 þriðjudaginn 30. október og stendur til kl. 16:00 föstudaginn 2. nóvember 2012. Seljendur í útboðinu munu bjóða til sölu 10.000.000 áður útgefna hluti í Eimskip, sem samsvarar 5% af heildarhlutafé félagsins. Verði umframeftirspurn mun Eimskip bjóða til sölu allt að 6.000.000 af eigin hlutum og stækkar útboðið þá í allt að 8% af útgefnum hlutum eða samtals 16.000.000 hluti. Lágmarksáskrift er 25 þúsund krónur fyrir starfsmenn Eimskips og 50 þúsund krónur fyrir aðra fjárfesta. Útboðsgengið verður ákvarðað með hliðsjón af eftirspurn í lokuðu útboði sem haldið verður fyrir almenna útboðið, á tímabilinu frá þriðjudeginum 23. október til fimmtudagsins 25. október 2012. Útboðsgengið verður tilkynnt degi síðar, eða föstudaginn 26. október 2012. Öll hlutabréf í almenna útboðinu verða síðan boðin til sölu á þessu sama útboðsgengi.

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Skilyrði fyrir þátttöku í almenna útboðinu eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Eimskip eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar í Lýsingunni í heild og skilmála útboðsins sem þar koma fram.

Markmið Eimskips og seljenda er að útboðið geri Eimskip kleift að uppfylla skilyrði reglna NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga, dags. 1. desember 2009, um dreifingu hlutafjár. Er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Það er jafnframt markmið seljenda að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína. Seljendur áskilja sér rétt að falla frá útboðinu ef ekki fást samanlagðar áskriftir í lokaða og almenna útboðinu fyrir að lágmarki 25% af útgefnum hlutum í Eimskip eða ef Kauphöllin samþykkir ekki fyrirliggjandi umsókn félagsins um að hlutir í Eimskip verði teknir til viðskipta.

Niðurstöður almenna útboðsins munu liggja fyrir að morgni mánudags 5. nóvember 2012. Gert er ráð fyrir að 16. nóvember 2012 verði fyrsti dagur viðskipta með hlutabréf félagsins á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, en hann verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Eimskipafélag Íslands hf. og skilmála almenna útboðsins má finna í Lýsingu Eimskips. Fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingabanka hf. og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hafa umsjón með almenna útboðinu og því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Straumur fjárfestingabanki hf. og Íslandsbanki hf. veita nánari upplýsingar um útboðið í síma 525 7070 frá 30. október til 2. nóvember 2012.

Reykjavík, 23. október 2012

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.

Fríon SÍA

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%		
TEDDI LANDKÖNNUÐUR	KL. 3.40 - 5.50	L
LOVE IS ALL YOU NEED	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
LOVE IS ALL YOU NEED LÚXUS	KL. 5.30	L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL	KL. 3.30	L
TAKEN 2	KL. 5.40 - 8 - 10.10	16
TAKEN 2 LÚXUS	KL. 8 - 10.10	16
DJÚPIÐ	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	10
DREDD 3D ÓTEXTUÐ	KL. 10.20	16
ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.30	L
THE EXPENDABLES 2	KL. 8	16

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%		
BEASTS OF THE SOUTHERN WILD	KL. 8	12
SVANAVATNIÐ	KL. 6.15	L
TAKEN 2 KL. 10.10 16 / INTOUCHABLES	KL. 10.30	L
LOVE IS ALL YOU NEED	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8 - 10.10	10
THE DEEP ENSKUR TEXTI	KL. 5.50	10

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS		
LOVE IS ALL YOU NEED	KL. 8 - 10.10	L
SEVEN PSYCHOPATHS	KL. 5.50	16
DJÚPIÐ	KL. 6	10
TAKEN 2	KL. 8 - 10	16

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Meryl Streep og Tommy Lee Jones eru frábær í þessari rómantísku gamanmynd

Nýjasta mynd leikstjórans Tim Burton

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 6 - 8 - 10	7
HOPE SPRINGS	KL. 5:50 - 8 - 10:10	L
END OF WATCH	KL. 5:50 - 8 - 10:20	16
END OF WATCH Luxus VIP	KL. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
LOOPER	KL. 10	16
SAVAGES	KL. 8	16
LEITIN AÐ NEMÓ M/ísl. tali	KL. 5:50	L
THE CAMPAIGN	KL. 8	12
THE BOURNE LEGACY	KL. 10:40	12
BRAVE M/ísl. tali	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
HOPE SPRINGS	KL. 8 - 10:10	L
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 8	7
TAKEN2	KL. 10	16
DJÚPIÐ	KL. 6	12
BRAVE M/ísl. tali	KL. 6	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
HOPE SPRINGS	KL. 5:40 - 8 - 10:20	L
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 6 - 8	7
END OF WATCH	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
LOOPER	KL. 8 - 10:30	16
LAWLESS	KL. 10	16
BRAVE M/ísl. tali	KL. 5:40	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
HOPE SPRINGS	KL. 5:50 - 8 - 10:10	L
END OF WATCH	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
LOOPER	KL. 8	16
LAWLESS	KL. 10:30	16
BRAVE M/ísl. tali	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
HOPE SPRINGS	KL. 8 - 10:20	L
FRANKENWEENIE Sýnd í 3D Ísl. texti	KL. 6	7
END OF WATCH	KL. 8	16
LOOPER	KL. 10:20	16
BRAVE M/ísl. tali	KL. 6	L

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
TEDDI LANDKÖNNUÐUR 2D	6	L
SEVEN PSYCHOPATHS	8, 10.20	16
TAKEN 2	8, 10	16
DJÚPIÐ	6, 8, 10	10
PARANORMAN 3D	6	7



LEGGUR AF STAÐ Felix Baumgartner leggur af stað í hið sögufræga stökk úr 39 kílómetra hæð. NORDICPHOTOS/GETTY

Tíu lög í iPodi ofurhugans

Austurríkismaðurinn Felix Baumgartner var í nákvæmlega 4,19 mínútur í frjálsu falli þegar hann þaut niður til jarðar á dögunum. Ef hann hefði hlustað á eitt lag á leiðinni sem tekur jafn langan tíma, hvaða lag hefði orðið fyrir valinu?

Hæðin sem Austurríkismaðurinn Felix Baumgartner stökk úr, 39 kílómetrar, er við ytri mörk gufuhvolfsins. Sjálft stökkið, eða frjálsa fallið, stóð yfir í fjórar mínútur og 19 sekúndur áður en hann lenti heilu og höldnu í Nýju-Mexíkó.

Úr mörgum lögum er að velja sem standa yfir í nákvæmlega 4,19 sekúndur sem ofurhuginn hefði getað hlustað á á leiðinni en ekki eiga þau öll jafn vel við og þessi hér:

1 INTERVENTION – The Arcade Fire

Kannski hefur Baumgartner verið logandi hræddur og hugsað með sér rétt áður en hann stökk af hverju enginn hefði gripið inn í og sannfært hann um að hætta við þessa „vitleysu". „I can taste the fear. Gonna lift me up and take me out of here. Don't wanna fight, don't wanna die," syngur Win Butler.

2. ANY OTHER WORLD – Mika

Mika, sem kemur til Íslands í desember, syngur um að kveðja þá veröld sem maður telur sig eiga heima í og sleppa fram af sér beislinu. „Smile like you mean it. And let yourself let go."

3. ON TOP – The Killers

Segja má að Baumgartner hafi verið á toppi veraldarinnar þegar hann lagði af stað í stökkið. „We're on top," syngur Brandon Flowers og ofurhuginn hefði getað sungið með kinkandi kolli.

4. FAREWELL RIDE – Beck

Hvorki textinn né lagið eru sérlega upplífgandi. Samt passar lagið vel við hið frjálsa fall Baumgartners, sem hefði auðveldlega getað verið síðasta ferðalag hans á ævinni. „Two white horses in a line. Carrying me to my burying ground."

5. EVERYONE´S AT IT – Lily Allen

Breska söngkonan syngur um fíkniefnaneyslu allt í kringum sig. Textinn hefði örugglega vakið ofurhugann til umhugsunar um þetta vandamál. Sjálfur var Baumgartner hátt uppi, en ekki sökum fíkniefnaneyslu.

JACK WHITE Baumgartner hefði getað hlustað á Weep Themselves to Sleep með Jack White.

6. WEEP THEMSELVES TO SLEEP – Jack White

Þetta lag hefði getið átt við um vini og ættingja hans ef allt hefði farið á versta veg. Þeir biðu með öndina í hálsinum eftir því að stökkið heppnaðist og sem betur fer gekk allt að óskum. Annars hefðu þeir vafalítið grátið sig í svefn lengi á eftir.

7. STRAIGHT OUTTA COMPTON – NWA

Kröftugt bófarapp sem Baumgartner hefði auðveldlega gleymt sér við að hlusta á í sínu frjálsa falli til jarðar.

8. ROPE – Foo Fighters

Rokk og ról frá David Grohl og félögum í Foo Fighters af þeirra nýjustu plötu. Textinn á vel við þar sem Grohl syngur um að sigrast á þyngdarlögmálinu. „I've been cheating gravity and waiting on the fall."

9. BONZO´S MONTREUX – Led Zeppelin

Þetta trommusóló Johns Bonham hefði getað létt Baumgartner lundina í frjálsa fallinu. Þess má geta að ofurhuginn stökk úr loftfari en Zeppelin er einmitt nefnd eftir Hindenburg-loftfarinu sem fyrirtækið Zeppelin bjó til.

10. EXOGENESIS: SYMPHONY PART 1 – Muse

Þetta epíska lag á vafalítið vel við úti í geimi. Viðlagið er einnig uppfullt af tilvistarlegum spurningum sem Baumgartner hefði getað spurt sjálfan sig að á leiðinni: „Who are we? Where are we? When are we? Why are we in here?" **freyr@frettabladid.is**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS



ÞRIÐJUDAGUR: **2 DAYS IN NEW YORK (L)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **SUNDIÐ (L)** 18:00, 20:00 ■ **HREINT HJARTA (L)** 18:00, 20:00 ■ **DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.)** 20:00, 22:00 ■ **COMBAT GIRLS (16) (STRÍÐSSTELPUR)** 22:00 ■ **A SEPARATION (L)** 22:00 ■ **KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14)** 17:20

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

Engar auglýsingar

Ekkert hlé

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

KVIKMYNDAÁRIN 1921 og 1909

Októberdagskráin er samsett úr varðveittum köflum úr sænskri Íslandsmynd frá 1920, sem sýnd var í Nýja Bíói í byrjun ársins 1921. Síðan tekur við Konungskoman 1921 þegar Kristján konungur X. og fjölskylda hans komu í fyrstu Íslandsheimsókn sína. Þá er kvikmynd af fyrsta þúfnabananum, tekin af sama tökumanni seinna um sumarið. Dagskráin endar á stórmerkum atvinnusögumyndum frá árinu 1909, sem sýna skútu- og togveiðar Frakka við Íslandsstrendur í upphafi togaraaldar.

Ljúft og áferðarfallegt rafpopp frá Yagya

Tónlist ★★★☆☆

Yagya

The Inescapable Decay Of My Heart

Kilk Records

Yagya er eitt af listamannsnöfnum Aðalsteins Guðmundssonar. Hann er einn af stóru strákunum í íslenskri raftónlist og hefur einnig sent frá sér efni undir nöfnunum Plastic og Tree. Að auki var hann annar helmingur dúósins Sanasol ásamt Þórhalli í Thule. The Inescapable Decay of My Heart er fjórða plata Yagya í fullri lengd. Fyrst kom hin frábæra Rhythm of Snow árið 2002, Will I Dream During The Process? kom 2006 og svo Rigning 2009. Þrjár fyrstu plötur Yagya voru allar án söngs og höfðu að geyma mjög flotta blöndu af teknói, döbbi og sveimtónlist.

Allar plötur Yagya hafa komið út á vegum erlendra plötufyrirtækja. Nýja platan er engin undantekning, en hún er gefin út af japönsku útgáfunni Kilk. Þetta er tvöföld plata, a.m.k. fyrsta upplag. Á fyrri disknum syngja ýmsir söngkraftar lögin, en á þeim seinni eru sömu lög án söngs. Á meðal söngvaranna eru Elísabet Eyþórsdóttir, Ellen Kristjáns, Esther Talía og Aðalsteinn sjálfur.

The Inescapable Decay Of My Heart er að mörgu leyti mjög vel heppnuð plata. Hljómurinn á henni er óaðfinnanlegur, söngvararnir standa sig ágætlega og umslagið er glæsilegt. Lagasmíðarnar og textarnir eru líka fínir. Ég verð samt að viðurkenna að ég varð fyrir smá vonbrigðum. Þessi silkimjúka og áferðarfallega sungna rafpopptónlist sem einkennir plötuna minnir aðeins of mikið á margar þeirra sveita sem voru áberandi í trip-hop- og downtempo-tónlistinni um og eftir síðustu aldamót. Mér fannst Yagya betri einn og óstuddur og án söngs.

Á heildina litið er The Inescapable Decay Of My Heart mjög vel unnin plata. Það er jákvætt að prófa nýja hluti, en þessi tónlist er ekki jafn sérstök og snertir mann ekki jafn djúpt og tónlistin á fyrri plötunum.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Ljúft og áferðarfallegt rafpopp en ekki sérstaklega frumlegt.

BÍTILL Paul McCartney vill bjarga sjávarskjaldbökum. NORDICPHOTOS/GETTY

Hjálpar skjaldbökum

Sir Paul McCartney hefur bæst í hóp þeirra sem berjast gegn því að sjávarskjaldbökur verði notaðar til manneldis.

Dýraverndunarsamtökin WSPA hafa komist að því að á Caymaneyjum sé starfrækt síðasta manneldisstöðin í heiminum fyrir sjávarskjaldbökur. Dýrin munu vera í útrýmingarhættu og því hefur Bítillinn fyrrverandi lagt lóð sitt á vogarskálarnar í baráttunni þeim til bjargar. „Það er ekkert mannúðlegt við þessa starfsemi. Styðjið WSPA í baráttunni við að stöðva viðskipti með sjávarskjaldbökur," skrifaði McCartney á vefsíðu sína.

Valdi illa

Halle Berry segist hafa staðið sig illa í vali á fyrri kærustum sínum en að hún hafi vandað sig við valið á Olivier Martinez. Þetta segir hún í viðtali við New York Times.

„Ætli Guð hafi ekki viljað bæta smá spennu í líf mitt. Kannski hugsaði hann með sér: „Þessi stúlka getur ekki fengið allt! Ég læt hana fá ónýtan „veljara". En hann er kominn í lag núna," sagði Berry sem á nokkur litrík og erfið sambönd að baki.

Hún trúlofaðist nýverið franska leikaranum Olivier Martinez og á í forræðisbaráttu við barnsföður sinn, fyrirsætuna Gabriel Aubry.

VALDI ILLA Hally Berry segist hafa verið óheppin með valið á fyrri kærasta sínum.



ANÍTA HINRIKSDÓTTIR úr ÍR átti frábært ár og komst í hóp bestu millilengda- og langhlaupara heims á sínum aldri. Hún var á toppi heimslistans í 2.000 metra hindrunarhlaupi í flokki unglinga 17 ára og yngri og í 4. sæti í 800 metra hlaupi. Aníta er á leiðinni í æfingabúðir í Englandi um næstu helgi. Fjölbreytt prógramm er þar í gangi fyrir unga millilengda- og langhlaupara og þjálfara þeirra en í dagskrá námskeiðsins er að finna liðinn „The Icelandic way, Anita Hinriksdottir´s progression". Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari hennar, mun fara yfir feril Anítu sem hefur vakið mikla athygli.

Hef ekki gaman af fótbolta lengur

Veigar Páll Gunnarsson íhugar að flytja aftur heim. Hann hefur misst ástríðuna fyrir fótbolta í Noregi og vill finna gleðina á nýjan leik á Íslandi. Það heillar hann mest að koma heim í uppeldisfélagið, Stjörnuna, en hann segist þó ekki ætla að vera í neinni sjálfboðavinnu þar. Líklega verður hart barist um framherjann.

FÓTBOLTI „Það er nú ekki rétt sem kom fram í norskum fjölmiðlum að ég sé að spá í að hætta í fótbolta. Það er samt mikið til í því að ég sé að íhuga að koma heim til Íslands eftir tímabilið. Þar ætla ég að spila fótbolta," sagði Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk.

Hann er búinn að vera atvinnumaður í Noregi og Frakklandi síðustu átta ár. Mikið hefur gengið á hjá honum síðustu misseri. Hann fékk lítið að spila hjá Vålerenga og fór því aftur til Stabæk þar sem honum leið vel. Svo lenti hann í því að vera miðdepillinn í mesta hneykslismáli norska boltans í áraraðir. Veigar gerði reyndar ekkert af sér sjálfur heldur voru það forráðamenn liða sem voru að selja hann milli liða sem gerðu sig seka um glæpsamlegt athæfi.

„Það eru margir mismunandi neikvæðir hlutir sem hafa verið í gangi. Það hefur leitt til þess að ég hef misst áhugann sem þarf til þess að vera atvinnumaður. Ástríðan er farin og ég hef ekkert gaman af þessu lengur. Það verður að viðurkennast," sagði Veigar en hann segir að ástandið sé þó mun skárra hjá Stabæk en það var hjá Vålerenga.

„Mér finnst ég þurfa að breyta til eftir að hafa verið lengi hérna. Ég tel að með því að fara aftur heim muni ég finna aftur gleðina í boltanum og njóta lífsins á nýjan leik."

Framherjinn segir að hann vilji líka koma aftur heim og spila á meðan hann hefur enn eitthvað fram að færa. Hann verður 33 ára á næsta ári.

„Þá er ég enn talinn ungur í boltanum og þá gæti ég kannski átt nokkur góð ár eftir heima. Það yrði jákvætt. Ég hef samt ekki alveg ákveðið mig enn þá en líkurnar eru ansi miklar að ég komi heim."

Þó svo að Veigar hafi ekki gert neitt af sér í hneykslismálinu þá hefur málið óneitanlega snert hann engu að síður.

„Þetta hefur haft áhrif á mig. Þetta er eitt ljótasta mál sem hefur komið upp í norska boltanum. Svo glugga ég í blöðin hérna úti og nánast daglega er mynd af mér og talað um Gunnarsson-málið.

HEIMAHAGARNIR HEILLA Veigar Páll segist helst vilja fara í Stjörnuna en hann ætlar að hlusta á tilboð annarra félaga áður en hann ákveður framtíð sína. NORDICPHOTOS/AFP

Ég hef þurft að fara í yfirheyrslur til lögreglu og þetta hefur skapað vesen sem ég hefði alveg verið til í að vera laus við. Þetta hefur verið hundleiðinlegt."

Í stuttu máli snýst málið um söluna á Veigari frá Vålerenga til Stabæk. Vålerenga keypti Veigar Pál frá Stabæk fyrir eina milljón norskra króna. Með í kaupunum fylgdi kaupréttur á fimmtán ára leikmanni sem var metinn á fjórar milljónir. Með því sparaði Stabæk sér að greiða franska félaginu Nancy tvær og hálfa milljón króna sem það hefði þurft að gera hefði Veigar Páll farið á fimm milljónir. Á endanum fékk Nancy bara hálfa milljón.

Skrifaði undir samning á klósettpappír

Veigar og fjölskylda eru farin að horfa til Íslands og er stemning fyrir því að koma heim. Veigar er uppalinn Garðbæingur en spilaði með KR áður en hann fór út.

> Mig langar mest í Stjörnuna en það er ekki sjálfgefið að ég fari þangað. Ég sætti mig ekkert við tíu krónur á mánuði eða álíka.
>
> **VEIGAR PÁLL GUNNARSSON**
> LEIKMAÐUR STABÆK

Hann skrifaði undir óformlegan samning við stuðningsmenn Stjörnunnar í sumar en heldur hann vatni?

„Þegar maður skrifar undir samning við Silfurskeiðina þá er víst ekki aftur snúið. Við vorum reyndar allir aðeins í því þannig að ég veit ekki hvort hann heldur," sagði Veigar og hló dátt en sú uppákoma átti sér stað fyrir bikarúrslitaleik KR og Stjörnunnar. „Samningurinn er líka örugglega týndur. Ég held þetta hafi verið skrifað á klósettpappír."

Veigar neitar því ekki að óneitanlega sé hann spenntur fyrir því að enda ferilinn hjá uppeldisfélaginu en það sé þó ekki sjálfgefið að hann spili þar.

„Það væri mjög gaman og vonandi gengur það. Mig langar mest í Stjörnuna en það er ekki sjálfsagt að ég fari þangað. Ég sætti mig ekkert við tíu krónur á mánuði eða álíka," sagði Veigar en hann hefur ekki heyrt frá öðrum íslenskum félögum.

Hann er laus allra mála eftir rúman mánuð og gæti verið byrjaður að æfa með íslensku liði eftir áramót.

henry@frettabladid.is

ÓLAFUR KRISTJÁNSSON Leikgreindi ítölsku meistarana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meistaradeildin í fótbolta:

Duga ráðin frá Ólafi í kvöld?

FÓTBOLTI Meistaradeildin fer aftur af stað í kvöld og fer þá fram 3. umferð í riðlum E til H.

Meðal leikja kvöldsins er viðureign Nordsjælland og Juventus á Parken en Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, fékk það verkefni að leikgreina lið Juventus fyrir Danina og er staddur í Danmörku til þess að taka þátt í undirbúningnum. Nú er að sjá hvort ráðin frá Ólafi dugi Dönunum sem hafa tapað tveimur fyrstu leikjum sínum.

Fjórir leikir verða í beinni á Stöð2 Sport í kvöld: Spartak Moskva - Benfica (S2 Sport 16.00), Man. Utd. - Braga (S2 Sport), Barcelona - Celtic (S2 Sport 3)og Shakhtar Donetsk - Chelsea (S2 Sport 4). - óój

LENGJUB. Í KÖRFU

Njarðvík-Valur 102-69 (49-44)
Stigahæstir: Maciej Baginski 18, Elvar Már Friðriksson 17, Hjörtur Hrafn Einarsson 14, Kristján Sigurðsson 14 - Chris Woods 28 (11 frák.), Rúnar Ingi Erlingsson 12 stoðsendingar.

Þór Þ.-ÍR 100-76 (54-40)
Stigahæstir: Benjamin Smith 26, Darrell Flake 20, Emil Karel Einarsson 14, Darri Hilmarsson 14, Robert Diggs 12 (11 frák.) - Eric Palm 17, Nemanja Sovic 17, Hjalti Friðriksson 11, Hreggviður Magnússon 11.

Hamar-Snæfell 78-89 (33-46)
Stigahæstir: Jerry Hollis 27, Hjalti Valur Þorsteinsson 11 - Jay Threatt 21, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 15, Sveinn Davíðsson 12, Asim McQueen 12.

Grindavík-Skallagrímur 104-79 (44-52)
Stigahæstir: Samuel Zeglinski 22, Aaron Broussard 21, Ómar Örn Sævarsson 18, Jóhann Árni Ólafsson 17, Þorleifur Ólafsson 13 - Carlos Medlock 21, Haminn Quaintance 18 (13 frák.), Trausti Eiríksson 11.

INGIMUNDUR NÍELS 31 mark í 86 leikjum fyrir Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslandsmeistarar styrkja sig:

Ingimundur og Tillen til FH

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH létu heldur betur til sín taka á leikmannamarkaðnum í gær því tveir hafa samið við lykilmenn úr öðrum Pepsi-deildar félögum. Þetta eru þeir Ingimundur Níels Óskarsson hjá Fylki og Sam Tillen hjá Fram.

Auk þessa endurnýjuðu FH-ingar samninga við Einar Karl Ingvarsson (3 ár), Emil Pálsson (2 ár) og Hólmar Örn Rúnarsson (1 ár).

Ingimundur Níels átti flott tímabil með Fylki, var með 10 mörk og 6 stoðsendingar í 21 leik og hreppti bronsskóinn. Þetta er annað árið í röð sem markahæsti leikmaður Fylkis fer í FH en Albert Brynjar Ingason gekk til liðs við liðið í fyrra.

Sam Tillen kom hins vegar að undirbúningi ellefu marka Fram úr bakvarðarstöðunni (5 stoðsendingar). - óój

Sólveig Ásta Bergsdóttir þurfti að skipta um félag til þess að komast í Evrópumeistaraliðið í hópfimleikum:

Fékk stjörnur í augun fyrir tveimur árum

HÓPFIMLEIKAR Sólveig Ásta Bergsdóttir er ein af Evrópumeisturunum í hópfimleikum sem fengu flotta móttökuathöfn í gær. Enda allar með gullpening um hálsinn eftir frábæra helgi á Evrópumeistaramótinu í Danmörku þar sem A-lið og unglingalið kvenna unnu bæði gull. Fyrir tveimur árum vann Sólveig brons með unglingaliðinu en hjálpaði nú A-liðinu að verja Evrópumeistaratitilinn.

„Við unnum fyrir þessu og áttum þetta skilið," segir Sólveig skælbrosandi í móttökunni í gær. „Ég var í unglingaliðinu á síðasta Evrópumóti og við tókum bronsið. Við horfðum þá á fyrirmyndirnar okkar verða Evrópumeistarar og ég fékk bara stjörnur í augun," segir Sólveig Ásta. Hún þurfti að hafa fyrir því að komast í Evrópumeistaraliðið. „Þetta er búin að vera barátta frá því í júní," segir Sólveig. Hún viðurkennir að það fari kannski of mikill tími í þessar æfingar enda tóku þær 112 æfingar fyrir mótið.

„Þetta er í raun allt of mikið og maður ætti að eyða þessum tíma í að læra eða gera eitthvað annað en þetta var miklu meira spennandi og miklu skemmtilegra."

BANKA Á DYRNAR Stelpurnar í unglingalandsliðinu unnu líka gull og halda A-landsliðsstelpunum við efnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska liðið átti titil að verja en það reyndi á hópinn eftir að hlutirnir gengu ekki alveg upp í undanúrslitunum og liðið var ekki með bestu einkunn inn í úrslitin. „Við drifum okkur upp á hótel og fengum ekki að sjá úrslitin. Við sáum að þetta var ekki okkar dagur og vorum búnar að heyra að Svíarnir hefðu átt gallalausan dag. Ég fékk baráttukveðjur að heiman þar sem stóð að það væri nýr dagur á morgun. Þá vissi ég að við hefðum ekki tekið þetta á föstudeginum," rifjar Sólveig upp.

„Við hófum bara nýja keppni á nýjum degi og það skilaði okkur árangri. Þetta var sætari sigur svona og þetta var bara okkar dagur," segir Sólveig. Hún sér fyrir sér nokkrar sem gætu fetað í hennar fótspor og komist í A-liðið.

„Í unglingaliðinu eru nokkrar sem ég var að keppa með fyrir tveimur árum og það er gaman að sjá hvað þær eru komnar nálægt okkur. Það eru að koma svo ótrúlega margar sterkar inn og það verður eflaust harðari barátta að komast inn í næsta landslið," segir Sólveig. Hún þurfti samt að skipta úr Stjörnunni í Gerplu til að fá að keppa með A-landsliðinu.

„Ég þurfti að skipta um félag því það var búið að ákveða að Gerpla yrði landsliðið. Ég sé alls ekki eftir því í dag og ég þekkti líka allar þessar stelpur í Gerpluliðinu. Það var ekkert mál að skipta og ánægjulegt að fá að taka þátt í þessu og æfa með svona flottum stelpum," sagði Sólveig að lokum. - óój

KSÍ
Miðasala á
midi.is
kr. 1.000 fyrir
17 ára og eldri
Ókeypis fyrir
16 ára og
yngri
UMSPIL EM KVENNA 2013
ÍSLAND - ÚKRAÍNA
Á FIMMTUDAG KL. 18:30
STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STELPUNUM OKKAR!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!
Alltaf í boltanum með KSÍ
BORGUN
Lengjan
ICELANDAIR
Coca-Cola

dagskrá

> Stöð 2 Sport kl. 15.55
Meistaradeild Evrópu

Stöð 2 Sport sýnir beint frá fjórum leikjum í Meistaradeild Evrópu í dag. Fjörið hefst klukkan 15.55 með leik Spartak Moskva og Benfica en klukkan 18.00 tekur Þorsteinn J. við með upphitun fyrir leiki kvöldsins. Manchester United tekur á móti portúgalska liðinu Braga á Old Trafford og verður leikurinn sýndur á Stöð 2 Sport kl. 18.30. Á sama tíma er viðureign Barcelona og Celtic á Sport 3 og leikur Shakhtar Donetsk og Chelsea á Sport 4. Þorsteinn J. sýnir síðan svipmyndir úr öllum leikjum kvöldsins klukkan 20.45.

Í KVÖLD

Chuck
Fimmta og síðasta þáttaröðin um Chuck Bartowski sem hefur á síðustu fimm árum breyst úr venjulegu nördi yfir í þrælflottan leyniþjónustumann, með hina bráðhuggulegu Söruh upp á arminn.
Höfundur: Josh Schwartz og Chris Fedak. **Aðalhlutverk:** Zachary Levi, Yvonne Strahovski og Joshua Gomez.
74/100 | IMDb 8,0 | 20.55

America's Next Top Model
Átjánda þáttaröð raunveruleikaseríunnar. Í þessari þáttaröð var breskum og bandarískum stelpum blandað saman og dramað varð enn meira en áður.
Höfundur: Tyra Banks, Ken Mok og Kenya Barris. **Dómarar:** Tyra Banks, Adrianne Curry og Yoanna House.
IMDb 5,4 | 20.25

Gulliver's Travels
Lemuel Gulliver vinnur við að skrifa um ferðalög. Starfið leiðir hann til Bermúda og hann endar á eyjunni Liliput. Allir íbúar eyjunnar eru pínulitlir og þeir leggjast á eitt við að handsama risann sem villtist inn í landið þeirra.
Leikstjóri: Rob Letterman. **Aðalhlutverk:** Jack Black, Emily Blunt og Jason Segel.
Rotten Tomatoes 21% | IMDb 4,8 | BÍÓ 14.10

Broen
Lokaþátturinn af fyrstu þáttaröð dansk-sænska myndaflokksins um lögreglufulltrúana Martin Rohde og Sögu Norén. Þau vinna saman að því að finna morðingjann eftir að lík finnst á Eyrarsundsbrúnni.
Aðalhlutverk: Sofia Helin, Kim Bodnia og Dag Malmberg.
IMDb 8,4 | RÚV 22.20

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

14.45 Útsvar (Seltjarnarnes - Vestmannaeyjar) (e)
15.50 Íslenski boltinn (e)
16.30 Ástareldur (Sturm der Liebe)
17.20 Teitur
17.30 Sæfarar
17.41 Skúli skelfir
17.53 Kafað í djúpin
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Nigella í eldhúsinu (1:13) (Nigella: Kitchen) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 360 gráður Skyggnst inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni. Umsjónarmenn eru Einar Örn Jónsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.
20.45 Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
21.25 Krabbinn (8:10) (The Big C III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
➤ **22.20 Brúin** (10:10) (Broen) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.20 Sönnunargögn (5:16) (Body of Proof II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
00.05 Kastljós (e)
00.35 Fréttir
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

10.55 Time Traveler's Wife
12.40 Delgo
➤ **14.10 Gulliver's Travels**
15.35 Time Traveler's Wife
17.25 Delgo
18.55 Gulliver's Travels
20.20 Hot Tub Time Machine
22.00 Wargames: The Dead Code
23.40 Anna Nicole
01.10 Hot Tub Time Machine
02.50 Wargames: The Dead Code

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm In The Middle (18:22)
08.30 Ellen (26:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (163:175)
10.15 The Wonder Years (23:24)
10.40 How I Met Your Mother (12:24)
11.05 Suits (7:12)
11.50 The Mentalist (6:24)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (7:24)
13.25 So You Think You Can Dance (13:15)
14.45 Sjáðu
15.20 iCarly (20:45)
15.45 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (27:170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm In the Middle (20:22)
19.45 Modern Family (20:24)
20.05 Modern Family (20:24)
20.30 Anger Management (5:10) Glæný gamanþáttaröð með Charlie Sheen í aðalhlutverki sem fjallar um Charlie Goodson, sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrum eiginkonu sinnar.
➤ **20.55 Chuck** (2:13)
21.40 Veep (8:8)
22.10 Weeds (13:13)
22.40 The Daily Show: Global Edition (34:41)
23.05 2 Broke Girls (24:24)
23.30 Up All Night (12:24)
23.55 Drop Dead Diva (5:13)
00.40 True Blood (12:12)
01.35 The Listener (11:13)
02.15 Tideland
04.10 Modern Family (20:24)
04.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

15.25 Meistarad. Evrópu: Fréttaþáttur
15.55 Meistaradeild Evrópu: Spartak Moskva - Benfica BEINT
18.00 Þorsteinn J. og gestir: Upphitun
18.30 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Braga BEINT
20.45 Þorsteinn J. og gestir: Meistaramörkin
21.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Celtic
23.20 Meistaradeild Evrópu: Shakhtar Donetsk - Chelsea
01.10 Þorsteinn J. og gestir: Meistaramörkin

SPORT 2 *enski boltinn*

14.35 West Ham - Southampton
16.20 Tottenham - Chelsea
18.05 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Sunderland - Newcastle
20.45 QPR - Everton
22.30 Football League Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
23.00 Sunnudagsmessan
00.15 Liverpool - Reading

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.05 Stubbarnir
09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.50 Lukku-Láki
10.15 Stuðboltastelpurnar
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími
17.00 Ofurhetjusérsveitin
17.20 Sorry I've Got No Head
17.50 iCarly (24:45)

Popptíví

17.05 Simpson-fjölskyldan
17.25 Íslenski listinn
17.50 Glee (5:22)
18.35 Game Tíví Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni-og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann.
19.00 Friends (7:24) Rachel er flutt inn til Phoebe og Joey fær sér bráðhuggulegan meðleigjanda sem hann á erfitt með að daðra ekki við. Súperfyrirsætan Elle MacPherson er í hlutverki Janine, meðleigjanda Joeys.
19.20 Simpson-fjölskyldan (10:22) Hómer fer að fordæmi Flanders og leggst á bæn í von um að líf hans batni. Þegar hann síðan slasar sig á leið úr kirkju kærir hann málið og hefur sjálfa kirkjuna upp úr krafsinu.
19.45 How I Met Your Mother (18:22) Robin er einmana og biður Ted um að kíkja í heimsókn – um miðja nótt.
20.05 The Secret Circle (10:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
20.50 The Vampire Diaries (10:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
21.30 Game Tíví
21.55 The Secret Circle (10:22)
22.35 The Vampire Diaries (10:22)
23.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 Doctors (53:175)
19.00 Ellen (27:170)
19.40 Logi í beinni
20.20 Að hætti Sigga Hall (11:18)
21.00 Spaugstofan
21.25 Ljósvakavíkingar - Stöð 2 (2:5)
22.00 Ellen (27:170)
22.40 Logi í beinni
23.20 Að hætti Sigga Hall (11:18)
23.55 Spaugstofan
00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Dr. Phil (e)
09.35 Pepsi MAX tónlist
15.10 90210 (21:22) (e)
15.55 Kitchen Nightmares (2:17) (e)
16.45 Rachael Ray
17.30 Dr. Phil
18.20 Rules of Engagement (14:15) (e)
18.45 30 Rock (9:22) (e)
19.10 America's Funniest Home Videos (24:48) (e)
19.35 Everybody Loves Raymond (19:25) (e)
20.00 Will & Grace (13:24) (e)
➤ **20.25 America's Next Top Model** (9:13) Ein stúlka er send heim í lok þáttarins.
21.15 GCB (8:10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt. Í suðurríkjunum er kirkjan stór hluti af samfélaginu.
22.00 In Plain Sight (5:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina.
22.45 Secret Diary of a Call Girl (2:8)
23.15 Sönn íslensk sakamál (1:8) (e)
23.45 Crash & Burn (13:13) (e)
00.30 Blue Bloods (7:22) (e)
01.15 In Plain Sight (5:13) (e)
02.05 Everybody Loves Raymond (19:25) (e)
02.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** The McGladrey Classic 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Ryder Cup Official Film 2006 **13.15** Ollie's Ryder Cup (1:1) **13.40** The McGladrey Classic 2012 (2:4) **16.40** LPGA Highlights (17:20) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (37:45) **19.45** BMW Championship 2012 (4:4) **23.10** Golfing World **00.00** ESPN America

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 100,5 Kaninn	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

NÝTT OG ÖFLUGRA FRÍÐINDAKERFI

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR FRÁ SAMSTARFSAÐILUM BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

*Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

SPORT HD

MEISTARADEILDIN

ÓMISSANDI FÓTBOLTAKVÖLD

Í DAG KL. 18.30

SPORT HD
MAN. UTD. - BRAGA

SPORT 3
BARCELONA - CELTIC

SPORT 4
DONETSK - CHELSEA

Á MORGUN KL. 18.30

SPORT HD
B. DORTMUND - R. MADRID

SPORT 3
ARSENAL - SCHALKE

SPORT 4
AJAX - MAN. CITY

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

ÞORSTEINN J. OG GESTIR
UPPHITUN FYRIR LEIKINA HEFST KL. 18.00
OG MEISTARAMÖRKIN STRAX AÐ LEIK LOKNUM

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EÐA Á STOD2.IS

Domino's Pizza

BJB Aukin þjónusta

EVRÓPUDEILDIN

STÓRLEIKIR Á FIMMTUDAG

SPORT HD **KL. 16.55**
MARIBOR - TOTTENHAM

SPORT HD **KL. 19.00**
LIVERPOOL - ANZHI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

DRYKKURINN

„Gin og tónik, Tangueray að sjálfsögðu, með fullt af klaka og fullt af lime. Uppáhalds.“

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikkona og markaðs- og kynningarfulltrúi hjá Sagafilm.

Hlaut þýsk barnabókaverðlaun

„Þessi verðlaun eru bæði jákvæð og dýrmæt fyrir ferilinn minn, tengslanet og framtíðarverkefni. Þau geta opnað ýmsar dyr bæði á Íslandi og erlendis,“ segir Rán Flygenring. Hún hlaut þýsku barnabókmenntaverðlaunin á bókamessunni í Frankfurt fyrr í mánuðinum fyrir teikningar sínar í bókinni Frerk, du Zwerg!.

Verðlaunin, Deutsche Jugendliteraturpreis, hafa verið veitt árlega frá árinu 1956 og eru með virtustu barnabókaverðlaununum í Þýskalandi. „Árlega eru gefnar út yfir 8.000 barnabækur í Þýskalandi svo samkeppnin er mikil. Það voru sex bækur tilnefndar í okkar flokki svo það er varla hægt að segja að verðlaunin hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti, en spurð fyrir fram hefði ég líklega veðjað á einhvern reyndari,“ segir Rán. Frerk, du Zwerg! er skrifuð af þýska rithöfundinum Finn-Ole Heinrich og aðspurð hvort hún og Finn-Ole stefni á áframhaldandi samstarf segir hún þau vera með ýmislegt á prjónunum.

Rán er nú stödd í Simbabve, en hún hefur verið á faraldsfæti frá því í ársbyrjun. „Sem sjálfstætt starfandi teiknari get ég unnið hvaðan sem er svo lengi sem ég hef aðgang að interneti. Ég reyni að nýta mér þau fríðindi óspart. Það mætti kannski segja að ég reki eins konar ferðaskrifstofu, í óhefðbundnum skilningi þess orðs. Stundum er ég svo heppin að geta unnið verkefni á staðnum og hér í Simbabve mun ég meðal annars heimsækja barnaþorp SOS og teikna með krökkunum þar,“ segir ævintýramanneskjan Rán að lokum. - trs

MIKILL HEIÐUR Deutsche Jugendliteraturpreis eru með virtustu barnabókaverðlaununum í Þýskalandi og því mikill heiður fyrir Rán og Finn-Ole að hafa hlotið þau. Hér er Rán að taka við verðlaununum úr hendi stjórnmálamannsins Lutz Stroppe. MYND/JOSÉ POBLETE

Winter Sun til Evrópu

Önnur breiðskífa tónlistarmannsins Snorra Helgasonar, Winter Sun, kemur út í Þýskalandi, Austurríki og Sviss á föstudaginn. Það er plötuútgáfan Pop-Up Records sem stendur að útgáfunni en Sindri Már Sigfússon, úr Sin Fang og Seabear, stjórnaði upptökum á plötunni.

Winter Sun fékk prýðisgóðar viðtökur hér á landi er hún kom út fyrir rúmlega ári. Platan fékk fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins og sögð ein af betri plötum ársins 2011.

Í tilefni af útgáfunni heldur Snorri í tónleikaferðalag um Austurríki, Þýskaland og Sviss í desember. Með honum í för verður úrval íslenskra tónlistarmanna á borð við bassaleikarann Guðmund Óskar Guðmundsson, úr Hjaltalín og Tilbury, og Sigurlaugu Gísladóttur, betur þekkt sem Mr. Silla, en hún syngur og spilar á úkúlele. Tónleikaferðalagið hefst í Hamborg þann 3. desember og lýkur í Bremen þann 16. desember. - áp

Í ÚTRÁS Plata Snorra Helgasonar, Winter Sun, kemur út í Austurríki, Þýskalandi og Sviss á föstudaginn.

FORFALLIN Magdalena Dubik tónlistarkona prófaði að kafa í fyrsta sinn í sumar og er nú forfallinn aðdáandi íþróttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MAGDALENA DUBIK: ALDREI HAFT TÍMA FYRIR „HOBBÍ“ ÁÐUR

Smituð af kafarabakteríu

„Ég var í fríi á Grikklandi í sumar og ákvað að prófa köfun í eitt skipti. Mér fannst þetta svo ofsalega gaman að ég vildi komast strax aftur út í og ákvað því að skrá mig á námskeið og taka köfunarréttindi. Þegar ég kom heim tók ég réttindi fyrir þurrgalla og svo fór ég aftur út í haust til að kafa meira,“ segir Magdalena Dubik fiðluleikari sem var smituð af kafarabakteríunni í sumar. Síðan þá hefur hún stundað köfun af miklu móð, bæði hér heima og erlendis.

Aðspurð segir Magdalena að það sé einstök tilfinning að vera neðansjávar. „Það er svo magnað að geta verið svona lengi neðansjávar og andað. Það fylgir þessu líka mikil kyrrð og ró. Þegar maður kemst svo loks yfir það hvað þetta er allt saman magnað þá getur maður betur einbeitt sér að þessum ókunnuga heimi, litadýrðinni og dýra- og plöntulífinu.“

Hún stundar íþróttina eins oft og hún hefur tíma til og kafar oftast með öðrum félagsmönnum úr Sportkafarafélagi Íslands. „Ég hef aldrei haft tíma fyrir „hobbí“ áður því ég var alltaf á fullu í skólanum og í tónlistinni. Það er skemmtilegt að uppgötva eitthvað nýtt sem manni finnst geðveikt gaman að gera.“

Magdalena kveðst ætla að stunda köfun áfram næstu árin og hefur hægt og rólega verið að kaupa sér þann búnað sem þarf til að stunda íþróttina. „Ég er ekki alveg komin með allt, það er mikið sem þarf að kaupa. En maður sankar græjunum að sér hér og þar og fær svo lánað það sem vantar upp á.“

Fyrir utan köfunina sinnir Magdalena tónlistinni enn þá auk þess sem hún vinnur hjá fyrirtækinu Andrá sem sér um að framleiða og dreifa Penzimi og öðrum vörum sem búnar eru til úr þorskensímum. „Ég vinn, spila á fiðlu, tek að mér einstaka fyrirsætuverkefni og kafa þess á milli,“ segir hún að lokum glaðlega.

sara@frettabladid.is

REYNA AÐ SLÁ HEIMSMET Í FJÖLKÖFUN

Viðburðurinn Divers Night fer fram í áttunda sinn þann 1. nóvember næstkomandi. Viðburðurinn gengur út á að kafarar víðs vegar um heiminn séu á kafi á nákvæmlega sama tíma. Met var sett árið 2009 þegar 2.749 kafarar voru á kafi á sama tíma í 218 vötnum í tuttugu löndum. Stefnt er að því að slá metið í ár klukkan 20.12 þann 1. nóvember. Íslenskir kafarar ætla að vera á kafi í Silfru á þessum tíma.

Magdalena kveðst ætla að taka þátt í fjölköfuninni í ár. „Þeir stefna á að setja heimsmet í fjölköfun og ég ætla klárlega að vera með,“ segir hún spennt.

Nýtt leikverk um stöðu Evrópu

Nýtt leikverk um stöðu Evrópu í dag eftir Jón Atla Jónasson verður frumsýnt í hinu þekkta leikhúsi Schaubühne í Berlín í mars.

„Þetta er sýning sem ég vinn með leikhúsfólki frá Grikklandi og Spáni, þar sem ástandið er hvað verst í augnablikinu,“ segir Jón Atli og á þar við fjármálakreppuna sem þar hefur riðið yfir. Verkið hefur enn ekki fengið nafn en leikstjóri er Falk Richter, einn virtasti leikstjóri og leikskáld Þýskalands.

„Það er verið að sýna verk eftir mig í húsinu, Djúpið, og í framhaldinu sýndu þeir áhuga á að ég myndi skrifa meira fyrir leikhúsið,“ segir Jón Atli, spurður út í tilurð verksins. Þetta verður annað frumsýnda verkið hans á skömmum tíma því Borgarleikhúsið sýnir í lok janúar leikritið Nóttin nærist á deginum.

Jóni Atla er umhugað um að leikrit spyrji spurninga sem skipta máli í samtímanum. „Leikhús á Íslandi þurfa að spyrja sig hvort þau vilja reka afþreyingarleikhús eða samtímaleikhús sem tekst á við mikilvægustu spurningarnar á hverjum tíma. Alveg eins og fólk fær þá pólitík og pólitíkusa sem það á skilið á hverjum tíma, fær fólk líka það leikhús sem það á skilið, nema það kjósi að gera eitthvað annað og breyta því,“ segir hann. „Ástandið er þannig núna að ef við líkjum leikhúsi við heilbrigðiskerfið þá er eins og við séum hætt að gera hjartauppskurði því það er meiri peningur í að stækka brjóst.“ - fb

SÝNIR Í BERLÍN Nýtt leikverk eftir Jón Atla Jónasson verður frumsýnt í Berlín í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VÍMUVARNAVIKA 2012

VIKA 43

22. - 29. október

VIKA 43 - VÍMUVARNAVIKAN ER SAMSTARFSVERKEFNI 22 FRJÁLSRA FÉLAGSHREYFINGA Á ÍSLANDI. MEÐ VÍÐTÆKU SAMRÁÐI ÞEIRRA SKAPAST M.A. GRUNNUR AÐ GÓÐUM ÁRANGRI Í FORVARNASTARFI MEÐAL BARNA OG UNGMENNA.

samstarfsráð um forvarnir

Barnahreyfing IOGT | Biskupstofa | Blátt áfram | SAMFÉS
Brautin - bindindisfélag ökumanna | Heimili og skóli | IOGT á Íslandi
FÍÆT – félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa
FRÆ - félag áhugafólks um forvarnir og heilsueflingu
HIV á Íslandi | ÍSÍ | 0%-samtökin | KFUM-K | Skátarnir
Krabbameinsfélag Reykjavíkur | Kvenfélagasamband Íslands
Vernd - fangahjálp | Samstarfsráð um forvarnir SAMFO
Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum | Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB | UMFÍ | VÍMULAUS ÆSKA – Foreldrahús

CHICKEN STRIPPERS

7 mildir og góðir kjúklingastrimlar úr 100% hágæða kjúklingabringum. Frábærir til að deila. Sósa að eigin vali fylgir.

Verð: 999 kr.

NÝTT!

FIESTA Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano

VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST

NÝTT!

CHICKEN KICKERS

7 gómsætir bitar úr 100% hágæða kjúklingabringum. Ljúffengir og vel kryddaðir! Sósa að eigin vali fylgir.

Verð: 999 kr.

STUFFED CHEESY BREAD

NÝTT!

Fylltir hálfmánar, toppaðir með osti og hvítlauks- og parmesan kryddi. Þrjár ljúffengar fyllingar í boði:

- **MOZZARELLA, SPÍNAT OG PIPAROSTUR**
- **MOZZARELLA, PEPPERONI OG PIPAROSTUR**
- **MOZZARELLA, BEIKON OG JALAPENO**

Verð: 899 kr.

NAMM! Ótal bragðgóðar nýjungar

NÝR HAUST MATSEÐILL

FULLT AF SJÓÐHEITUM OG BRAGÐGÓÐUM NÝJUNGUM

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S 1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP

Domino's Pizza®

PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

FITON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eftirsótt draugasaga

Þrjú íslensk framleiðslufyrirtæki eru að skoða Unu, óútkomna draugasögu **Óttars M. Norðfjörð,** með það í huga að kaupa kvikmyndaréttinn að henni. Bókin er væntanleg um miðjan nóvember. Óttar hefur áður selt kvikmyndaréttinn að skáldsögu eftir sig, því fyrirtækið Zik Zak keypti réttinn að fyrstu glæpasögu hans, Hnífi Abrahams, fyrir fimm árum. Eins og oft gerist með slíkan kvikmyndarétt hefur hann ekki verið nýttur því framleiðsla á myndinni er ekki enn hafin.

Níu hundruð miðar eftir

Níu hundrað miðar eru eftir á tónleika **Jóns Þórs Birgissonar** og félaga í Sigur Rós í Nýju Laugardalshöllinni 4. nóvember. Þegar hljómsveitin stígur á svið verða liðin hartnær fjögur ár síðan hún spilaði síðast hér á landi. Fyrr á þessu ári kom út sjötta hljóðversplata Sigur Rósar, Valtari, og í lok júlí hélt hljómsveitin í tveggja mánaða tónleikaferðalag um Bandaríkin, Asíu og Evrópu þar sem hún spilaði fyrir rúmlega 300 þúsund manns ýmist á tónlistarhátíðum eða eigin tónleikum. Nú þegar hafa rúmlega sex þúsund manns tryggt sér miða á tónleikana 4. nóvember en pláss er fyrir sjö þúsund manns í Nýju Laugardalshöllinni miðað við hvernig tónleikarnir eru settir upp. - fb

Mest lesið vísir

1. Brú Ólafs Elíassonar orðin að dómsmáli í Kaupmannahöfn
2. „Það er kannski verið að eyðileggja líf þessa unga manns“
3. Kínverjar stöðva nektardans við jarðarfarir
4. Stór hrefna reyndist hvalreki fyrir einhverja
5. Hjólreiðamaðurinn var skotinn fyrst

LÆRDÓMSRIT BÓKMENNTAFÉLAGSINS

Fjölbreytt – skemmtileg – fræðandi
Yfir 80 titlar
Nánar á www.hib.is

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

Gerðu gæða- og verðsamanburð

FINNDU MUNINN

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Heilsudýnur og heilsukoddar
Gerið samanburð - finnið muninn
Fullkomin þrýstijöfnun og stuðningur

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur

ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

STILLANLEG HEILSURÚM

PROFLEX
Verð 2x90x200 frá aðeins kr. 349.900
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Tilboðsverð
Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

BOAS
rafdrifnir leðurhægindasófar og stólar

Hægindastóll aðeins kr. 119.900
Hægindasófi aðeins kr. 219.900
Lyftustóll kr. 149.900

BOAS hægindasófar og stólar
Hægindastóll aðeins kr. 89.900
Hægindasófi aðeins kr. 189.900

NÝ SENDING AF HÁGÆÐA SÆNGURVERASETTUM
BOSS HUGO BOSS home
MINE
MENDALE

ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum
Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði
Lúxus húsgögn - Egilsstöðum